FRÉTTABLAÐIÐ

233. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 3. OKTÓBER 2018



Vongóðir eigendur margvíslegra forvitnilegra hluta streymdu með þá í Norræna húsið í síðdegis í gær til að fá mat sérfræðinga á verðmæti gripanna. Þar voru fulltrúar danska uppboðshússins Bruun Rasmussen sem buðu fólki að koma og fá ókeypis mat á hlutum sínum. Engir fjársjóðir virtust í sjónmáli þá stund sem ljósmyndari Fréttablaðsins staldraði við. Þessi mynd reyndist til dæmis vera eftirlíking að dómi sérfræðings. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir úr Norræna húsinu er að finna á +Plús-síðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og**

# Bankasýslan hótaði lögbanni á Arion

**Bankasýsla ríkisins skoðaði alvarlega í byrjun ársins að krefjast lögbanns á arðgreiðslu á hlutabréfum Arion í Valitor til hluthafa. Taldi að bankinn gæti farið á mis við milljarða króna. Kaupþing sagði stuðning ríkisins við málið „nauðsynlegan“.**

**VIÐSKIPTI** Bankasýsla ríkisins íhugaði alvarlega að krefjast þess að sýslumaður legði lögbann á arðgreiðslu á hlutabréfum Arion banka í dótturfélaginu Valitor Holding til hluthafa bankans. Stofnunin taldi arðgreiðsluna brjóta í bága við samningsbundinn rétt ríkisins samkvæmt hluthafasamkomulagi frá 2009.

Þetta kemur fram kemur í minnisblaði sem Bankasýslan skrifaði Bjarna Benediktssyni, fjármála- og efnahagsráðherra, 15. janúar síðastliðinn. Bankasýslan fór þar til í febrúar á þessu ári með 13 prósenta hlut ríkisins í Arion banka.

Í minnisblaðinu, sem Markaðurinn fékk afhent frá ráðuneytinu á grundvelli upplýsingalaga, segir jafnframt að það hafi verið mat Bankasýslunnar að fjárfestahópurinn sem keypti um 30 prósenta hlut í Arion í mars í fyrra – Goldman Sachs og vogunarsjóðirnir Attestor, Och-Ziff og Taconic – hafi „ásælst“ Valitor sérstaklega og „hafi með kaupum sínum á hlutum í Arion þegar farið að huga að því hvernig unnt væri að ná undirtökum í Valitor“.

Í öðru minnisblaði til ráðherra, frá 14. febrúar, segir Bankasýslan að Arion banki gæti verið að fara á mis við 20 til 40 prósent af virði eignarhlutar síns í Valitor með því að greiða hlutabréf sín að stærstum hluta út í formi arðs í stað þess að selja allt hlutafé bankans í Valitor í opnu ferli, líkt og ákjósanlegt væri.



Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslu ríkisins.

Áform meirihluta hluthafa Arion banka, Kaupþings og áðurnefnds fjárfestahóps, um að aðgreina kortafyrirtækið frá bankasamstæðunni áður en kæmi að hlutafjárútboði og skráningu bankans á markað urðu að lokum að engu og réð þar mestu andstaða innan stjórnkerfisins.

Í bréfi sem Paul Copley, forstjóri Kaupþings, skrifaði Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra og Bjarna fjármálaráðherra 14. mars síðastliðinn er tekið fram að stuðningur ríkisins sé „nauðsynlegur“ til þess að tryggja „vel heppnaða aðgreiningu í þessari stöðu“.

Vegna áhyggna stjórnvalda af arðgreiðslunni hefði Kaupþing því breytt afstöðu sinni og styddi ekki lengur áformin.

**– hae, kij / sjá Markaðinn**

## Kurr í kísilveri PCC á Bakka

**STÓRIÐJA** Ólga er meðal starfsmanna PCC á Bakka vegna stjórnarhátta yfirmanna, vinnuaðstöðu og launakjara. Framsýn, stéttarfélag í Þingeyjarsýslum, vinnur nú að samningaviðræðum við PCC.

„Það er alveg rétt að það hefur verið mikil starfsmannavelta hjá fyrirtækinu,“ segir Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður Framsýnar.

Ekki náðist í forstjóra PCC.

**– sa / sjá síðu 4**



Aðalsteinn Árni Baldursson.

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Helgi Tómasson skrifar um eigna- og fasteignaskatta. 8

**SPORT** Þóroddur Hjaltalín, frá Þórsvellinum á Anfield. 10

**TÍMAMÓT** Tímaritið Vikan er 80 ára á morgun og boðar glæsilegt 80 síðna afmælisblað og partý. Það þarf alltaf að vera partý á stórafmælum. 14




**LÍFIÐ** Fasteignir fyrir týnda útrásarvíkinga. 24

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Veður




Austan og norðaustan 13-23 m/s með rigningu eða slyddu. Hvessir S-lands seinnipartinn og síðla kvölds á N-landi og Vestfjörðum. SJÁ SÍÐU 16

# Losna undan kvöðum og dreifa áhættu

**VIÐSKIPTI** „Við fengum einfaldlega tilboð um að skipta bréfum okkar í Sýn fyrir bréf í Högum. Við ákváðum að taka því og losnum þar með undan kvöðum Samkeppniseftirlitsins auk þess að dreifa áhættu í fjárfestingasafni okkar,“ segir Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir, aðaleigandi 365 miðla, um viðskipti félagsins með hlutabréf í Högum og Sýn í gær.

365 miðlar seldu sem kunnugt er tæplega ellefu prósenta hlut sinn í Sýn fyrir tæpa tvo milljarða króna og keyptu ríflega þriggja prósenta hlut í Högum fyrir hátt í 1,8 milljarða króna. Var gengið frá viðskiptunum í gærmorgun, eins og fram kom í frétt á vef Fréttablaðsins í gær.

Fyrir viðskiptin voru 365 miðlar þriðji stærsti hluthafi Sýnar með tæplega 11 prósenta hlut. Félagið eignaðist hlutinn í kjölfar kaupa Sýnar, þá Fjarskipta, á öllum eignum og rekstri 365 miðla, að undanskildum eignum er varða útgáfu Fréttablaðsins og tímaritsins Glamour.



**Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir, aðaleigandi 365 miðla.**

Samkeppniseftirlitið setti meðal annars þau skilyrði fyrir sölunni að innan tiltekins tíma myndu 365 miðlar þurfa að selja hlut sinn í Torgi, útgefanda Fréttablaðsins, eða Sýn

Greint var frá því í síðasta mánuði að 365 miðlar hefðu fengið Kviku banka til þess að kanna áhuga mögulegra kaupenda á Torgi. Ingibjörg segir að söluferli félagsins sé hafið og því verði haldið áfram. „Auðvitað minnkar hins vegar pressan á því máli, enda ekki lengur þörf á að hraða för vegna skilyrða Samkeppniseftirlitsins,“ segir hún. **– kij**

## Stál í stál á rauðu ljósi



Allharður árekstur þriggja bíla varð á gatnamótum Háaleitisbrautar og Kringlumýrarbrautar laust eftir klukkan tvö í gær. Þrír voru fluttir á sjúkrahús að sögn varðstjóra en ekki virtust hafa orðið alvarleg slys á fólki. Svo vildi til að myndatökumaður frá Stöð 2 náði myndskeiði af árekstrinum og sést ljóslega á því að bíl var ekið gegn rauðu ljósi inn í hlið bíls sem síðan kastaðist á þann þriðja sem beið handan gatnamótanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Undrast Viðreisn

**REYKJAVÍK** Sjálfstæðismenn í borgarstjórn Reykjavíkur undrast að Viðreisn hafi ekki stutt eitt kosningaloforða sinna á fundi borgarstjórnar í gær.

Sjálfstæðismenn lögðu til að sama upphæð skattpeninga fylgdi hverju barni í skólakerfinu óháð rekstrarformi grunnskólans. Þetta þýddi að ekki mætti innheimta skólagjöld. „Það kom mér í opna skjöldu þegar þau treystu sér ekki til að samþykkja tillöguna,“ segir Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, um afstöðu Viðreisnar sem hafi talað fyrir valfrelsi í skólastarfi og að nýta einkaframtakið við menntun.

Hildur segir tillöguna hafa átt að tryggja börnum jöfn tækifæri til að sækja ólíka grunnskóla og leikskóla borgarinnar. Í dag þurfi sjálfstæðir leikskólar og grunnskólar að innheimta hærri gjöld en þeir borgarreknu. „Þannig verður efnahagur foreldra að ákvarðandi forsendu við skólaval. Þetta skapar misskiptingu.“ **– sa**




# Strandaglópar Primera gramir eftir gjaldþrotið

**Óánægja er meðal þeirra sem áttu flug heim til sín með Primera Air en eru nú strand. Fólk reynir að galdra fram pening til að kaupa miða heim. Heimsferðir flytja hundrað farþega sem áttu miða með Primera Air heim til Íslands.**

**SAMGÖNGUR** Fjölmargir sem áttu flugmiða á milli Bretlands og Norður-Ameríku með Primera Air hafa lýst yfir óánægju sinni á samfélagsmiðlum og í viðtölum við erlenda fjölmiðla vegna gjaldþrots flugfélagsins.

Strandaglópar kvarta yfir skorti á upplýsingum fyrir og eftir að tilkynnt var um gjaldþrot á mánudaginn.

Hin kanadíska Angela Dorau sagði við BBC að hún væri föst í París með eiginmanni sínum. Þau væru á ódýru vegahóteli að reyna að galdra fram pening fyrir farinu heim. Annar viðmælandi BBC, neminn Pavithra Priyadarshini, sagðist fyrst hafa frétt að flugi hennar til Lundúna hefði verið aflýst þegar hún kom á flugvöllinn.

Töluverða reiði hefur einnig mátt greina á Twitter. Bretinn Larry Litzgerald kvartaði þar yfir því að hann hafi verið í röð inn í vélina þegar fluginu var aflýst og sagði einfaldlega „drepið mig“. Hin breska Lindsay Learns sagðist hafa lent í sömu stöðu en Nikki Luxford sagðist miður sín. Flugfélagið hefði eyðilagt draumafríið.

Eigandi Primera Air og forstjóri er Andri Már Ingólfsson en flugfélagið er hins vegar skráð í Danmörku og með höfuðstöðvar þar. Danskir miðlar hafa sýnt málinu mikinn áhuga.

DR fjallaði til að mynda um að fyrirtækið Flyhjælp, sem sérhæfir sig í að framfylgja bótakröfum farþega flugfélaga, hafi sýslað með kröfur rúmlega 4.000 farþega Primera Air sem muni líklega aldrei fá bæturnar.




**Margir farþegar Primera komust ekki á milli Bretlands og Norður-Ameríku í gær. Andri Már Ingólfsson er forstjóri fyrirtækisins.** SAMSETT MYND/FRÉTTABLAÐIÐ

**» Hvorki náðist tal af framkvæmdastjóra né forstjóra Primera Air í gær.**

Ferðaskrifstofan Heimsferðir, systurfélag Primera Air, flytur þá farþega til Íslands sem Primera Air átti að flytja, hafi viðkomandi keypt miða sinn í gegnum ferðaskrifstofuna. Í samtali við Ríkisútvarpið sagði Tómas Gestsson framkvæmdastjóri að vel hafi tekist að leysa úr málum þeirra hundrað farþega sem þáðu boð ferðaskrifstofunnar. Fimmtíu komu til landsins frá Alicante í gær og jafnmargir frá Tenerife í dag.

Hlutabréf í Arion banka lækkuðu um 5,76 prósent í gær. Má rekja lækkunina til þess að bankinn upplýsti að hann muni tapa allt að 1,8 milljörðum króna á falli Primera Air. Flugfélagið var þó ekki nafngreint í tilkynningu bankans.

Hvorki náðist í Andra Má, forstjóra Primera Air, né Hrafn Þorgeirsson framkvæmdastjóra við vinnslu fréttarinnar.

SMÁRALIND




**ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM**

SKOÐAÐU TILBOÐIN Á SMARALIND.IS

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

# Hafna því að viðbúnaður vegna smitsjúkdómfaraldurs sem slæmur

**HEILBRIGÐISMÁL** Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir tekur ekki undir þau orð smitsjúkdómalæknisins Magnúsar Gottfreðssonar að Ísland sé furðu illa búið undir næstu spænsku veiki. Mikil vinna hafi verið unnin undanfarin ár til að vera viðbúin heimsfaraldri inflúensu.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá sóttvarnalækni á vef landlæknis. Með yfirlýsingunni er brugðist við fullyrðingum Magnúsar í frétt í Fréttablaðinu í gær og í leiðara Læknablaðsins.Þar var fullyrt að birgðastöðu nauðsynlegra lyfja væri ábótavant og að í venjulegu árferði sé Landspítalinn yfirfullur „og því knúinn til að lýsa yfir viðbúnaðarstigi vegna minni háttar aukningar á álagi“.



Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir Landlæknisembættisins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Sóttvarnalæknir telur nauðsynlegt að leiðrétta ýmislegt sem fram kemur í frétt Fréttablaðsins og ritstjórnargrein Læknablaðsins. Á undanförnum árum hefur mikil vinna verið innt af hendi af sóttvarnalækni og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra í samvinnu við ýmsa aðila í þjóðfélaginu við gerð viðbragðsáætlunar gegn heimsfaraldri inflúensu,“ segir í yfirlýsingunni.

Mikilvægt sé að hafa í huga að ekki sé hægt að dæma viðbrögð við alvarlegum farsóttum út frá aðbúnaði á Landspítala einum heldur einnig viðbrögðum sem áætluð séu í samfélaginu öllu. Til séu birgðir af nauðsynlegum lyfjum og vökva í rúman ársfjórðung, veirulyf fyrir 40 þúsund manns og bóluefni fyrir tæplega helming íbúa landsins. – jóe



Neyð ríkir í Palau. NORDICPHOTOS/AFP

## Látnum fjölgar enn í Indónesíu

**INDÓNESÍA** Tala látinna á indónesísku eyjunni Sulawesi hækkar enn eftir 7,5 stigs jarðskjálfta og flóðbylgju fyrir helgi.

Í gær greindu yfirvöld frá því að tala látinna stæði í 1.347. Áður hafði verið sagt að 844 hefðu látist. Borgin Palu varð afar illa úti og stór hluti hinna látnu fannst þar. Vegna erfiðleika í björgunarstarfi er búist við að tala látinna hækki enn.

Í Palu er skortur á matvælum, eldsneyti og vatni. Bílalestir mannúðarsamtaka með vistir komu til borgarinnar í fylgd hermanna og lögreglu í gær. – þea

## Ungmenni sjást á upptökum

**LÖGREGLUMÁL** Stjórnendur Laugalækjarskóla hafa afhent lögreglu upptökur úr eftirlitsmyndavélum skólans. Á þeim má sjá ungmenni við staðinn þar sem eldur kom upp í álklæðningu á skólanum í fyrrinótt. Því leikur grunur á að kveikt hafi verið í skólanum.

Allt tiltækt slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu var kallað út um klukkan hálf tvö vegna eldsins sem bundinn var við klæðninguna. Greiðlega gekk að slökkva og fór skólastarf fram með eðlilegum hætti í gær. Bókasafni og upplýsingamiðstöð skólans var þó lokað tímabundið vegna reyks. – jóe

# Óánægja starfsmanna á Bakka með vinnustaðarmenninguna

**Kjarasamningur verkamanna hjá PCC rennur út um mánaðamótin. Framsýn hefur áhyggjur af vinnustaðarmenningu, stjórnunarstíl yfirmanna, samskiptum og hárri starfsmannaveltu. Ekki hefur gengið að standsetja seinni ofn kísilverksmiðjunnar.**



Mikil starfsmannavelta er hjá kísilverksmiðju PCC á Bakka sem gangsett var í apríl í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**STÓRIÐJA** Ólga er meðal starfsmanna PCC á Bakka með stjórnarhætti yfirmanna, vinnuaðstöðu sína og launakjör. Framsýn, stéttarfélag í Þingeyjarsýslum, vinnur nú að samningaviðræðum við PCC og hefur áhyggjur af starfseminni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur verið mikil starfsmannavelta upp á síðkastið hjá kísilmálmfyrirtækinu og hefur fjöldi manns bæði hætt störfum sjálfviljugur hjá fyrirtækinu og nokkrum verið sagt upp. Af þeim nýju einstaklingum sem hafa komið til starfa er meirihlutinn frá Eistlandi.

Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður stéttarfélagsins Framsýnar í Þingeyjarsýslum, segir málið alvarlegt og unnið sé að því að fá fund með starfsmönnum um miðjan mánuðinn.

„Það er alveg rétt að það hefur verið mikil starfsmannavelta hjá fyrirtækinu. Við erum að fara að funda með starfsmönnum eftir rúma viku þar sem við förum yfir stöðuna. Við erum að undirbúa kjarasamningsgerð þar sem bráðabirgðakjarasamningur rennur út um áramótin,“

> Undanfarið hafa skjólstæðingar okkar verið ósáttir við stjórnunarstílinn.
>
> Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður stéttarfélagsins Framsýnar í Þingeyjarsýslum



segir Aðalsteinn Árni. „Við höfum óskað eftir breytingum á kjarasamningnum. Einnig vitum við af starfsmannaveltu og óánægju sem hefur verið undirliggjandi og það þarf að laga.“

Þar vitnar Aðalsteinn Árni til óánægju starfsfólks með samskipti við yfirmenn og að nokkur kurr sé í starfsfólki. „Við höfum áhyggjur af þessu og þess vegna höfum við verið í sambandi við stjórnendur og óskað eftir því að það yrði tekið á ákveðnum málum til að búa til vinnufrið,“ segir hann.

Fréttablaðið reyndi að ná í nýjan forstjóra PCC, Jökul Gunnarsson, en án árangurs. Hann tók við af Hafsteini Viktorssyni um miðjan mánuðinn. Ekki hefur gengið vel að gangsetja báða ofna kísilbræðslunnar og eru áform uppi um að fullum afköstum verði náð fyrir jól.

Aðalsteinn Árni segir mikilvægt að bæta þá vinnustaðarmenningu sem hefur ráðið ríkjum hjá PCC.

„Ef mannlegu samskiptin eru ekki í lagi þá er þetta í ólagi. Það hefur verið kurr í starfsmönnum yfir ýmsu og menn hafa viljað kalla eftir breytingum á vinnuaðstöðu, launakjörum og vaktafyrirkomulagi en einnig samskiptum við yfirmenn. Undanfarið hafa skjólstæðingar okkar verið ósáttir við stjórnunarstílinn,“ segir formaður Framsýnar í Þingeyjarsýslum.
sveinn@frettabladid.is


SMÁA LETRIÐ
Linda Vilhjálmsdóttir

★★★★
„... ljóðin eru sterk. Þau bíta. Taka í hjartað. Heiðarleg og grimm. Kaldhæðin og hlý.“
ÓLÍNA KJERÚLF ÞORVARÐARDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„... Viðkvæm en samt svo sterk.“
KATRÍN LILJA JÓNSDÓTTIR / LESTRARKLEFINN






1.
Metsölulisti Eymundsson
Ljóðabækur, 26. sept.- 2. okt.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16 | www.forlagid.is

# BEINT Í HJARTASTAÐ!




VILDARVERÐ: 8.399.-
Verð: 11.999.-

Reykjavík um 1900




VILDARVERÐ: 4.499.-
Verð: 6.499.-

Galdra-Manga




VILDARVERÐ: 2.799.-
Verð: 3.999.-

Stúlkan með snjóinn í hárinu




VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð: 4.999.-

Beint í ofninn

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Húsavík - Garðarsbraut 9

Framúrskarandi fyrirtæki

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 4. október eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Amazon lætur undan þrýstingi

**BANDARÍKIN** Tæknirisinn Amazon tilkynnti í gær að lágmarkslaun starfsmanna fyrirtækisins í Bandaríkjunum yrðu framvegis fimmtán Bandaríkjadalir, eða um 1.700 krónur. „Við höfum hlustað á gagnrýnendur okkar. Íhugað vandlega framhaldið og ákveðið að við viljum taka þetta skref. Við erum spennt fyrir þessari breytingu og hvetjum samkeppnisaðila og aðra stóra vinnuveitendur til þess að slást í lið með okkur,“ sagði Jeff Bezos, forstjóri og ríkasti maður heims, í tilkynningu.



Jeff Bezos, forstjóri Amazon.

Amazon tilkynnti einnig að fyrirtækið myndi berjast fyrir því að bandaríska þingið hækkaði lágmarkslaun á landsvísu. Benti á að síðast hafi þau verið hækkið fyrir nærri áratug. Eins og stendur eru lágmarkslaun samkvæmt alríkislögum 7,25 dalir. Ríki geta þó sett sín eigin lög um lágmarkslaun. Til að mynda eru þau hærri í Kaliforníu, 11 dalir, en lægri í Georgíu, 5,15 dalir.

Gagnrýnendurnir sem Bezos vitnar þarna til eru einna helst Bernie Sanders, óháður öldungadeildarþingmaður, og Ro Khanna, fulltrúadeildarþingmaður Demókrata. – þea

# Nóbel fyrir leysigeisla

**VÍSINDI** Bandaríkjamaðurinn Arthur Ashkin, Frakkinn Gérard Mourou og Kanadamaðurinn Donna Strickland hljóta Nóbelsverðlaun í eðlisfræði í ár. Um þetta tilkynnti Nóbelsnefndin í gær. Þríeykið hlýtur verðlaunin fyrir uppgötvanir á sviði leysigeislaeðlisfræði.

Strickland er þriðja konan til að fá verðlaunin og sú fyrsta í rúmlega hálfa öld. Maria Goeppert-Mayer hlaut verðlaunin árið 1963 og Marie Curie árið 1903. Í umfjöllun BBC kom fram að verðlaunin séu veitt nú stuttu eftir að eðlisfræðingur flutti umdeildan fyrirlestur á öreindafræðitilraunastofu CERN í Genf þar sem hann sagði að eðlisfræði ætti uppruna sinn að rekja til vinnu karlmanna og að þeim væri nú mismunað innan greinarinnar.

Þetta eru önnur Nóbelsverðlaunin sem veitt eru í vikunni. Á mánudag var tilkynnt að James P. Allison og Tasuku Honjo hlytu verðlaunin í flokki læknisfræði fyrir rannsóknir á krabbameini. – þea

# Brasilískir bændur vilja Bolsonaro í forsetastólinn

**BRASILÍA** Þrýstihópur brasilískra bænda lýsti í gær yfir stuðningi við framboð Jairs Bolsonaro til forseta. Í tilkynningu frá þrýstihópnum sagði að hann myndi sameinast um að tryggja að „spilltir frambjóðendur“ kæmust ekki til valda. Samkvæmt Reuters eru áhrif hópsins töluverð þar í landi.

Hinn mjög svo umdeildi og íhaldssami Bolsonaro mælist með tíu prósentustiga forskot á sinn helsta keppinaut samkvæmt könnun sem Ibope birti í gær. 31 prósent




Jair Bolsonaro á fjölda stuðningsmanna í Brasilíu. NORDICPHOTOS/AFP

sagðist mundu kjósa Bolsonaro í fyrstu umferð kosninganna en 21 prósent hyggst kjósa Fernando Haddad, frambjóðanda Verkamannaflokksins.

Fái enginn frambjóðandi meirihluta atkvæða mun þurfa að kjósa aftur á milli tveggja efstu. Samkvæmt könnun Ibope myndu Bolsonaro og Haddad báðir fá 42 prósenta fylgi svo ljóst er að önnur umferð kosninga gæti orðið afar spennandi. Í síðustu könnun mældist Bolsonaro með 38 prósent gegn 42 prósentum Haddads og er því að sækja á.

Bolsonaro hefur í gegnum tíðina vakið athygli fyrir umdeildar skoðanir. Árið 2015 sagði hann að konur og karlar ættu ekki að fá jöfn laun vegna þess að konur verða óléttar. Þá hefur hann verið kenndur við andúð á samkynhneigðum. Í viðtali við Playboy árið 2011 sagði hann að hann væri ófær um að elska samkynhneigðan son og bætti við að hann myndi frekar vilja að sonur sinn léti lífið í slysi. – þea

# Katalónar þjarma að Sánchez

**Aðskilnaðarsinnar hóta að fella spænsku ríkisstjórnina fái Katalónar ekki rétt til að ákveða eigin framtíð. Forseti héraðsstjórnarinnar gagnrýndur vegna mótmæla mánudagsins. Lýðflokkurinn krefst afsagnar.**

**SPÁNN** Quim Torra, forseti héraðsstjórnar Katalóníu, hélt stefnuræðu á héraðsþinginu í gær þar sem hann krafðist þess að spænski forsætisráðherrann Pedro Sánchez samþykkti að haldin yrði atkvæðagreiðsla í héraðinu um sjálfsákvörðunarrétt þess til að lýsa yfir sjálfstæði. Torra setti Sánchez frest fram í nóvember. Hann sagði að ef Sánchez féllist ekki á kröfuna gætu sjálfstæðissinnar ekki lofað því lengur að styðja ríkisstjórn hans. Tveir katalónskir flokkar aðskilnaðarsinna á spænska þinginu verja Sósíalistaflokk Sánchez vantrausti, Esquerra og PDeCAT. Án þeirra er meirihluti á móti ríkisstjórninni.

„Það er nauðsynlegt fyrir Sánchez að skuldbinda sig til þessa. Við höfum verið þolinmóðari í garð ríkisstjórnarinnar en almenningur hefur krafið okkur um. Fólk úr okkar röðum er pólitískir fangar, í útlegð og þúsundir hafa verið sóttar til saka,“ sagði Torra og bætti því við að þolinmæði aðskilnaðarsinna væri senn á þrotum.

Ekki eru þó allir Katalónar á sama máli og Torra. Xavier Garcia Albiol, leiðtogi Lýðflokksins (PP) í Katalóníu, kallaði í gær eftir afsögn forsetans. Ástæðuna sagði hann vera mótmæli sem áttu sér stað fyrir utan þinghúsið á mánudagskvöld. Mótmælendur lentu þá í átökum við katalónsku lögregluna. Torra hafði sagt þeim að setja þrýsting á stjórn sína í ræðu sem hann flutti sama dag. Á mánudag var ár liðið frá atkvæðagreiðslu um sjálfstæði Katalóníu sem dró dilk á eftir sér og leiddi meðal annars til þess að spænska þingið var leyst upp og héraðsstjórnin sótt til saka. Þeir Katalónar sem mættu á kjörstað sögðu langflestir já við sjálfstæði en kjörsókn var tæpur helmingur.



Quim Torra hélt stefnuræðu sína þegar katalónska þingið kom saman eftir sumarfrí í gær. NORDICPHOTOS/AFP

## Hafna hæstarétti

Katalónska héraðsþingið hafnaði í gær úrskurði hæstaréttar Spánar um að vísa skyldi Carles Puigdemont, fyrrverandi forseta héraðsstjórnarinnar, og fimm öðrum sem ákærð hafa verið fyrir uppreisn gegn spænska ríkinu, af þingi. Reuters greindi frá því að þingmönnunum sex verði gert heimilt að leyfa staðgengli að greiða atkvæði fyrir sig, enda eru viðkomandi á flótta utan Spánar.

Aðskilnaðarsinnaflokkarnir tveir sem mynda meirihlutann á þinginu studdu tillöguna og það gerði CatECP, sem styður hvorki né hafnar sjálfstæði, einnig. Sambandssinnar greiddu þó atkvæði gegn tillögunni og sögðu að það væri ekki hlutverk katalónska þingsins að vega og meta úrskurði hæstaréttar.

Albiol sagði að Lýðflokkurinn myndi skriflega fara fram á afsögn Torra í vikunni. Hann kallaði jafnframt eftir því að Sánchez sliti öll samskipti við héraðsstjórnina.

Borgaraflokkurinn, stærsti stjórnarandstöðuflokkur Katalóníu, hefur kallað eftir því að síðanefnd þingsins fordæmi „umsátrið“ um þinghúsið. Formaður flokksins á landsvísu, Albert Rivera, sagði svo að Torra hefði kynt undir starfsemi „ofstækismanna“ og kallað eftir því að ráðist væri gegn ríkinu.

thorgnyr@frettabladid.is






## ÓDÝRT OG GOTT

**Þrjú slátur duga í u.þ.b. níu máltíðir fyrir fjögurra manna fjölskyldu ef allt hráefnið er notað og bæði gerð lifrapylsa og blóðmör.**

Heilslátur 3 stk
**3.899** kr/pk

Heilslátur 5 stk
**5.899** kr/pk

Heilslátur 3 stk án blóðs
**3.699** kr/pk

Heilslátur án blóðs 5 stk
**5.699** kr/pk

Frosið heilslátur 3 stk
**3.899** kr/pk

Frosið heilslátur 5 stk
**5.999** kr/pk

Frosið heilslátur 3 stk með próteinkeppum og mör
**5.799** kr/kg

Eistu
**629** kr/kg

Dilkanýru
**429** kr/kg

Dilkalifur
**399** kr/kg

Dilkahjörtu
**599** kr/kg

Þindar
**449** kr/kg

Blóð
**219** kr/lítri

Próteinkeppir 10 stk
**1.349** kr/pk

Mör
**179** kr/kg

Brytjaður mör u.þ.b. 3 kg
**259** kr/kg

Sviðahausar
**629** kr/kg

Kalóneraðar vambir 3 stk
**1.299** kr/pk

24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP Meira svona alla daga



Áhugasamir stilltu sér upp í röð í Norræna húsinu áður en sérfræðingar Bruun Rassmussen hleyptu fólki inn til að meta antíkmuni, skartgripi og annað sem það hafði meðferðis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Úr fórum fólks

Séfræðingar danska uppboðshússins buðu upp á ókeypis verðmat listmuna, frímerkja, skartgripa, bóka og slíkra muna í Norræna húsinu í gær.



Alls kyns skruddur virðast til á heimilum Íslendinga ef marka má þær sem sérfræðingarnir blöðuðu í gær.



Nokkur frímerkjasöfn rötuðu til skoðunar í Norræna húsinu í gær.



Margir komu með málverk til skoðunar.



Gamlir ermahnappar voru grannskoðaðir af sérfræðingunum.

# Stöðnun



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Í októbermánuði beinum við sem fyrr sjónum að krabbameini hjá konum. Árlega greinast að meðaltali 764 konur með krabbamein, sé miðað við tímabilið 2012 til 2016. Af þeim greinast að meðaltali í kringum 211 konur með brjóstakrabbamein á ári hverju.

Krabbameinsfélag Íslands, sem hefur um árabil verið brautryðjandi í krabbameinsskimunum, skoðunum og skrásetningu krabbameina, sækir nú fé til almennings undir formerkjum Bleiku slaufunnar til að efla starfsemi sína enn frekar.

Miklar framfarir hafa átt sér stað í meðhöndlun krabbameins síðustu áratugi, þar sem eldri aðferðir hafa verið meitlaðar með hjálp nútímatækni og nýjar aðferðir, eins og ónæmismeðferðir, hafa litið dagsins ljós og blásið nýju lífi í rannsóknir sem áður fyrr þóttu ekki vænlegar til ávinnings. Um leið búum við nú yfir þeirri þekkingu sem þarf til að taka skynsamlegri ákvarðanir um lífsstíl okkar og umhverfi.

Það er hins vegar ógerningur að ætla sér að ræða um krabbamein hjá íslenskum konum án þess að horfa til erfðabreytunnar BRCA2; þeirrar erfðabreytu sem mest áhrif hefur á ævilengd Íslendinga. Í kringum 72 prósent líkur eru á að kona sem ber stökkbreytingu í BRCA2 fái krabbamein í brjóst eða eggjastokka, en þegar horft er til allra tegunda krabbameins eru líkurnar 86 prósent. Krabbamein af völdum BRCA2 felur í sér auknar líkur á meinvörpum. Slík krabbamein myndast hjá mun yngri konum. Þau eru erfiðari viðureignar og kostnaðarsamari.

Þessi hópur sem ber hina íslensku stökkbreytingu í BRCA2 er ekki stór, en við getum að öllum líkindum fundið þessa arfbera. Slíkt er einsdæmi í heiminum. Hins vegar er fátt sem gefur til kynna að vilji sé til að ráðast í slíkt verkefni. Niðurstaða nefndar um meðferð erfðaupplýsinga var á þá vegu að einstaklingurinn þurfi sjálfur að óska eftir þessum upplýsingum, aðeins sú aðferð rúmist innan lagarammans. Íslensk erfðagreining reið á vaðið, opnaði vefgáttina arfgerd.is, og með nokkuð fyrirsjáanlegum hætti var aðsóknin dræm.

Nefndin kallaði eftir því að Embætti landlæknis hefði yfirumsjón með þessu verkefni, en ekkert hefur heyrst frá embættinu um málið annað en það að heppilegra væri að opinberir aðilar stæðu í slíkri upplýsingagjöf. Í drögum að krabbameinsáætlun til ársins 2020, sem enn er í vinnslu, er lagt til að velferðarráðuneytið leggi línurnar um hvernig beri að ná til arfbera BRCA-stökkbreytinga.

BRCA2 er óvenju skaðleg stökkbreyting sem óneitanleg eykur verulega líkurnar á lífshættulegu krabbameini. Það er ekki raunin með flestar aðrar erfðabreytur. Vegna skaðsemi sinnar er hún háð öðrum lögmálum. Hingað til – eftir langa og þvælda umræðu, sem almenningur hefur átt merkilega litla aðkomu að – hefur okkur ekki tekist eiga uppbyggilegt samtal þar sem hagsmunir og heilsa einstaklinga og afkomenda þeirra eru höfð að leiðarljósi. Auðnist okkur það ekki er það einkenni annars og jafnvel alvarlegri sjúkdóms en krabbameins: stöðnunar.

**Í kringum 72 prósent líkur eru á að kona sem ber stökkbreytingu í BRCA2 fái krabbamein í brjóst eða eggjastokka.**



Draumaferðin Jakobsvegur

Mundo er sönn ánægja að boða til kynningarfundar um ferðir á Jakobsveginn á Spáni árið 2019.

Kynningarfundurinn verður haldinn fimmtudaginn 4. október, kl. 20:00 í Dómkirkjunni í Reykjavík.

Hlökkum til að sjá ykkur!

MUNDO www.mundo.is

Mundo Ferðaskrifstofa Eiðistorg - 170 Seltjarnarnes

## Halldór




## Frá degi til dags

**Ríkisskattstjóri siðar víkinga**

**Ríkisskattstjóri neitar að skrá nýstofnaðan Víkingaflokk samsæriskenningasmiðsins Axels Péturs Axelssonar sem félag með kennitölu nema víkingurinn lagfæri ýmis formsatriði. Heimili og varnarþing félagsins er vikingaflokkurinn.is sem skatturinn bendir á að sé ekki hægt og vill fá Axel Pétur með sinn flokk í raunheima. Einnig er fundið að því að Axel Pétur er, sem stjórnarformaður, einráður í stjórnmálaflokknum og félagsaðildin því of lokuð. Þá er bent á að stjórnarmenn verða að vera í það minnsta þrír og því þurfi Axel Pétur að fjölga þeim. Það ætti að reynast einfalt þar sem Axel Pétur segir þó nokkra þegar hafa skráð sig í hinn óskráða flokk.**

**Góði drengurinn Svæk**

**Góði dátinn Svejk hefur lifað í vitund þjóðarinnar áratugum saman sem lifandi persóna í krafti þýðingar Karls Ísfelds á samnefndri skáldsögu Jaroslavs Hašek. Þrátt fyrir að nafnmyndin teljist ekki dregin af íslenskum orðstofni samþykkti mannanafnanefnd nýlega „Svæk“ sem millinafn þar sem nafnmyndin geti talist hafa unnið sér menningarhelgi á Íslandi og „brýtur ekki í bága við íslenskt málkerfi“. Tilkynni, herra höfuðsmaður, að millinafnið Svæk er samþykkt og skal nafnið fært á mannanafnaskrá.** thorarinn@frettabladid.is

# Nei, ég vann ekki í lottóinu



Helgi Tómasson
prófessor í hagrannsóknum og tölfræði

Mér er sagt að fasteignamat húss míns í Reykjavík sé nú 68 milljónir króna og verði 79 á næsta ári. Er ég þá orðinn 11 milljónum ríkari? Það er óvarlegt að treysta því. Að minnsta kosti væri galið að ákveða aukaeyðslu byggða á þessum 11 milljónum. Þetta gera þó sveitarfélög sem líta svo á að skattstofn þeirra hafi stækkað sem þessu nemur, aukið skattheimtu og varið þeim fjármunum í rekstur. Það er fjarstæðukennt að sveitarstjórnum sé leyft að hækka skatta með sjálfvirkum hætti á tímum hækkandi fasteignaverðs og nota tekjuaukann til að réttlæta aukin útgjöld. Bankar freistast til að lána meira vegna dýrari eigna og kaupendur húsnæðis taka hærri lán.

Það er í tísku að tala um ójöfnuð og samkvæmt þessu hefur munurinn á mér og þeim sem taka lán og kaupa fasteign aukist. Þetta er þó enn sama húsið og ég átti í byrjun árs, þjónusta sveitarfélagsins við húsið óbreytt og tekjur mínar hafa ekki aukist til að standa skil á fasteignaskattinum. Skattbyrði mín er því þyngri. Ég er ekki einn í þessu. Fjöldi einstaklinga og fyrirtækja stendur frammi fyrir ófyrirsjáanlegum duttlungakenndum skattahækkunum vegna óheppilegra reglna um útreikning fasteignaskatta.

Það er fráleitt að nota sveiflukennt eignaverð sem skattstofn. Eignarskattar eru óskynsamlegir og langflest Evrópuríki hafa afnumið þá. Frakkar voru lengi síðustu þrjóskupúkarnir. Danir og Svíar hafa, eftir miklar eignaverðshækkanir, afnumið matsvirði eigna sem skattstofn í fasteignagjöldum. Svíar hafa fasta hámarksupphæð til að standa straum af kostnaði sveitarfélaga við fasteignaeigendur og Danir nota matsvirði frá 2001 eða 2002. Regla Dana er kannski ekki til fyrirmyndar en hún er alla vega fyrirsjáanleg. Sumir stjórnmálamenn vilja taka til í skattkerfinu og gera það einfaldara og skilvirkara. Nú er upplagt tækifæri fyrir þá að útrýma eignatengdum sköttum í eitt skipti fyrir öll og binda það í stjórnarskrá.

**Það er fráleitt að nota sveiflukennt eignaverð sem skattstofn. Eignarskattar eru óskynsamlegir og langflest Evrópuríki hafa afnumið þá.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Loftslag, land og mannauður – skorað á umhverfisráðherra



Ólafur Arnalds
prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands

Loftslagsbreytingar eru alvarlegasta umhverfisvá samtímans ásamt hnignun auðlinda jarðar. Talið er að um fjórðungur losunar gróðurhúsalofttegunda tengist nýtingu landsins og hnignun vistkerfa. Á fáum svæðum jarðar finnast vistkerfi í jafn slæmu ástandi og á Íslandi. Endurheimt vistkerfa er því meðal mikilvægustu aðgerða á sviði loftslagsmála sem hægt er að að grípa til hérlendis, svo sem landgræðsla, skógrækt og endurheimt votlendis. Endurheimtin bætir jafnframt lífsviðurværi og tengist flestum af umhverfismarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Mikilvægt er að aðgerðir í þágu loftslagsmála byggi á faglegri þekkingu. Mesta innspýtingin til eflingar mannauðs á sviði gróðurverndar, landgræðslu og landnýtingar kom í kjölfar „Þjóðargjafarinnar“ svokölluðu árið 1974, en stór hluti best menntaða fólksins á þessum sviðum þróaði sína fagþekkingu í erlendum háskólum í kjölfar hennar. Þessi mannauður er einmitt eitt það verðmætasta sem „Þjóðargjöfin“ gat af sér þegar litið er til lengri tíma. Nú grisjast óðum sá hópur sökum aldurs.

Annað mikilvægt skref til eflingar mannauðs var tekið þegar ríkisstjórnin hóf átaksverkefni til að binda kolefni með landgræðslu og skógrækt fyrir síðustu aldamót, en þá var hluti fjárins helgaður rannsóknum. Sú ákvörðun kostaði þó fortölur og mikil átök, enda skyldi fjármagninu vera varið í framkvæmdir, en „ekkert kjaftæði“ eins og einn þingmaðurinn orðaði það á sínum tíma. En skynsemin náði yfirhöndinni, rannsóknir á kolefnisbindingu í jarðvegi voru hafnar, sem skilaði heldur betur sínu – án þeirra rannsókna sem þá hófust væri landgræðsla t.d. ekki viðurkennd bindingarleið til að vega upp á móti losun gróðurhúsalofttegunda. Úr varð rannsóknahópur og þekking sem gat fóstrað núverandi starf á þessu sviði.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja umtalsverða fjármuni til að binda kolefni í vistkerfum og til að endurheimta auð þeirra um leið, m.a. með landgræðslu og vistheimt, endurheimt votlendis og skógrækt, samkvæmt metnaðarfullri „Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030“. Þetta er afar mikilvæg, nauðsynleg og ánægjuleg þróun. En það er jafnframt grundvallaratriði að byggja upp mannauð á sama tíma, innviði til rannsókna og þekkingu á þeim ferlum sem liggja að baki. Framkvæmdagleðin er okkur eðlislæg en hún getur borið okkur ofurliði. „Bókhald“ um bindinguna og vöktun nægir ekki til langframa, bókhaldið verður að standast stranga rýni erlendra vísindamanna og endurskoðun á alþjóðavettvangi. Þá þarf að gæta þess að framkvæmdir, eftirlit, bókhald og grunnrannsóknir séu ekki allar á sömu hendi, það væri beinlínis slæm stjórnsýsla.

Trauðla verður séð af þeim tillögum sem nú liggja fyrir að vel sé hugað að rannsóknum utan vöktunarverkefna. Samt er það einmitt öflugt rannsóknastarf sem rennir stoðum undir árangurinn og getur um leið skapað alveg ný tækifæri á sviði kolefnisbindingar og vistheimtar, eins og þær leiðir sem nú eru opnar eru dæmi um. Þær byggja á vísindarannsóknum sem spruttu upp úr verkefnum sem þessum.

Skortur á grunnrannsóknum og mannauði í tengslum við þetta átak yrði afskaplega sorgleg niðurstaða. Því skora ég á umhverfisráðherra að huga vel að mannauði og þekkingu við útfærslu á framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Það gæti hæglega orðið verðmætasta fjárfestingin þegar litið er til lengri tíma.

# Upp úr skotgröfunum



Halla Signý Kristjánsdóttir
7. þingmaður NV-kjördæmis

Umræður um laxeldi á Íslandi hafa náð hápunkti sínum síðustu vikur. Það er eins og maður hafi verið að fylgjast með dramatískum framhaldsþætti frá unglingaskóla í Bandaríkjunum. Hver þáttur hefur einkennst af upphrópunum, og atburðarásin snýst alltaf um það sama, en maður horfir samt. Laxeldi er atvinnugrein sem hefur verið stunduð víða um heim í mörg ár. Í nágrannalöndum okkar Noregi og Færeyjum hefur hún náð að þróast í að vera umhverfisvæn matvælaframleiðsla þar sem miklar kröfur eru gerðar.

> **Vestfirðingar hafa löngum verið duglegir við að bjarga sér. Sem betur fer var kerfið ekki komið til sögunnar þegar þeir ýttu úr vör og sóttu björg í bú. Nú ætlar kerfið og hin óskiljanlega umræða að setja strik í reikninginn.**

**Ný atvinnugrein**
Árið 2004 var merk ákvörðun tekin af stjórnvöldum þar sem ákveðið var hvar óhætt væri fyrir umhverfið að stunda fiskeldi. Byrjað var á að loka stærstum hluta strandlengjunnar þannig að eldi var aðeins leyft á hluta Austfjarða, Vestfjörðum og í Eyjafirði. Það var gert til að vernda þær ár þar sem stundaðar eru veiðar á villtum laxastofni landsins. Einnig til að passa upp á hagsmuni veiðiréttarhafa en fyrst og fremst til þess að vernda viðkvæman laxastofn sem hér lifir.

Síðan þá hafa stjórnvöld innleitt strangari reglur í takt við það sem tíðkast erlendis. Enn má gera betur og herða umhverfiskröfur og efla eftirlit, eitthvað sem sum fiskeldisfyrirtæki hafa kallað eftir sjálf. Það er því grátlegt að þegar vilji bæði stjórnvalda og fyrirtækjanna sem stunda þessa framleiðslu er að halda allar ströngustu reglur, skuli uppbyggingin ganga svo brösuglega. Efnahagslegur ábati fyrir þjóðina er svo gríðarlegur, talinn í tugum milljarða þegar þessi framleiðsla verður komin á fullan skrið.

Vestfirðingar hafa löngum verið duglegir við að bjarga sér. Sem betur fer var kerfið ekki komið til sögunnar þegar þeir ýttu úr vör og sóttu björg í bú. Nú ætlar kerfið og hin óskiljanlega umræða að setja strik í reikninginn.

**Raunveruleikaþáttur**
Það er okkur nauðsynlegt að skipta um í gír í umræðunni úr dramatíkinni í raunveruleikaþátt. Þegar um jafnstóra atvinnugrein er að ræða verðum við að leyfa henni að njóta sannmælis. Umræðan þarf að komast upp úr skotgröfunum og í eðlilegan farveg.

Stjórnvöld eiga að tryggja umgjörð sem byggir á ströngum umhverfisreglum og heilbrigðisstuðlum og tryggja að þegar fyrirtæki hafa uppfyllt allar kröfur stjórnvalda, haldi þau leyfi sem gefin eru út. Með ströngu en skilvirku lagaumhverfi getum við skapað framtíðaratvinnugrein grundvöll öllum til ábata.




**Nordic Hydrogen and Fuel Cell Conference 2018**

*Ráðstefna um vetni og efnarafala í samgöngum*

Grand Hótel Reykjavík 9.-10. október 2018
*- tveir hálfir dagar, ráðstefnan fer fram á ensku*

Straumar og stefnur í notkun vetnis í samgöngum

Hvert er hlutverk vetnis í samgöngukerfum?

Dagskrá: www.altenergy.info/#welcome-hfcnordic
Skráning: http://bit.ly/hfcnordic2018

**Making Maritime Applications Greener 2018**

*Ráðstefna um vistvæna orku í haftengdri starfsemi*

Grand Hótel Reykjavík 10.-11. október 2018
*- tveir hálfir dagar, ráðstefnan fer fram á ensku*

Valkostir, tækifæri og áskoranir við vistvæna orku á sjó

Efnarafalar - Hugbúnaður - Metanól - Rafmagn - Vetni

Dagskrá: www.altenergy.info/#welcome-mmag
Skráning: http://bit.ly/mmag18

Hydrogen & Fuel Cells in the Nordic Countries 2018 · Íslensk NýOrka ehf – Icelandic New Energy Ltd. · Nordic Marina – Clean Green Nordic Marine · Græna Orkan – Vistorka í samgöngum · Hafið




Hápunkturinn á dómaraferli Þórodds var þegar hann fékk að dæma leik með Liverpool á hinum sögufræga velli Anfield. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Frá Þórsvellinum á Anfield

**Þóroddur Hjaltalín lauk dómaraferli sínum þegar hann dæmdi sinn síðasta leik hér á landi um helgina. Hann hefur klifið metorðastigann og kveður sáttur en segir ákveðins tómleika gæta á þessari stundu.**

**FÓTBOLTI** Dómaraferli Þórodds Hjaltalín, sem spannar í það heila um það bil 17 ár, lauk um síðustu helgi, það er að segja þá dæmdi hann sinn síðasta deildarleik hér á landi. Þóroddur mun dæma á vegum evrópska knattspyrnusambandsins, UEFA, eftir tvær vikur, en eftir það fer flautan endanlega á hilluna.

Hann hefur dæmt í efstu deild síðan árið 2008 og frá þeim tíma dæmt stórleiki í efstu deild og tvo bikarúrslitaleiki, það er árið 2012 og nú síðast leik Stjörnunnar og Breiðabliks í haust. Hann segir að ákveðin tómleikatilfinning hríslist um líkamann á þessari stundu og hafi raunar gert í aðdraganda síðustu leikja hans í deildinni hér heima.

„Þegar ég gekk upp úr öðrum flokki hjá Þór á sínum tíma þá áttaði ég mig á því að ég væri ekki nógu góður til þess að spila með liðinu. Pabbi var dómari í fremstu röð hér heima á sínum tíma og hann smitaði mig af áhuga á dómgæslunni. Ég fór að dæma leiki hér fyrir norðan og fann það strax að þetta átti vel við mig. Áskell Gíslason aðstoðaði mig

> **Bikarúrslitaleikurinn 2012 var ákveðinn vendipunktur. Ég dæmdi þann leik vel og þá varð ekki aftur snúið.**
>
> Þóroddur Hjaltalín

mikið á fyrstu stigum dómaraferils míns og hvatti mig til þessa að taka landsdómaraprófið,“ segir Þóroddur um fyrstu skref sín í dómgæslunni.

„Þegar ég varð landsdómari var ég í C-flokki og ég setti mér það markmið að vera kominn í A-flokkinn á sex árum. Það gekk næstum því upp tímalega séð og árið 2008 var ég farinn að dæma í efstu deild. Mér gekk vel til að byrja með, en árið 2010 voru erfiðleikar heima fyrir sem höfðu áhrif á frammistöðu mína í dómgæslunni. Sonur minn fór í erfiða aðgerð í Svíþjóð og það hafði eðlilega áhrif á störf mín. Ég leitaði þá aðstoðar hjá Jóhanni Inga [Gunnarssyni] sálfræðingi og það hjálpaði mér mjög mikið,“ segir norðanmaðurinn um þróunina á dómarferli hans.

„Mér var svo falið það að dæma bikarúrslitaleikinn árið 2012 og var sú ákvörðun harðlega gagnrýnd þar sem ég hafði ekki dæmt vel um sumarið. Það var ákveðinn vendipunktur fyrir mig að ná að dæma þann leik vel og eftir það varð ekki aftur snúið. Mér finnst ég hafa dæmt vel undanfarin ár og sumarið 2017 og nýliðin leiktíð vera mín bestu tímabil í dómgæslunni. Ég hef haft gríðarlega gaman af því sem ég hef verið að gera og hlakka mikið til leikja. Mér finnst ég hafa fulla stjórn á því sem ég er að gera og leikirnir fljóta vel hjá okkur. Þá hefur samstarfið við Frosta Viðar Gunnarsson og Eðvarð Eðvarðsson, aðstoðardómara mína, verið með eindæmum gott,“ segir hann um seinni hlutann á dómaraferlinum.

„Ég fékk þann heiður að starfa með Kristni Jakobssyni sem endalínudómari síðustu fjögur árin á dómaraferli hans. Þar fékk ég að dæma leik hjá Liverpool á Anfield í geggjaðri stemmingu, leik með Roma í Rómaborg og heimaleik hjá pólska liðinu Lech Poznan þar sem andrúmsloftið var engu líkt. Þessir leikir koma fyrst upp í hugann ef þú biður mig um hápunktana. Leikmenn á borð við Gunnleif Vigni Gunnleifsson, sem er annálaður heiðursmaður, og Davíð Þór Viðarsson og Hauk Pál Sigurðsson sem eiga í hreinskiptnum og sanngjörnum samskiptum við þig á meðan á leiknum stendur, eru þeir leikmenn sem mér fannst skemmtilegast að dæma hjá,“ segir Þóroddur um hápunktana á dómaraferlinum.

„Það er skrýtin tilfinning að vera að hætta að dæma, en um leið ánægjuleg. Ég stefni að því að rækta fjölskylduna meira en ég hef gert og verja meiri tíma með konunni minni og börnunum mínum fjórum en ég hef gert. Ég mun hins vegar aðstoða tvo unga dómara hér fyrir norðan á næsta keppnistímabili og mun alveg örugglega láta mig dómgæsluna eitthvað varða í framtíðinni,“ segir þessi dómari, sem senn leggur flautuna á hilluna, um framhaldið hjá sér.

**hjorvaro@frettabladid.is**

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**

**Hoffenheim - Man City 1-2**
1-0 Belfodil (1.), 1-1 Agüero (8.). 1-2 D. Silva (87.)

**Juventus - Young Boys 3-0**
1-0 Dybala (5.), 2-0 Dybala (33.). 3-0 Dybala (69.)

**Bayern M. - Ajax 1-1**
1-0 Hummels (4.), 1-1 Mazraoui (22.).

**CSKA M. - Real Madrid 1-0**
1-0 Vlasic (2.),

**Man United - Valencia 0-0**

**AEK Aþena - Benfica 2-3**

**Roma - V. Plzen 5-0**

**Lyon - Shakhtar D. 2-2**



FH-ingurinn Atli Viðar Björnsson.

# Atli Viðar leggur skóna á hilluna

**FÓTBOLTI** Markahrókurinn Atli Viðar Björnsson tilkynnti í gær að hann hefði ákveðið að leggja skóna á hilluna. Atli Viðar, sem varð 38 ára fyrr á árinu, steig fyrstu skref sín í meistaraflokki með Dalvík og eftir að hafa skorað tólf mörk í átján leikjum árið 2000 samdi hann við FH. Lék hann með Hafnfirðingum það sem eftir lifði ferilsins fyrir utan eitt sumar á láni hjá Fjölni í Grafarvoginum árið 2007.

Lék hann 264 leiki fyrir FH í efstu deild, skoraði í þeim 113 mörk og fékk gullskóinn árið 2013 þegar hann skoraði þrettán mörk. Þá lék hann 34 leiki og skoraði tíu mörk í bikarnum og 31 leik fyrir FH í Evrópukeppnum og skoraði í þeim fimm mörk.

Var hann lykilmaður í gullaldarliði FH en hann kveður Hafnarfjörðinn eftir að hafa unnið átta Íslandsmeistaratitla og einn bikarmeistaratitil með liði FH.

Fékk hann tækifæri með A-landsliðinu árið 2009 og lék alls fjóra leiki en tókst ekki að brjóta ísinn í þeim leikjum. **– kpt**



Veitingahúsið Ráin í Keflavík

Vantar góðan þjón (veitingastjóra) í fullt starf.

Upplýsingar:
893 2082 Vífill
852 2083 Mark

Ráin

# Keflavík og Stjörnunni spáð meistaratitlunum

**KÖRFUBOLTI** Árleg spá fyrirliða, forráðamanna og þjálfara fyrir komandi tímabil í körfuboltanum var birt í gær þar sem því var spáð að Stjarnan myndi vinna titilinn í karlaflokki í fyrsta sinn en Keflavík myndi endurheimta titilinn í kvennaflokki. Yrði það sautjándi meistaratitill Keflvíkinga eftir að hafa horft á eftir þeim stóra til Hauka í vor.

Deildarkeppni Domino's-deildar kvenna hefst í kvöld þegar heil umferð fer fram en línurnar virtust nokkuð skýrar samkvæmt spánni. Keflavík og Valur voru í sérflokki á toppi deildarinnar og næstu lið, Snæfell og Stjarnan höfðu talsvert forskot á næstu lið. Er því spáð að þessi fjögur lið fari í úrslitakeppnina og verður áhugavert að sjá leik Keflavíkur og Stjörnunnar í kvöld.

**Dominos-deild karla**

1.Stjarnan
2. Tindastóll
3. Njarðvík
4. KR
5. Keflavík
6. Grindavík
7. ÍR
8. Haukar
9. Valur
10. Þór Þ.
11. Skallagrímur
12. Breiðablik

**Dominos-deild kvenna**

1.Keflavík
2. Valur
3. Snæfell
4. Stjarnan
5. Skallagrímur
6. Haukar
7. Breiðablik
8. KR

Í spánni sigla Skallagrímur og Haukar nokkuð lygnan sjó en Breiðablik og KR munu berjast fyrir lífi sínu við botn deildarinnar. Er það hlutskipti nýliðanna í KR að stoppa stutt í efstu deild ef marka má spána, ári eftir að hafa farið ósigraðar í gegnum deildar- og úrslitakeppni 1. deildarinnar.

Í karlaflokki er því einnig spáð að tvö lið muni berjast um meistaratitilinn, Stjarnan og Tindastóll voru í sérflokki í kosningunni. Bæði bíða þau eftir fyrsta meistaratitlinum og var Stjarnan í fyrsta sæti í kosningunni eftir að hafa skipt um þjálfara og fengið gríðarlegan liðsstyrk fyrir komandi tímabil.

Rætist spáin munu Njarðvík, KR og Keflavík berjast um heimavallarrétt í úrslitakeppninni og Grindavík, ÍR og Haukar fylgja þeim í úrslitakeppnina. Valur og Þór Þorlákshöfn munu svo verða eftir í 9. og 10. sæti deildarinnar.

Í karlaflokki er því einnig spáð að það verði hlutskipti nýliðanna að kveðja Domino's-deildina að tímabilinu loknu, Breiðablik er spáð neðsta sætinu og Skallagrímsmönnum því ellefta. **– kpt**




# TIL HAMINGJU MEÐ SIGURINN

**BREIÐABLIK OG VALUR**



pepsi deildin 2018

# VERÐMÆTIR V

# Landsins mesta

## GERÐU GÓÐ KAUP Á NÝJUM BÍL Í OKTÓBER

*Á Verðmætum vetrardögum BL getur þú gert einstaklega góð kaup á völdum bílum. Tryggðu þér nýjan bíl með veglegum vetrarpakka með spennandi aukahlutum og fyrstu ábyrgðarskoðun þér að kostnaðarlausu. Sölumenn okkar eru bæði sveigjanlegir í samningum og koma þér þægilega á óvart með verðmætum vetrarglaðningi. Komdu í reynsluakstur – þar sem úrval nýrra bíla er mest.*

### RENAULT KADJAR
**Verð frá: 3.790.000 kr.**




### NISSAN QASHQAI
**Verð frá: 3.790.000 kr.**



### FYRSTA ÁBYRGÐARSKOÐUN

*Fyrsta ábyrgðarskoðun fylgir með í kaupunum. Hún viðheldur ekki bara ábyrgð, heldur tryggir hún virkni helstu öryggisþátta.*






### SUBARU FORESTER
**Verð frá: 5.190.000 kr.**

### KERAMIK LAKKHÚÐUN

*Bíllinn verður klár fyrir veturinn með keramik lakkhúðun sem herðir ysta lag lakksins, ver það fyrir rispum og auðveldar þrif bílsins.*



Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

## KOMDU Í REYNSLUAKSTUR


VETRARDAGAR
úrval nýrra bíla!
VEGLEGUR VETRARPAKKI...
• Fyrsta ábyrgðarskoðun
• Keramik lakkhúðun fyrir veturinn
• Gæða vetrardekk
• Vönduð gúmmímotta í skott
... AÐ VERÐMÆTI
300.000 KR.
GÆÐA VETRARDEKK
Nýi bíllinn þinn verður vel búinn og fær í flestan snjó á gæða vetrardekkjum.
DACIA DUSTER
Verð frá: 3.690.000 kr.
Duster
QASHQAI
VÖNDUÐ GÚMMÍMOTTA
Við gefum bleytu og slabbi langt nef og setjum vandaða gúmmímottu í skottið á nýja bílnum þínum áður en þú ekur út.
RENAULT ZOE
Verð frá: 3.750.000 kr.
100% RAFBÍLL
ZOE
ENNEMM / SÍA / NM90147
SÖLUMENN BL TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

## Merkisatburðir

**42** f.Kr. Fyrsta orrustan við Filippí: Þrívaldarnir Markús Antóníus og Oktavíanus börðust gegn morðingjum Caesars, Brútusi og Cassíusi.

**1143** Guido di Castello verður Selestínus 2. páfi.

**1283** Játvarður 1. Englandskonungur lætur í fyrsta skipti beita nýrri tegund líflátsaðferðar þar sem þeir sem dæmdir höfðu verið sekir um landráð voru dregnir, hengdir og hlutaðir sundur (dregnir á aftökustaðinn, hengdir þar til þeir voru nær kafnaðir og síðan hálshöggnir og líkið höggvið í fjóra hluta). Fyrsta fórnarlamb þessarar aðferðar var Dafydd ap Gruffydd, prins af Wales.

**1470** Játvarði 4. Englandskonungi steypt af stóli og Hinrik 6. endurreistur.

**1473** Oddgeirshólareið.

**1542** Gissur Einarsson vígður biskup í Skálholti, tveimur árum eftir að hann tók við biskupsráðum, en ekki mátti vígja hann fyrr þar sem hann mun ekki hafa verið orðinn 30 ára. Hann var fyrsti íslenski biskupinn í lútherskum sið.

**1691** Limerick-sáttmálinn bindur enda á átök milli Vilhjálms og Jakobíta á Írlandi.

**1884** Kristjánsborgarhöll númer tvö brennur.

**1903** Danakonungur samþykkir ákvörðun danska þingsins um heimastjórn á Íslandi. Ákveðið var með konungsúrskurði að Skjaldarmerki Íslands skyldi vera „hvítur íslenskur fálki á bláum grunni, er situr og snýr sér til vinstri“.

**1927** Fyrirtækið Olíuverzlun Íslands (í dag Olís) stofnað.

**1932** Írak fær sjálfstæði frá Bretlandi.

**1933** Félag byltingarsinnaðra rithöfunda stofnað í Reykjavík.

**1973** Bresk herskip yfirgefa 50 sjómílna fiskveiðilögsögu Íslands og var samið við Breta um miðjan október. Samningarnir voru samþykktir á Alþingi þann 13. nóvember.

**1975** Þyrla Landhelgisgæslunnar hrapar í Skálafelli.

**1990** Endursameining Þýskalands: Þýska alþýðulýðveldið lagt niður og sameinað Sambandslýðveldinu Þýskalandi. Dagurinn hefur síðan verið þjóðhátíðardagur Þjóðverja.

**1996** Kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, Djöflaeyjan, frumsýnd.



**Steingerður Steinarsdóttir, ritstjóri Vikunnar, hlakkar til að takast á við komandi afmælisblað.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Vikan orðin áttræð og aldrei verið unglegri

**Tímaritið Vikan fagnar 80 ára afmæli sínu á morgun en þá kemur út veglegt 80 síðna afmælisblað. Ritstjórinn segir tímaritið bera aldurinn vel og sér fram á önnur góð 80 ár.**




**Fyrsta forsíða Vikunnar sem kom fyrst út árið 1938 og innleiddi fjölmargt í blaðamennsku sem ekki þekktist hér áður.**

**Vikan árið 1990. Steingerður segir að Vikan hafi og muni áfram þróast með tíðarandanum.**

Mér finnst Vikan bera aldurinn mjög vel og aldrei hefur Vikan verið unglegri en akkúrat núna. Hún yngist frekar en að eldast,“ segir Steingerður Steinarsdóttir, ritstjóri Vikunnar, en á morgun verður tímaritið 80 ára. Þá kemur út afmælisblað og boðið verður í gleði á Bryggjunni brugghúsi.

„Vikan er mjög merkilegt tímarit. Sigurður Benediktsson stofnar það árið 1938 og Gísli sonur hans tekur við ritstjórn. Síðan hafa komið að þessu blaði margir þekktir einstaklingar. Meðal annarra Jökull Jakobsson, Gísli Ástþórsson og Helgi Pétursson sem ritstjórar sem og Kristín Halldórsdóttir sem var á þingi fyrir Kvennalistann. Við spjöllum við þau meðal annars í afmælisblaðinu og lítum yfir farinn veg.“

Steingerður segir að blaðið hafi verið leiðandi á margan hátt og innleitt margt í blaðamennsku á Íslandi sem ekki var til áður. „Til að mynda var hún gagnvirk frá upphafi og það var hægt að senda blaðinu bréf. Síðan hefur það þróast eins og margt annað en þetta var helsti sálusorgarinn og leiðbeinandi fyrir marga. Stelpur gátu fengið svar við því hvort einhver væri skotinn í þeim ef viðkomandi horfði á þær á ákveðinn hátt eða sagði þetta eða hitt og svo framvegis.“

Steingerður og ritstjórn hennar hafa verið að grúska í gömlum blöðum og litið um öxl á þessum tímamótum. Hún segir að hún hafi farið yfir flest öll blöðin og áttað sig á að hún væri einnig að skoða sögu prentverks á Íslandi. „Myndvinnsla hefur breyst alveg gríðarlega og efnisval og efnistök og allt útlit. Það að fara í gegnum þessa sögu er eins og að fara í gegnum sögu prentverks hér á landi.“

Aðspurð hvort hún sjái önnur 80 glæsileg ár fram undan segir Steingerður að hún geti ekki ímyndað sér annað. „Vikan hefur alltaf getað lagað sig að ríkjandi tíðaranda. En ég efast um að ég verði hér næstu 80 árin,“ segir hún og brosir. **benediktboas@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 3. OKTÓBER 1990

## Þýskaland varð eitt

Þennan dag árið 1990 sameinuðust Þýska alþýðulýðveldið og Sambandslýðveldið Þýskaland. Eftir síðari heimsstyrjöldina var Þýskalandi skipt í tvennt þar sem hernámssvæði Sovétmanna myndaði Þýska alþýðulýðveldið eða Austur-Þýskaland, og hernámssvæði bandamanna (Bandaríkjamanna, Breta og Frakka) myndaði Sambandslýðveldið Þýskaland eða Vestur-Þýskaland.

Með falli Berlínarmúrsins og lokum kalda stríðsins voru ríkin tvö sameinuð á ný. Berlín varð á ný höfuðborg Þýskalands en landið er fjölmennasta ríki Vestur-Evrópu og lykilmeðlimur í Evrópusambandinu.





†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og minningargjafir vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Jóns Ragnars Einarssonar**
Sólheimum 23, Reykjavík.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Erla Elíasdóttir**



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Böðvar Sigurjónsson**
frá Norðurkoti á Eyrarbakka,

lést sunnudaginn 30. september á dvalarheimilinu Sólvöllum á Eyrarbakka. Útförin fer fram frá Eyrarbakkakirkju laugardaginn 6. október kl. 14.

**Dætur, tengdasynir, afa- og langafabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Elínbjörg Kristjánsdóttir**
Boðahlein 22, Garðabæ,

lést á heimili sínu mánudaginn 1. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 3. október 2018

36. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL




# Hótaði Arion banka lögbanni

Bankasýslan íhugaði alvarlega að krefjast lögbanns á arðgreiðslu á hlutabréfum Arion banka í Valitor til hluthafa. Taldi að bankinn gæti farið á mis við milljarða króna. Kaupþing sagði stuðning ríkisins við málið „nauðsynlegan“. » 6-7




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



»2

### Kaupir þrjár Bónusverslanir af Högum

Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sports Direct á Íslandi, er að kaupa þrjár Bónusverslanir af Högum. Til stendur að halda þar áfram verslunarrekstri.

»4

### Framleiðendur verða að vera á tánum

Matvælaframleiðendur eru farnir að gera sér grein fyrir því að þeir verða að fjárfesta í aukinni sjálfvirknivæðingu til þess að dragast ekki aftur úr, segir framkvæmdastjóri fiskiðnaðar Marels.

»8

### Viðbragðsleysi rýrir traust

„Þögn undirstrikar óvissu en útúrsnúningur og tilraun til þess að afvegaleiða umræðu skapar vantraust,“ segir í aðsendri grein Friðjóns Friðjónssonar og Soffíu Sigurgeirsdóttur hjá KOM.



# Heimilt að hækka hlutafé WOW air um helming

Samþykkt var á hluthafafundi WOW air í síðustu viku að heimila stjórn flugfélagsins að hækka hlutafé þess um allt að helming til þess að mæta útgáfu áskriftarréttinda að hlutum í félaginu.

Hluthafafundurinn heimilaði jafnframt stjórn félagsins að gefa út áskriftarréttindi innan næstu fimm ára. Er stjórninni heimilt að hækka hlutafé WOW air – til samræmis við útgefin áskriftarréttindi – um tæplega 81 milljón króna að nafnvirði. Til samanburðar er heildarhlutafé flugfélagsins 162 milljónir króna.

Skúli Mogensen, forstjóri og stofnandi WOW air, er sem kunnugt er eini eigandi flugfélagsins.

Fram kemur í tilkynningu flugfélagsins til fyrirtækjaskrár, sem Markaðurinn hefur undir höndum, að hvorki hluthafar né stjórn muni hafa forgangsrétt að áskrift að nýjum hlutum í félaginu. Er það stjórnin sem ákveður hverjir fá rétt til áskriftar.

WOW air tryggði sér fjármögnun upp á samtals 60 milljónir evra, jafnvirði 7,6 milljarða króna, í skuldabréfaútboði félagsins sem lauk um miðjan síðasta mánuð. Hefur félagið ráðið Arion banka og Arctica Finance til þess að undirbúa skráningu hlutabréfa félagsins innan tólf til átján mánaða, bæði hérlendis og erlendis. **– kij**



**Skúli Mogensen, forstjóri WOW air**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5800**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is



Sjónvarpsdreifikerfi
fyrir hótel, gistiheimili og skip.
ÖREIND – Tengir þig við framtíðina!
Auðbrekku 3 • Kópavogur • s. 564 1660
oreind@oreind.is • www.oreind.is
sart SAMTÖK RAFVERKTAKA

RAFMÓTORAR



SCANVER EHF 588 80 40 www.scanver.is
GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR





**Á meðal þeirra verslana sem Högum var gert að selja var Bónus við Hallveigarstíg.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Sigurður Pálmi kaupir þrjár Bónusverslanir

**Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sports Direct á Íslandi, er að kaupa þrjár Bónusverslanir af Högum. Til stendur að halda þar áfram verslunarrekstri. Sala eignanna á meðal skilyrða Samkeppniseftirlitsins.**

Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sports Direct á Íslandi og annar eigenda Boxins, vefverslunar sem selur mat og aðrar nauðsynjavörur, er að ganga frá kaupum á þremur Bónusverslunum á höfuðborgarsvæðinu af smásölurisanum Högum, samkvæmt heimildum Markaðarins. Til stendur að halda þar áfram sambærilegum rekstri en ekki liggur fyrir undir hvaða merki verslanirnar verða reknar.

Þær Bónusverslanir sem um ræðir eru staðsettar á Hallveigarstíg, í Faxafeni og Skeifunni. Sala á verslunum var á meðal þeirra fjölmörgu skilyrða Samkeppniseftirlitsins sem Hagar samþykktu að undirgangast í síðasta mánuði í tengslum við kaup félagsins á Olís. Þá setti Samkeppniseftirlitið kaupunum einnig þau skilyrði að Högum yrði gert að selja fimm eldsneytisstöðvar Olís og ÓB.

Sigurður Pálmi sagðist aðspurður ekkert geta tjáð sig um viðskiptin í samtali við Markaðinn.

Samningur vegna kaupanna á Bónusverslununum hefur þegar verið undirritaður en Samkeppniseftirlitið vinnur nú að því að meta hæfi kaupenda að eignunum. Vonir standa til að því hæfismati verði lokið í síðasta lagium miðjan nóvember. Í sátt Haga og Samkeppniseftirlitsins er sem dæmi gerð sú krafa að kaupandinn búi yfir „nægjanlegri þekkingu, fjárhagsstyrk og hvata til þess að líklegt sé að hann geti bæði til skemmri og lengri tíma veitt keppinautum umtalsvert samkeppnislegt aðhald“.



**Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson.**

**365**
**milljónir var kaupverðið á 60 prósenta hlut Sigurðar Pálma og fjölskyldu í Sports Direct á Íslandi.**

Sigurður Pálmi stýrði verslun Sports Direct á Íslandi um sex ára skeið en breska íþróttavörukeðjan Sports Direct keypti 60 prósenta hlut Rhapsody Investments, móðurfélags verslunarinnar í Kópavogi, í byrjun þessa árs. Nam kaupverðið um 2,5 milljónum punda, jafnvirði 365 milljóna íslenskra króna, að því er fram kom í ársreikningi bresku keðjunnar fyrir síðasta rekstrarár sem lauk í apríl. Seljendur eignarhlutarins voru Sigurður Pálmi og fjölskylda.

NDS, rekstrarfélag verslunarinnar á Íslandi, hagnaðist um ríflega 135 milljónir á rekstrarárinu frá maí 2016 til apríl 2017 og tvöfaldaðist hagnaðurinn á milli rekstrarára. Þá nam velta NDS tæplega 1.050 milljónum á tímabilinu. Verslun Sports Direct á Íslandi, sem var opnuð árið 2012, var í frétt Sunday Times haustið 2017 sögð sú arðbærasta sem rekin væri undir merkjum Sports Direct en þær eru alls um 700 talsins í 19 Evrópuríkjum.

Sigurður Pálmi er sonur Ingibjargar Pálmadóttur, aðaleiganda 365 miðla, sem meðal annars á og rekur Fréttablaðið. Frá því var greint á vef Fréttablaðsins í gærmorgun að félagið 365 miðlar hefði selt allan hlut sinn í Sýn fyrir tæpa tvo milljarða króna og samtímis keypt ríflega þriggja prósenta hlut í Högum fyrir hátt í 1,8 milljarða. Fyrir viðskiptin voru 365 miðlar þriðji stærsti hluthafi Sýnar með tæplega 11 prósenta hlut.

Félög tengd þeim hjónum Ingibjörgu og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni áttu fyrir kaupin í gær um tveggja prósenta hlut í Högum, einkum í gegnum fjármögnun hjá Kviku banka, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. **hordur@frettabladid.is**

# Merki um versnandi afkomu fyrirtækja

Versnandi afkoma og minnkandi samkeppnishæfni fyrirtækja á Íslandi kemur skýrt fram í nýbirtum tölum embættis ríkisskattstjóra yfir álagningu opinberra gjalda á lögaðila. Þetta segir Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, í samtali við Markaðinn.

Ríkisskattstjóri birti helstu tölur yfir álagningu opinberra gjalda á lögaðila vegna rekstrarársins 2017 í síðustu viku. Stærstu breytingarnar snerta tekjuskatt lögaðila, sem lækkar um 5,6 milljarða króna og tryggingagjald, sem hækkar um 5,9 milljarða króna.

„Tölurnar draga upp mjög skýra mynd. Samdráttur tekjuskatts lögaðila segir okkur að afkoma fyrirtækja hafi heilt yfir verið verri á síðasta ári en hún var á árinu þar á undan. Hækkun tryggingagjaldsins segir okkur að á sama tíma og afkoman versnaði hafi opinberar álögur á fyrirtækin aukist,“ segir Sigurður. „Þetta er ein birtingarmynd þess hvernig hefur dregið úr samkeppnishæfni íslensks efnahagslífs á undanförnum árum.“



**Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins**

Hækkun tryggingagjaldsins, sem er hlutfall af launakostnaði, bendir einnig til þess að launahækkanir undanfarinna ára hafi haft áhrif á afkomu fyrirtækja og að launþegar séu að taka stærri hluta af kökunni en áður. Sigurður telur að þessi þróun mála hafi haldið áfram á árinu 2018.

**Það bendir margt til þess að afkoma fyrirtækja sé heilt yfir lakari í ár en í fyrra.**

„Það bendir margt til þess að afkoma fyrirtækja sé heilt yfir lakari í ár en í fyrra. Við sjáum áframhaldandi þróun í þessa átt sem eru mjög slæmar fréttir fyrir hagkerfið.“

Í fjárlögum er reiknað með að tryggingagjaldið skili ríflega 100,8 milljörðum króna á næsta ári sem er tæplega 3,5 milljörðum krónum meira en á þessu ári, þrátt fyrir boðaða lækkun upp á 0,25 prósentustig. **– tfh**




**segir Halldór Þorkelsson**, framkvæmdastjóri Capacent sem hefur nýtt sér **Flotaleigu Lykils í 4 ár.**

Hjá Capacent á Íslandi starfa um 50 ráðgjafar með víðtæka reynslu á flestum sviðum atvinnulífsins. Þeir vinna að greiningu, mótun og innleiðingu margvíslegra lausna á sviði stjórnunar, ráðninga, rekstrar, fjármála og upplýsingatækni. Capacent nýtir sér Flotaleigu Lykils.

# FLOTALEIGA

## **Lágmarkaðu kostnað** við rekstur bílaflota fyrirtækisins

1. **Við finnum saman bíla** sem henta þínum rekstri.
2. **Lykill** sér um kaup og rekstur bílanna.
3. Þú leigir bílana og nýtur stærðarhagkvæmni Lykils.

Lykill býður fyrirtækjum hagkvæmari leið til að reka bíl en flotaleigan einfaldar allan rekstur og kemur í veg fyrir sveiflur í útgjöldum. Einungis þarf að huga að einni fastri mánaðarlegri greiðslu þar sem dekk, dekkjaskipti, þjónustuskoðanir, smurning, bifreiðagjöld, tryggingar og viðhald er innifalið. Þá losnar þú við alla áhættu og umstang sem fylgir því að selja bíl.

Þjónustuver Lykils minnir viðskiptavini á þegar fara skal með bílinn í þjónustuskoðanir, dekkja- og olíuskipti en allan þann kostnað greiðir Lykill.



Skoðaðu bíla allra bílainnflytjenda á Íslandi í stærsta sýningarsal landsins á **lykill.is/syningarsalurinn.**

Ármúla 1 | 108 Reykjavík | lykill.is | lykill@lykill.is | 540 1700

Lykill fjármögnun

Pipar\TBWA \ SÍA

# Framleiðendur verða að vera á tánum

**Matvælaframleiðendur eru farnir að gera sér grein fyrir því að þeir verða að fjárfesta í aukinni sjálfvirknivæðingu til þess að dragast ekki aftur úr, segir framkvæmdastjóri fiskiðnaðar Marels. Nýjasta tæknin í fiskvinnslugeiranum var kynnt á sýningu Marels í Kaupmannahöfn um daginn.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is







Viðskiptavinir Marels í hvítfiskvinnslu gátu kynnt sér nýjustu tækni í geiranum á sýningu fyrirtækisins í Kaupmannahöfn í síðustu viku. MYND/MAREL

Sigurður Ólason, framkvæmdastjóri fiskiðnaðar hjá Marel, segir að matvælaframleiðendur séu óðum að átta sig á mikilvægi þess að fjárfesta í aukinni sjálfvirknivæðingu ætli þeir sér ekki að dragast aftur úr í samkeppninni.

„Viðskiptavinirnir eru búnir að átta sig á því að þeir verða að taka þetta skref. Þetta sé framtíðin,“ nefnir hann í samtali við Markaðinn. Bæði fleygi tækninni fram og þá kalli hár launakostnaður, eins og til dæmis í Noregi og Alaska í Bandaríkjunum, á aukna sjálfvirknivæðingu.

„Framleiðendur í Alaska,“ útskýrir Sigurður, „geta til dæmis ekki lengur leyft sér að senda aflann til vinnslu í Kína til þess eins að senda hann aftur til baka fullunninn. Í því felst mikil fjárbinding og gríðarlegt kolefnisfótspor. Sjálfvirknivæðingin gerir framleiðendum einnig kleift að hafa vinnsluna nær uppsprettu fæðunnar og markaðinum.“

Á nýmörkuðum, svo sem í Afríku og Suður-Ameríku, fer eftirspurn eftir gæðum vaxandi sem kallar, að sögn Sigurðar, á betri tækjabúnað. Þar vilji fiskvinnslur hins vegar halda fólki í vinnu og leiti því fremur eftir því að sjálfvirknivæða ákveðna þætti í vinnslunni til þess að viðhalda gæðunum. Áherslan sé þannig ólík eftir því um hvaða markaðssvæði sé að ræða.

Marel hélt í síðustu viku sýningu fyrir viðskiptavini sína í hvítfiskvinnslu í sýningarhúsi fyrirtækisins í Kaupmannahöfn og fylgdist Markaðurinn með málum. Hátt í 170 manns frá allt að þrjátíu löndum sóttu sýninguna sem var nú haldin í fjórða sinn.

Sigurður sagði á sýningunni að auka þyrfti matvælaframleiðslu um 50 prósent á næstu 30 árum til að mæta fyrirsjáanlegri fjölgun jarðarbúa. Verkefnið fram undan væri að sjá til þess að það yrðu til matvæli

**Stofnendur Marels hugsuðu það sama fyrir hartnær fjörutíu árum og önnur fyrirtæki í iðnaðinum eru að hugsa um í dag.**

Sigurður Ólason, framkvæmdastjóri fiskiðnaðar hjá Marel



fyrir allan þennan fjölda fólks. Það væri til að mynda hægt með aukinni nýsköpun sem myndi skila aukinni sjálfvirknivæðingu, bættum afköstum, meiri rekjanleika og sjálfbærni.

Aðspurður nefnir hann að á sama tíma og mæta þurfi aukinni eftirspurn eftir fæðu sé matarsóun gríðarstórt vandamál í heiminum. „Við leggjum því, sem fyrr, mikið kapp á að fullnýta fiskinn, í góðu samstarfi við fyrirtæki eins og Sealed Air og G.Mondini, og tryggja að gæðin á honum haldist þar til hann er kominn í hendur neytandans. Þannig getum við stuðlað að minni sóun.“

### Gögnin leika lykilhlutverk

Sigurður tekur fram að allir sem eiga hlut að máli verði að vinna saman. Matvælaframleiðendur geti ekki einir brauðfætt heiminn. „Þeir hafa hráefnið en við höfum tæknina sem þarf til þess að bæta framleiðnina. Af þeim sökum höfum við lagt mikið kapp á að eiga í góðu samstarfi við matvælaframleiðendur.

Við höfum verið svo lánsöm að eiga viðskiptavini sem hafa verið óhræddir við að vinna náið með okkur og hleypa okkur til dæmis inn í vinnslurnar og leyfa okkur að umbylta þeim til að auka afköst og framlegð. Þessu fylgir auðvitað mikill kostnaður og áhætta. En þetta samstarf er lykillinn að því sem við erum í dag.“

Sigurður segir Marel vel í stakk búið til þess að færa sér fjórðu iðnbyltinguna í nyt – og vera í fararbroddi hennar – enda hafi fyrirtækið frá upphafi verið leiðandi afl í þróun á hátæknibúnaði. „Stofnendur Marels hugsuðu það sama fyrir hartnær fjörutíu árum og önnur fyrirtæki í iðnaðinum eru að hugsa um í dag. Þetta er því ekkert nýtt fyrir okkur,“ nefnir Sigurður.

„Marel hefur alla tíð lagt áherslu á að safna sem mestum gögnum úr vinnsluferlinu til þess að hægt sé að taka réttar ákvarðanir á grundvelli þeirra. Gögnin leika stórt hlutverk.“

Vinnsluvélar Marels eru útbúnar tækjahugbúnaði og þá sér Innova-hugbúnaðurinn um að safna saman gögnum úr hverju skrefi framleiðslunnar. Sigurður útskýrir að samtengdar hugbúnaðarlausnir fyrirtækisins geti nú bæði stýrt og vaktað ferð hráefnisins, ef svo má að orði komast, frá hafi til neytenda.

„Vélunum okkar er ekki aðeins stýrt af vélbúnaði, eins og hjá mörgum keppinautum okkar, heldur leikur hugbúnaðurinn stórt hlutverk. Það var til dæmis hlegið að okkur þegar við fórum með fyrstu laxaflökunarvélina á markað því hún var svo lítil og pen. Menn sögðu að við gætum aldrei nýtt hana í alvöru matvælavinnslu.

Nú nokkrum árum síðar höfum við þróað ýmiss konar tækni og hugbúnað sem við tengjum við vélina og er nú svo komið að hún er sú vinsælasta sinnar tegundar í heiminum. Á tímabili seldum við níu af hverjum tíu vélum. Þetta sýnir vel hvernig þessi blanda af vél- og hugbúnaði getur veitt okkur samkeppnisforskot.“

Annar kostur við umrædda blöndu vél- og hugbúnaðar, að mati Sigurðar, er það ógrynni gagna sem fyrirtækið býr yfir. „Við búum ekki einungis yfir gögnum úr vélunum heldur jafnframt markaðsgögnum og hráefnisgögnum. Við erum inni í verksmiðjunum og vitum því fyrir víst hvað og hve mikið verið er að framleiða. Gagnamagnið er gríðarmikið.“

**Viltu lækka vaxtakostnað vegna atvinnuhúsnæðis?**

SEGL Fyrirtækjaráðgjöf býður fyrirtækjum ráðgjöf á sviði lánsfjármögnunar atvinnuhúsnæðis

**Dæmi um nýlegan ávinning fyrirtækja**

31% Þekkt iðnaðarfyrirtæki lækkaði væntan vaxtakostnað sinn um 31% með því að skipta út 6% breytilegum verðtryggðum vöxtum hjá viðskiptabanka sínum fyrir 4,15% fasta verðtryggða vexti hjá fjárfesti.

33% Fasteignafélag í endurskipulagningu lækkaði væntan vaxtakostnað sinn um 33% með sambærilegum hætti.

28% Vaxandi félag á heilbrigðissviði lækkaði væntan vaxtakostnað sinn um 28% með sambærilegum hætti.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.segl.is eða með því að senda tölvupóst á info@segl.is**

SEGL Fyrirtækjaráðgjöf ehf | Lyngás 11, 210 Garðabær (2. hæð)
Sími: 553 9810 & 663 9810 | info@segl.is
SEGL FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF

# Vaxtagreiðslur í sögulegu lágmarki

Vaxtagreiðslur af fasteignalánum sem hlutfall af launum, hlunnindum, lífeyri, tryggingabótum og öðrum tekjum sem ekki teljast til fjármagnstekna vega nú minna en nokkurn tímann síðan 1992. Þetta kemur fram í grein Páls Kolbeins, rekstrarhagfræðings hjá ríkisskattstjóra, í septembertölublaði Tíundar sem embættið gefur út.

Páll bendir á að um 4,5 prósent teknanna hafi farið í að greiða af fasteignalánum árið 2017, sem var 0,5 prósentustigum lægra hlutfall en árið 2016. Þetta hlutfall hafi farið í 6,6 prósent í botni kreppunnar á árunum 2009 og 2010. „Landsmenn vörðu minni hluta tekna sinna til að greiða vexti af fasteignalánum árið 2017 en þeir gerðu að jafnaði á árunum 1992 til 2002,“ skrifar Páll.

Þá hafa skuldir lækkað sem hlutfall af tekjum landsmanna en það stóð í 106 prósentum árið 2017 og lækkaði um 6,6 prósentustig á milli ára. „Staðan hefur gerbreyst frá þeim tíma sem þjóðin glímdi við eftirmála hrunsins en árið 2010 hefði það tekið menn hátt í tvö ár að greiða niður skuldirnar,“ skrifar hann. Þá var hlutfall skulda af tekjum 191 prósent en meðaltal áranna 1992 til 2002 var tæplega 104 prósent.

### Skuldahlutfallið einnig lágt

Eigið fé landsmanna var 3.925 milljarðar í árslok 2017 og þá hafði það aukist um rúma 672 milljarða á

**Það sætir tíðindum að skuldahlutfallið hefur ekki verið svona lágt síðan árið 1992 en þá voru 30,9 prósent eigna landsmanna í skuld.**

Páll Kolbeins, rekstrarhagfræðingur hjá ríkisskattstjóra



milli ára eða 20,6 prósent. Hækkun eiginfjár er að sögn Páls ekki vegna peninga sem landsmenn hafa lagt til hliðar á reikningum eða í sjóð heldur má rekja bróðurpartinn til hækkunar á fasteignaverði. Um þriðjungur eigna landsmanna var í skuld eða 32,1 prósent.

„Það sætir tíðindum að skuldahlutfallið hefur ekki verið svona lágt síðan árið 1992 en þá voru 30,9 prósent eigna landsmanna í skuld,“ skrifar Páll en meðaltal áranna 1992 til 2002 var 36,6 prósent.

Hann rekur það að hlutfallið hafi tekið að hækka lítillega upp úr aldamótum en upp úr miðjum fyrsta áratugnum hafi eignaverð hækkað

**4,5**

**prósent tekna fóru í að greiða af fasteignalánum árið 2017, sem var 0,5 prósentustigum lægra hlutfall en árið 2016.**

til jafns við skuldirnar og því hafi hlutfallið haldist að mestu stöðugt fram að hruni. Þá hafi það hækkað snarlega þegar eignir féllu í verði en skuldir héldu verðgildi sínu. Árið 2010 stóð hlutfallið í rúmum 54 prósentum. „Síðan hefur skuldahlutfallið lækkað og nú er það sem fyrr segir með því lægsta sem hefur sést.“

Heildareignir landsmanna voru metnar á 5.785 milljarða í árslok 2017 og jukust um 723 milljarða á milli ára, eða sem nemur 14,3 prósentum. Sem áður sagði vó hækkun á íbúðarhúsnæðisverði þyngst í eignaaukningunni. Matsverð fasteigna hækkaði um 597 milljarða á milli ára eða 15,3 prósent og má því rekja um 82,6 prósent eignaaukningarinnar til hækkunar á fasteignum og ein 4,3 prósent til hækkunar á verðmæti bifreiða. Merkir Páll að raunvirði eigna hafi aldrei verið hærra, en það var nú 421 milljarði hærra en það var árið 2007. – tfh




# HÁSETINN

Ford EcoSport býður upp á mikla veghæð sem kemur sér vel í snjó og við aðrar erfiðar aðstæður. Þú situr líka hærra og það er mun þægilegra að ganga um bílinn.

Ford EcoSport Titanium S er sérlega vel búinn m.a. leðuráklæði á sætum, 17" álfelgum, Xenon aðalljósum, 8" snertiskjá, tölvustýrðri loftkælingu, 7 hátölurum, bakkmyndavél, SYNC3 hljómtækjum með raddstýringu og neyðarhringingu, ESP stöðugleikakerfi með spólvörn, leðurklætt fjölstillanlegt stýri, Apple CarPlay og Android Auto.

**FORD ECOSPORT KOSTAR FRÁ: 2.750.000 KR.**

**FORD ECOSPORT TITANIUM S SJÁLFSKIPTUR KOSTAR:**

**3.490.000** KR.

Ford

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford EcoSport***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Hótaði Arion lögbanni á arðgreiðslu

**Bankasýslan taldi að arðgreiðsla á bréfum Arion í Valitor færi gegn samningsbundnum rétti ríkisins samkvæmt hluthafasamkomulagi. Skoðaði það alvarlega að krefjast lögbanns á ráðstöfunina. Taldi bankann geta orðið af allt að 40 prósentum af virði hlutar síns í Valitor.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is
Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is



Bankasýsla ríkisins íhugaði alvarlega að krefjast þess að sýslumaður legði lögbann á arðgreiðslu á hlutabréfum Arion banka í dótturfélaginu Valitor Holding til hluthafa bankans. Stofnunin taldi að slík arðgreiðsla bryti í bága við samningsbundinn rétt íslenska ríkisins samkvæmt hluthafasamkomulagi sem gert var á milli ríkisins, Arion banka og Kaupskila, dótturfélags Kaupþings og stærsta hluthafa bankans, haustið 2009.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í minnisblaði sem Bankasýslan, sem fór þar til í febrúar á þessu ári með 13 prósenta hlut ríkisins í Arion banka, skrifaði Bjarna Benediktssyni, fjármála- og efnahagsráðherra, þann 15. janúar síðastliðinn.

Í minnisblaðinu, sem Markaðurinn fékk afhent frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu á grundvelli upplýsingalaga, segir jafnframt að það hafi verið mat Bankasýslunnar að fjárfestahópurinn sem keypti liðlega þriðjungshlut í Arion banka í mars í fyrra – fjárfestingarbankinn Goldman Sachs og vogunarsjóðirnir Attestor, Och-Ziff og Taconic – hafi „ásælst“ Valitor sérstaklega og „hafi með kaupum sínum á hlutum í Arion þegar farið að huga að því hvernig unnt væri að ná undirtökum í Valitor“, eins og það er orðað í minnisblaðinu.

Í öðru minnisblaði til ráðherra, sem er dagsett þann 14. febrúar síðastliðinn, segir Bankasýslan enn fremur að Arion banki gæti verið að fara á mis við 20 til 40 prósent af virði eignarhlutar síns í greiðslukortafyrirtækinu með því að greiða hlutabréf sín að stærstum hluta út í formi arðs til hluthafa í stað þess að selja allt hlutafé bankans í Valitor í opnu ferli, líkt og stofnunin taldi ákjósanlegt.

Áform meirihluta hluthafa Arion banka, Kaupþings og áðurnefnds fjárfestahóps, um að aðgreina kortafyrirtækið frá bankasamstæðunni áður en kæmi að hlutafjárútboði og skráningu bankans á markað urðu að lokum að engu og réð þar mestu andstaða innan stjórnkerfisins og á meðal sumra ráðherra ríkisstjórnarinnar, eins og greint var frá í Markaðinum fyrr á árinu.

Í bréfi sem Paul Copley, forstjóri Kaupþings, skrifaði þeim Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra og Bjarna, fjármála- og efnahagsráðherra, 14. mars síðastliðinn og Markaðurinn hefur undir höndum er tekið fram að stuðningur ríkisins sé „nauðsynlegur“ til þess að tryggja „vel heppnaða aðgreiningu í þessari stöðu“. Vegna áhyggna stjórnvalda af arðgreiðslunni hefði Kaupþing því breytt afstöðu sinni og styddi ekki lengur áformin.

Skýr afstaða Bankasýslunnar hafði auk þess sín áhrif á að fallið var frá áformunum, samkvæmt heimildum Markaðarins, jafnvel þótt stofnunin hafi ekki lengur verið á meðal hluthafa bankans.

Við umrædda ráðstöfun hefðu vogunarsjóðirnir og Goldman Sachs, sem áttu fyrir skráningu um 32 prósenta hlut í Arion banka, fengið kauprétt að 21,4 prósenta hlut til viðbótar í Valitor. Kauprétturinn, sem samið var um samhliða því að gengið var frá kaupum fjárfestahópsins á tæplega 30 prósenta hlut Kaupþings í Arion í mars í fyrra, virkjast aðeins komi til þess að bréfin í kortafyrirtækinu greiðist út til hluthafa með arðgreiðslu eða öðrum sambærilegum hætti.



**Valitor hefur vaxið hratt á undanförnum árum, meðal annars með yfirtökum á breskum fyrirtækjum. Kortafyrirtækið skilaði um 1.483 milljóna króna rekstrartapi í fyrra en gert er ráð fyrir því í rekstraráætlun félagsins að reksturinn verði orðinn arðbær innan næstu fimm ára.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Vogunarsjóðirnir og Kaupþing höfðu áhyggjur af því að Valitor yrði ekki rétt verðlagt í útboðinu

Afstaða vogunarsjóðanna Attestor, Och-Ziff og Taconic og Kaupþings, ásamt ráðgjöfum félagsins, var sú að það væri til þess fallið að auka áhuga erlendra fjárfesta á því að taka þátt í hlutafjárútboði bankans ef Valitor yrði aðskilið frá samstæðunni. Afkoma af undirliggjandi rekstri Valitors hefði verið dræm síðustu ár og þá væru í gangi dómsmál sem höfðuð hefðu verið á hendur félaginu, þar sem krafist væri milljarða króna í skaðabætur, og hefðu ekki verið til lykta leidd.

Hluthafarnir drógu auk þess í efa að raunverulegt markaðsvirði Valitors yrði að fullu verðlagt þegar kortafyrirtækið yrði selt, sem hluti af samstæðunni, í útboðinu enda væri verðlagning fyrirtækja í greiðslumiðlun mun hærri um þessar mundir en í bankastarfsemi.

Þannig væri ljóst að hluthafar Arion banka gætu fengið hærra verð fyrir óbeinan eignarhlut sinn í kortafyrirtækinu með því að aðgreina fyrst fyrirtækið frá bankanum, „vinna með það“ eitt og sér á allra næstu árum, eins og einn viðmælandi Markaðarins orðaði það, og auka þannig virði þess.



**Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslu ríkisins**



**John Madden, fyrrverandi stjórnarmaður í Arion banka**

**1,5**

**milljarðar króna var rekstrartap Valitors í fyrra.**

### Þurfti samþykki allra

Fram kemur í minnisblaði Bankasýslunnar frá 15. janúar að á stjórnarfundi Arion banka í júní í fyrra hafi fyrst verið fjallað um fyrirætlanir stjórnar Arion banka um að leggja fram tillögu til hluthafafundar um að greiða hluti bankans í Valitor sem arð til hluthafa. Var það John P. Madden, þáverandi fulltrúi Kaupþings í stjórninni, sem lagði tillöguna fram

Setti stjórnin fram tíu skilyrði sem þyrfti að uppfylla áður en hún samþykkti slíka tillögu en eitt skilyrðið fólst í því að enginn hluthafi legðist gegn arðgreiðslunni. Bankasýslan segist í minnisblaðinu hafa verið upplýst af Kirstínu Þ. Flygenring, þáverandi fulltrúa stofnunarinnar í stjórninni, að Madden hafi gefið í skyn að ekkert yrði af útboði og skráningu bankans nema að arðgreiðslan yrði samþykkt.

Í bréfi Kaupþings til íslenskra stjórnvalda í ágúst 2017 var aðgreining Valitors nefnd sem ein af þeim ráðstöfunum sem væru til þess fallnar að hámarka virði eignarhlutar félagsins í bankanum og stuðla þar af leiðandi að hærra stöðugleikaframlagi af hálfu Kaupþings til ríkisins. Aðgreiningin yrði því bæði Kaupþingi og ríkinu til hagsbóta.

Í drögum að skráningarlýsingu fyrir útboð Arion banka, sem eru dagsett þann 15. september í fyrra, var tekið fram að bankinn væri að vega og meta ýmsa möguleika þegar kæmi að dótturfélagi hans, Valitor, eins og opna sölu á kortafyrirtækinu eða arðgreiðslu á hlutunum í félaginu til hluthafa bankans.

### „Ásældust“ Valitor

Einnig var í drögunum upplýst um áðurnefndan kauprétt vogunarsjóðanna og Goldman Sachs og nefnt að kaup- og söluverð þeirra hlutabréfa sem kauprétturinn næði til næmi ákveðnu margfeldi af bókfærðu virði undirliggjandi eigin fjár hluthafa Valitors.

Bankasýslan telur að kaup- og söluverðið hafi verið undir raunvirði hlutafjár Valitors miðað við sambærileg fyrirtæki á hlutabréfamarkaði og því verði sem fengist fyrir félagið í heild sinni í opnu söluferli. Ljóst sé að fjárfestahópurinn virðist „ásælast Valitor sérstaklega“ en í því sambandi er þess getið að bæði Attestor og Taconic hafi öðlast heimild af hálfu Fjármálaeftirlitsins til þess að eignast til samans meirihluta í Valitor og stærri hlut í félaginu heldur en vogunarsjóðirnir héldu á með beinum hætti í Arion.

Bankasýslan skýrði Arion frá því um miðjan júlí á síðasta ári að stofnunin myndi greiða atkvæði gegn tillögu um arðgreiðslu á hluthafafundi. Taldi stofnunin að leggja hefði átt „vel ígrundað mat“ á kosti og galla þess að ráðstafa eignarhlutum í Valitor og hvort best væri að selja eignarhlut bankans í kortafyrirtækinu í heilu lagi í opnu ferli þannig að tryggt yrði að markaðsverð fengist fyrir hlutinn.

Í því samhengi bendir stofnunin á að allar nýlegar sölur á félögum í svipuðum rekstri og Valitor hafa farið þannig fram að félögin séu seld í heilu lagi.

Var það mat Bankasýslunnar að stjórn Arion hefði mátt horfa sérstaklega til umdeildrar sölu Landsbankans á 31 prósents hlut í Borgun árið 2014 en í bréfi stofnunarinnar til Arion voru stjórnarhættir bankans gagnrýndir að þessu leyti.

Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka, sendi í kjölfarið Lárusi Blöndal, stjórnarformanni Bankasýslunnar, bréf þar sem hann vísaði á bug áðurnefndum fullyrðingum stofnunarinnar.

Mótmæli Bankasýslunnar við aðgreiningu Valitors þýddu að eitt af skilyrðum stjórnar bankans, sem laut að samþykki allra hluthafa, var þar með ekki uppfyllt. Var stofnunin upplýst síðsumars 2017 um að málið væri komið af dagskrá stjórnarinnar.

### Lofaði að leggja til aukið fé

Í byrjun desembermánaðar barst stofnuninni hins vegar afrit af bréfi Attestor til Arion banka ásamt lögfræðilegri álitsgerð frá lögmannsstofunni Rétti. Í umræddu bréfi ályktar Attestor að það sé hagsmunum bankans og hluthafa hans fyrir bestu að stjórnin samþykki sem fyrst að greiða út hluti Arion í Valitor sem arð. Mikil hætta væri á því að verðmæti Valitors hríðfalli (e. will be destroyed) á næstu einu til tveimur árum. Auk þess segist vogunarsjóðurinn vera reiðubúinn til þess að leggja Valitor til á bilinu 40 til 50 milljónir dala í aukið hlutafé að því gefnu að arðgreiðslan fari fram.

Sá sem talaði einkum fyrir því af hálfu vogunarsjóðanna að Valitor yrði aðgreint frá bankanum fyrir útboðið var maður að nafni Pierre Bour, að því er fram hefur komið í Markaðinum. Hann var meðeigandi Attestor þar til fyrr á þessu ári þegar hann lét af störfum.

Í álitsgerð Réttar, sem fjallað er um í minnisblaði Bankasýslunnar, var komist að þeirri niðurstöðu að heimild fulltrúa Bankasýslunnar í stjórn bankans til þess að beita neitunarvaldi gegn öllum viðskiptum á milli Arion annars vegar og Kaupþings og

# Fólk
Heimili

MIÐVIKUDAGUR 3. OKTÓBER 2018



Það er haust og þá fara Íslendingar inn og hafa það notalegt við kerta-ljós áður en klæðin rauð bætast við í nóvember-lok. 4

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tísku, menningu, heilsu og margt fleira.





„Þessir stólar eru þeir einu í heiminum með 360° gráðu Dondola veltitækninni," segir Halldór Ingi Stefánsson, sölustjóri hjá Hirzlunni. MYND/EYÞÓR

# Stólar sem skapaðir eru fyrir bakið

Heilsuskrifstofustólarnir frá Wagner eru með einstakri Dondola veltitækni sem fer sérstaklega vel með bakið. Stólarnir fást í Hirzlunni og eru á frábæru kynningarverði í samvinnu við Wagner út október og kosta frá 109.000 kr. 2

Framhald af forsíðu ➺

Heilsuskrifstofustólarnir frá Wagner eru með einstakri Dondola veltitækni sem gerir notendum kleift að sitja á hreyfingu segir Halldór Ingi Stefánsson, sölustjóri hjá Hirzlunni, sem er með umboð fyrir þetta þýska gæðamerki. „Mjög margir sitja stóran hluta dags í vinnu sinni sem fer ekki sérstaklega vel með bakið. Að sitja á hreyfingu getur þannig komið í veg fyrir ýmis bakvandamál og hjálpað þeim sem nú þegar stríða við eymsli og þreytu í baki. Hreyfingin miðar að því að létta álag á bakið, koma því á hreyfingu og styrkja það í hrífandi samspili hvíldar og hreyfingar. Þessir stólar eru þeir einu í heiminum með 360° gráðu Dondola veltitækninni og á þeim er tíu ára ábyrgð.“

### ErgoMedic – Vinsælasti stóllinn

Hirzlan býður upp á tvær gerðir Dondola skrifborðsstóla frá Wagner, ErgoMedic og AluMedic, sem eru að sögn Halldórs Inga einstakir skrifborðsstólar. „Stólarnir eru bæði fallegir og einstaklega þægilegir. Mjúk hreyfing Dondola veltisetunnar tryggir hámarksþægindi fyrir þann sem situr á stólnum og bakstuðningurinn er mjög góður. Á þessum stólum eru margir stillimöguleikar eins og hæð á baki, lengd á setu og margar stillingar á örmum.“

ErgoMedic stólarnir fást í tveimur útgáfum, 100-3 og 100-2 Sá fyrri kemur með bólstruðu baki en sá seinni með netbaki og státa þeir báðir af 360° veltitækni.

### AluMedic – Toppurinn í Dondola stólunum

AluMedic skrifstofustólarnir frá Wagner eru einstaklega fallegir og þægilegir stólar að sögn Halldórs Inga. „Mjúk hreyfing Dondola veltusetunnar tryggir hámarksþægindi fyrir notandann í 360°. Bakið á stólnum er mjög þægilegt og hreyfist með líkamanum og er hann með aukastuðning fyrir mjóbakið. Hann hefur um leið marga stillimöguleika. Þessir stólar fást með netbaki eða bólstruðu baki, með eða án höfuðpúða.“

Hirzlan
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN



ErgoMedic 100-3. Vinsælasti stóllinn í Hirzlunni, nú á tilboði, 109.000 kr.



AluMedic 5, nú frá 127.000 kr.

FAGAÐILAR MÆLA MEÐ WAGNER
SJÚKRAÞJÁLFUN ÍSLANDS
Elís Þór Rafnsson sjúkraþjálfari
KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS
wagner



Titan stóllinn er einn sá allra flottasti.



W70 fundarstólar með Dondola. Verð nú 64.900 kr.

Dondola®

# Aldrei liðið betur í bakinu

**Ólafur Gunnar Guðlaugsson hefur glímt við bakverki í áratugi. Starfa sinna vegna þarf hann að sitja nær allan daginn sem fer ekki vel með bakið. Eftir að hafa kynnst Wagner stólunum frá Hirzlunni hurfu öll bakvandamál hans.**

Ég hef unnið sem grafískur hönnuður, barnabókahöfundur og teiknari í nærri 30 ár. Eins og gefur að skilja er ekki mikil hreyfing við svona störf og ég sit nánast allan daginn við iðju mína. Það er auðvitað dauði og djöfull fyrir krónískt bakveikan mann.

Í tugi ára hefur morgunrútína mín verið að liðka um klemmdu taugina í mjóbakinu og koma mér úr vinkilstöðu í lóðrétta.

> Og viti menn, eftir eina viku voru öll mín bakvandamál algjörlega horfin! Það hljómar eins og lygasaga en mér hefur aldrei liðið betur í bakinu.



Ólafur Gunnar Guðlaugsson er grafískur hönnuður, barnabókahöfundur og teiknari til nærri 30 ára.

Ég gat ekki kennt rúminu mínu um þetta því það skipti engu máli á hvaða fleti ég svaf, það var alltaf sama vesenið á morgnana. Auk þess á ég til að læsast í bakinu og þá tók við vikutímabil sem ekki er hægt að mæla með. Sem sagt óþolandi og viðvarandi ástand sem var nóg til að æra óstöðugan.“

Þá kynntist Ólafur Gunnar Wagner stólunum frá Hirzlunni sem eru með 360 gráða Dondola veltitækni.

„Málið er að ef mér tekst að halda hryggsúlunni á stöðugri hreyfingu þá á hún síður til að stífna eða festast. Mér tókst að fá vinnuveitanda minn til að fjárfesta í einum svona stól, ErgoMedic 100-3. Og viti menn, eftir eina viku voru öll mín bakvandamál algjörlega horfin! Það hljómar eins og lygasaga en mér hefur aldrei liðið betur í bakinu.“

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,




# Gæðakerrur fyrir öll tækifæri

## - mikið úrval aukahluta

### Garð- og tómstundakerrur

Kerrur með frábæra akstursеiginleika sem auðvelt er að geyma uppá enda.
Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmögleika kerrunnar.



**Frá 139.000,- m/vsk**



**Frá 389.000,- m/vsk**

### Sterkar iðnaðarkerrur

Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:
- Lokuð hólf undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhliða Euro-bretti
- Hægt að nota sem flatvagn


Innbyggð geymsluhólf


Innfelldar krækjur


Fjöldi botnstífa


Aðeins 12° halli

### Tækjakerrur

- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
- Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
- Lágur þyngdarpunktur

Burðargeta allt að 2.835 kg.



**Frá 1.069.000,- m/vsk**

### Söluaðilar Motormax:

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

**TOPPBÍLAR**
Kletthálsi 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

**KRAFTVÉLAR**
Dalvegi 6-8
201 Kópavogur
Sími 535-3500

**Kaupfélag Skagfirðinga**
Ártorgi 1
550 Sauðárkrókur
Sími 455-4500

**N1**
Klettagörðum 13
104 Reykjavík
Sími 440-1243

**MotorMax**

**Motormax ehf.**
**Vatnagörðum 12**
**Sími: 545 4040**

# Notalegt heima í nepjunni

Naprir haustvindarnir gnauða og regnið bylur á þakinu. Það er haust og þá fara Íslendingar inn og hafa það notalegt við kertaljós áður en klæðin rauð bætast við í nóvemberlok. Það er margt hægt að gera til að bæta í huggulegheitin á heimilinu án þess að það kosti meira en góðu hófi gegnir.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



## Púðar

Að stinga sér í púðahrúgu, hjúfra sig upp að mjúkum púða eða hnoða hann til svo hann passi nákvæmlega rétt undir hnakkann eða mjöðmina er ein af undirstöðum þess að láta fara vel um sig. Púðar geta líka verið til mikillar prýði og auðgað litadýrðina á heimilinu svo um munar. Púðarnir geta verið í öllum stærðum og gerðum, lit og lögun og mynstur er bara betra til að lífga upp á. Ef ætlunin er að koma reiðu á sviplitlar vistarverur er einnig kjörið að kaupa púða, teppi og smáhluti í sama lit eða litbrigðum og dreifa um rýmið. Ef erfitt er að velja lit skoðaðu þá hvort einhver litur er áberandi fyrir. Eru til dæmis rauðir kilir á einhverjum bókum í bókaskápnum? Blár ráðandi í myndinni á veggnum? Leyfðu litunum að tala saman og útkoman kemur á óvart.

## Speglar

Ef rýmið er lítið er spegillinn nauðsyn. Ef ekki má negla í veggina eins og stundum vill vera í leiguhúsnæði má stilla speglinum upp á kommóðu eða á gólfi þannig að hann hallist að veggnum. Spegill í fallegum ramma er eins og listaverk og með því að staðsetja hann rétt getur hann látið rýmið virðast stærra, bæði hærra til lofts og víðara til veggja. Þá getur rétt staðsettur spegill endurvarpað ljósi og þannig bætt lýsinguna í herberginu auk þess að hafa sömu virkni og gluggi sem vísar út.



Litríkir púðar bæði lífga upp á heimilið og bjóða upp á notalega stund.



Kerti eru skotheld leið til að gæða heimilið hlýju og yl. Og þó þú eigir ekki fjöldann allan af flottum kertastjökum geta sultukrukkur af ýmsum stærðum og gerðum gert sama gagn.

## Veggskraut

Veggir eru bara kaldir ef það er ekkert á þeim. Fallegar myndir í römmum geta skipt sköpum, hvort sem það eru fjölskyldumyndir eða bara eitthvert myndefni sem þér finnst fallegt og vekur upp ljúfar kenndir. Ein sérdeilis auðveld og skemmtileg lausn er að strengja band þvert yfir vegginn og hengja svo afmælis – og heillaóskakort á það. Kort eru oftar en ekki lítil listaverk og svo er alltaf hægt að grípa kort af handahófi og lesa fallega kveðju frá einhverjum sem þykir vænt um mann þegar lífið er óvenju grátt.

## Ljósaseríur

Ljós og lýsing geta einnig gert kraftaverk við að gera notalegt á heimilinu. Mörgum finnst kertaljós bráðnauðsynleg þegar haustið knýr dyra en það á ekki síður við um ljósaseríur sem gefa frá sér hlýja og fallega birtu þegar dagarnir styttast. Þær má hengja út um allt hús, tylla í hillur, hengja á veggi eða í glugga og setja í vasa, skálar eða krukkur til að auðga heimilið hlýju og birtu.



Ljósaseríur eru ódýr og einföld leið til að umvefja heimilið birtu og yl.

NÝJAR HAUSTLÍNUR FRÁ GERRY WEBER OG TAIFUN



BERNHARD LAXDAL

20% afsláttur til 6. október af Haustlínunum

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

BRYGGJAN BRUGGHÚS
bistro & brewery
2015
REYKJAVÍK

# JÓLASEÐILL EÐA HLAÐBORÐ FYRIRTÆKI OG HÓPAR.

Jólaseðillinn (hægt er að fá vegan útgáfu)

Forréttir:
Marineruð síld í IPA bjór og bláberjum á rúgbrauði
Grafinn lax í Fagnaðarerindinu (jólabjór) og sinnepssósa
Bjórgrafið lamb með epli, basil og hindberjadressingu
Rækjukokteill með mangó og sítrussósu

Aðalréttur:
Confit de Canard
(andalæri) með beikon-kartöflumús, döðlumauki, vorlauk, ostrusveppum og appelsínu-soðsósu

Eftirréttur:
Bjór-ís (stout) með piparköku mulning, bökuðu hvítu súkkulaði og kirsuberjasósu

– 7.990 kr.
(hægt að fá drykkjarpörun á 4.990 kr. aukalega)

**Pantanir í síma 456 4040 eða booking@bryggjanbrugghus.is**

Jólahlaðborð (50 manns eða fleiri)

Forréttir
Bláberja & IPA marineruð síld með rúgbrauði
Sinnepssíld með rúgbrauði
Lax, grafinn í Fagnaðarerindinu með sinnepssósu
Reyktur lax með piparrótarsósu
Reyktar rækjur í skel og chilitartarsósa
Bjórgrafið lamb með hindberja- og basildressingu
Vegan jóla taco með döðlumauki & stökkri gulrót
Vegan paté á rúgbrauði með bjórsýrði gúrku & sætum lauk ( inniheldur hnetur )
Jólasalat með eplum, hnetum & hindberjadressingu

Aðalréttir
Andalæri – confit de canard
Purusteik af bjórgrís
Hnetusteik

Meðlæti
Sykurbrúnaðar kartöflur
Rósakál
Gljáðar gulrætur
Appelsínugljái

Eftirréttir
Bjórís með kirsuberjasósu og piparkökumulning
Súkkulaðikaka Bryggjunnar og fersk ber
Kókostoppar

– 9.990 kr.

GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK * 00354 456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS



Haustlauf bjóða upp á skemmtilegar skreytingar.

# Haustlaufin heilla

Nú er haustið svo sannarlega farið að láta til sín taka með fallegustu litapallettu náttúrunnar sem er jafnframt stórkostlega skemmtilegur efniviður í alls kyns handverk og föndur. Hér er náttúrlega átt við haustlaufin sem hrynja nú af trjánum og bíða þess að einhver nýti þau til að gera eitthvað fallegt. Haustlaufin getur öll fjölskyldan dundað sér við saman, fyrst við söfnun, svo meðhöndlun en laufin þurfa að vera bæði þurr og þétt til að hægt sé að vinna með þau og síðast en ekki síst sjálfa skreytingagerðina sem engin takmörk sett ef ímyndunaraflið er með í för. Haustlaufin eru ólík að lit, lögun og áferð og svo er til nóg af þeim svo það er allt í lagi að gera tilraunir með efniviðinn og hver veit nema einhverjar jólagjafir líti dagsins ljós í hauströkkrinu.



Tómata ætti ekki að geyma í ísskáp.

# Ekki geyma í ísskáp

Sumar vörur er betra að geyma við stofuhita en í ísskáp. Til dæmis ætti ekki að hafa hunang í kæliskáp þar sem það kristallast. Kaffi á heldur ekki að geyma í ísskáp því það getur misst bragð. Auk þess getur það dregið í sig bæði lykt og bragð af öðrum hráefnum í skápnum. Betra er að frysta það.

Ólífuolíu á ekki að geyma í ísskáp því hún harðnar. Brauð ætti ekki heldur að geyma í kuldanum þar sem það þornar. Betra er að geyma það við stofuhita eða í frysti. Pakkið því vel inn áður en það er sett í frysti.

Hvítlauk á ekki að geyma í kæliskáp þar sem hann getur orðið seigur. Lauk ætti sömuleiðis að geyma annars staðar en í ísskápnum. Alls ekki geyma lauk og kartöflur saman. Kartöflur ætti að geyma í pappírspoka á dimmum og svölum stað en alls ekki við mikinn kulda. Ef þú vilt að lárperan sé vel þroskuð ætti ekki að geyma hana í kulda heldur við stofuhita. Tómatar missa bragð við mikinn kulda og þeir hætta að þroskast. Þess vegna ætti ekki að geyma þá í ísskáp.



# Hreinn vasi fyrir ferskari blóm

Mikil prýði er að ferskum, afskornum blómum enda lífga þau svo sannarlega upp á umhverfið. Til að blómin haldist lifandi og frískleg sem lengst er lykilatriði að setja þau í hreinan vasa með hreinu vatni og láta þau standa á svölum stað.

Örverur fá nefnilega gott tækifæri til að fjölga sér ef vasinn er óhreinn og það kemur fljótlega niður á ferskleika blómanna. Einnig er gott að fjarlægja blöð af þeim hluta stilksins sem fer ofan í vatnið. Blóm þola ekki beint sólarljós og eru fljót að hengja haus ef sólin skín á þau. Betra er að birtan sé dreifð.

Úða má vatni á blómin einu sinni til tvisvar á dag ef loftið er þurrt. Oftast fylgir næring með afskornum blómum og hún á að lengja líf þeirra. Þá er gott að setja sykurmola út í vatnið og sumir setja skvettu af Sprite út í það til að hressa blómin við.



Blóm lifa lengur í hreinum vasa með hreinu vatni. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY



## Bílar & Farartæki


SUZUKI



Suzuki mótorhjól Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is


## Kerrur

## Varahlutir


VAKA
BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA



Sími: 567 6700 | vakahf.is

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is


## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Simi 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994


k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569


Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing




FAST Ráðningar
lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
www.fastradningar.is


## Fasteignir


EIGNAMIÐLUN

60 ÁRA FRAMÚRSKARANDI SÍÐAN 1957



SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957 GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

**NÝTT Í ÚLFARSÁRDAL – FJÖLSKYLDUVÆN HÚS**



FULLFRÁGENGIN LÓÐ



ÚTSÝNI ÚR FLESTUM HÚSUNUM



FULLMÁLAÐ OG FRÁGENGIÐ RAFMAGN
GÓLFHITI

**OPIÐ HÚS** FIMMTUDAGINN 4. OKTÓBER MILLI 17.00 OG 17.30

## Sjafnarbrunnur 5 – 19

**113 REYKJAVÍK**
Mjög vel skipulögð raðhús á tveimur hæðum í rísandi hverfi. Húsin eru frá 219,9 fm upp í 230,5 fm með innbyggðum bílskúr. Húsin skiptast m.a. í stofu, eldhús, þvottahús, fjögur svefnherbergi og tvö baðherbergi. Húsunum verður skilað fullbúnum að utan með hellulögðu bílaplani en tilbúnum til innréttinga að innan.

**Verð frá 73,5 m.**
**7 hús eftir**

**Daði Hafþórsson**
löggiltur fasteignasali
dadi@eignamidlun.is
Sími 824 9096



**Þórarinn M. Friðgeirsson**
löggiltur fasteignasali
thorarinn@eignamidlun.is
Sími 899 1882



HUMBAUR

Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!

Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.



**Startrailer 1280**
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 120.888 kr. án vsk.



**Gerð 1376**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



**Gerð 1374**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



**Gerð 1384**
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



**Gerð 1339**
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk., en með skráningu.



**Gerð 2331**
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk., en með skráningu.

Topplausnir

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is


## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

## Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heilsa

## Nudd

**NUDD**
Heilnudd, slökun, íþróttanudd og snyrting. Afslappandi og gott umhverfi á sv. 105 rvk. Opið kvöld og helgar. S. 894 4817


Barnaheill
Save the Children á Íslandi




## Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Góð 3ja. herb. íbúð í Stangarholti, er laus. Verð 239þús per. mán. Nánari uppl. í s: 663-5790

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

## Atvinna

## Atvinna í boði

Stýrimaður óskast á Friðrik Sigurðsson ÁR 17 Uppl í síma: 4833548 email: sigrun@ hafnarnesver.is

## Nám


# Nám í Danmörku

**Hefur þú iðnmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám**

University College Lillebælt heldur kynningu á námi við skólann **miðvikudaginn 3. okt. kl. 20.00. í húsakynnum Garðyrkjufélags Íslands að Síðumúla 1 í Reykjavík**

**Eftirfarandi fagsvið námsgreina verða kynnt:**
- Byggingatæknigreinar
- Framleiðslu- og tæknigreinar
- Ferðamála- og íþróttagreinar
- Viðskipta- og fjármálagreinar
- Sölu- og markaðsgreinar
- Tölvu- og fjölmiðlunargreinar
- Leikskóla- og kennslufræði
- Félagsráðgjöf
- Hjúkrunarfræði
- Sjúkra- og iðjuþjálfun
- Röntgentækni
- Landbúnaðarframleiðsla og tengdar greinar

**Frekari upplýsingar má finna á heimasíðum skólans www.eal.dk. og www.ucl.dk. Kennt er ýmist á ensku eða dönsku.**

University College Lillebælt er gamalgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma.

Komið og kynnið ykkur þá möguleika sem eru í boði varðandi nám við skólann. **Frekari upplýsingar í síma 862 9131 eða á reynir@verksyn.is**

LILLEBÆLT ACADEMY OF HIGHER PROFESSIONAL EDUCATION

University College Lillebælt
Seebladsgade 1
5000 Odense C
Danmark
Tlf. 0045 - 70105800
heimasíður:
**www.eal.dk. og www.ucl.dk.**




## Þjónusta


VANTAR ÞIG STARFSFÓLK




Suðurlandsbraut 6, Rvk. | SÍMI 419 9000 HANDAFL STARFSMANNAVEITA info@handafl.is | handafl.is

ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?

Finndu þitt starf á atvinna.frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ.IS job.is

Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

## Hart deilt um arðgreiðslu á bréfum í Valitor




**19. MARS** 2017
Samhliða kaupum Goldman Sachs og vogunarsjóðanna Attestor, Och-Ziff og Taconic á samanlagt tæplega 30 prósenta hlut í Arion banka var samið um kauprétt fjárfestahópsins að 21 prósents hlut til viðbótar í Valitor af Kaupþingi.

**7.-8. JÚNÍ** 2017
Lögð fram bókun á stjórnarfundi Arion banka þar sem greint var frá fyrirætlunum stjórnar bankans um að leggja fram tillögu til hluthafafundar um að verulegur hluti bankans í Valitor verði greiddur út í arð til hluthafa fyrir áformað hlutafjárútboð.

**19. JÚLÍ** 2017
Bankasýslan ritar stjórn Arion banka bréf þar sem stofnunin lýsir andstöðu við áform um arðgreiðslu á hlutum í Valitor og segist munu greiða atkvæði gegn slíkri tillögu á hluthafafundi.

**15. SEPTEMBER** 2017
Drög að skráningarlýsingu fyrir útboð Arion banka liggja fyrir þar sem fram kemur að bankinn sé að vega og meta ýmsa möguleika, eins og opna sölu á Valitor eða arðgreiðslu á hlutum í kortafyrirtækinu.

**1. DESEMBER** 2017
Attestor skrifar stjórn Arion banka bréf þar sem vogunarsjóðurinn segir það hagsmunum bankans og hluthafa hans fyrir bestu að stjórnin samþykki sem fyrst að greiða út hluti Arion í Valitor sem arð til hluthafa. Með bréfinu fylgir álitsgerð lögmannsstofunnar Réttar þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að fulltrúi ríkisins í stjórn Arion geti ekki beitt neitunarvaldi gegn arðgreiðslutillögunni.

**10. JANÚAR** 2018
Kostir arðgreiðslunnar kynntir stjórn Arion banka á stjórnarfundi. Kirstín Þ. Flygenring, þáverandi fulltrúi Bankasýslunnar í stjórninni, kom áhyggjum stofnunarinnar af áformunum á framfæri.

**15. JANÚAR** 2018
Bankasýslan skrifar fjármála- og efnahagsráðherra minnisblað þar sem stofnunin segist íhuga alvarlega að krefjast þess að sýslumaður leggi lögbann á arðgreiðsluna ef tillaga um hana verði samþykkt.

**18. JANÚAR** 2018
Tillaga um arðgreiðsluna kom ekki til umræðu á stjórnarfundi Arion banka, eins og áður hafði verið boðað.

**14. MARS** 2018
Kaupþing skrifar forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra bréf þar sem félagið segist – í ljósi andstöðu ríkisins – ekki lengur styðja það að aðskilja Valitor frá bankasamstæðunni, hvorki fyrir né eftir hlutafjárútboðið.

**2. ÁGÚST** 2018
Arion banki greinir frá því að bankinn hafi ráðið alþjóðlega ráðgjafa til þess að meta hvernig best sé að haga framtíðareignarhaldi Valitors.

tengdra aðila hins vegar, eins og kveðið er á um í hluthafasamkomulaginu frá 2009, ætti ekki við um arðgreiðslu á hlutabréfum í Valitor.

Það er ólíkt skilningi Bankasýslunnar sem segist í minnisblaðinu til fjármálaráðherra telja sig hafa heimild til þess að beita neitunarvaldi við tillögu um arðgreiðslu. Þá tekur Bankasýslan fram að hlutafélagalög veiti ríkinu vernd gagnvart ráðstöfunum sem þessum enda megi stjórn félags ekki grípa til neinna þeirra ráðstafana sem eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum „ótilhlýðilegra hagsmuna“ á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

„Í ljósi fyrrgreindra réttinda stofnunarinnar sem hluthafa hefur Bankasýslan það til alvarlegrar skoðunar að senda stjórn Arion bréf, með afriti til allra hluthafa, og tilkynna að fulltrúi stofnunarinnar í stjórn bankans muni beita neitunarvaldi við samþykki tillögu um arðgreiðslu á hlutabréfum í Valitor,“ segir í minnisblaði Bankasýslunnar.

> **30**
> **milljarðar króna voru heildarskuldir Valitors í lok júnímánaðar.**

„Þar sem Bankasýslan telur að slík arðgreiðsla og framsal brjóti í bága við samningsbundinn rétt íslenska ríkisins, samkvæmt hluthafasamkomulagi aðila frá september 2009, mun stofnunin einnig taka fram í slíku bréfi að hún muni fara fram á lögbann hjá Sýslumanninum í Reykjavík á framkvæmd arðgreiðslunnar, verði hún samþykkt á hluthafafundi Arion,“ er jafnframt nefnt í minnisblaðinu.

### Gæti farið á mis við milljarða

Til stóð að afgreiða tillögu um að Arion banki greiddi bréf sín í Valitor út í arð á stjórnarfundi bankans þann 18. janúar á þessu ári. Til undirbúnings þeim fundi hafði verið haldinn annar stjórnarfundur, þann 10. janúar, þar sem kostir arðgreiðslunnar voru kynntir fyrir stjórninni.

Fyrir fyrri fundinn hafði Bankasýslan afhent Kirstínu, þáverandi fulltrúa sínum í stjórn bankans, „ítarleg gögn“, líkt og það er orðað í minnisblaði stofnunarinnar, til þess að hún gæti varpað fram „gagnrýnum spurningum“ til stjórnenda og stjórnarmanna bankans.

Í gögnum Bankasýslunnar kom meðal annars fram það mat stofnunarinnar að Arion banki gæti verið að fara á mis við 20 til 40 prósent af virði eignarhlutar síns í Valitor með því að fara arðgreiðsluleiðina í stað þess að selja allt hlutafé kortafyrirtækisins í opnu ferli. Einnig var minnst á að arðgreiðsla á hlutum í óskráðu félagi með þessum hætti ætti sér engin fordæmi. Enn fremur var bent á að mikið hefði verið um sölur á evrópskum félögum í greiðslumiðlun, eins og Valitor, á árinu 2017 þar sem félögin hefðu verið seld í heilu lagi til fjölbreyttra kaupenda.

Kirstín kom þessum ábendingum á framfæri á fundi stjórnar Arion banka 10. janúar og tjáði jafnframt Bankasýslunni að hún hygðist beita neitunarvaldi kæmi til þess að tillagan um arðgreiðsluna yrði lögð fram til samþykktar.

Í kjölfar stjórnarfundarins funduðu stjórnarformenn og forstjórar Bankasýslunnar og Arion banka þar sem fulltrúar bankans færðu rök fyrir arðgreiðslunni sem forsvarsmenn Bankasýslunnar gátu „alls ekki“ tekið undir, eftir því sem fram kemur í minnisblaðinu. Var fulltrúum bankans einnig gerð grein fyrir því að fyrirhuguð arðgreiðsla hefði verið rædd á vettvangi ráðherranefndar um efnahagsmál en í henni sitja forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra.

Eftir fund Bankasýslunnar og Arion banka áttu Kaupþing og bankinn í óformlegum samskiptum við Bankasýsluna þar sem gefið var í skyn að horfið yrði frá því að afgreiða tillöguna á stjórnarfundinum 18. janúar. Það varð raunin enda kom tillagan aldrei til umræðu á umræddum fundi. Greindi Markaðurinn svo frá því um miðjan marsmánuð að stjórn Arion banka hefði sett áformin til hliðar.

Í kjölfar hlutafjárútboðs og skráningar Arion í júní í sumar tilkynnti bankinn að hann hefði fengið alþjóðlega ráðgjafa til þess að meta hvernig best væri að haga framtíðareignarhaldi Valitors. Sagði Höskuldur bankastjóri í viðtali við Markaðinn í júlí að til greina kæmi að selja meirihluta í kortafyrirtækinu þar sem fengnir yrðu fjárfestar sem myndu leiða alþjóðlegan vöxt og viðgang fyrirtækisins. „Bankinn kynni þó að hafa áhuga á því að halda eftir hlut í félaginu og þannig geta fengið hlutdeild í mögulegri virðisaukningu þess í framtíðinni en bankinn hefur mikla trú á félaginu,“ sagði Höskuldur.


**TM**

# HLUTHAFAFUNDUR Í TRYGGINGAMIÐSTÖÐINNI HF.
# 25. OKTÓBER 2018

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf. boðar til hluthafafundar í félaginu sem haldinn verður fimmtudaginn 25. október 2018 kl. 16:00 í fundarsal félagsins að Síðumúla 24, Reykjavík, 4. hæð.

## Dagskrá

1. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.
2. Tillaga um starfsreglur tilnefningarnefndar.
3. Tillaga um þóknun til tilnefningarnefndar fyrir störf fram að aðalfundi 2019.
4. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd sem starfa skal fram að aðalfundi 2019.
5. Önnur mál löglega fram borin.

Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins varða 13., 15. og 16. gr. auk þess sem lagt er til að ný grein komi inn í samþykktirnar á eftir 25. gr. og verði 26. gr., en allar breytingarnar lúta að því að koma á fót tilnefningarnefnd í félaginu í samræmi við góða stjórnarhætti. Einnig er gerð tillaga um sérstakt bráðabirgðaákvæði í þeim tilgangi að unnt verði þá strax að ganga frá skipan nefndarinnar svo hún megi hefja þegar störf til undirbúnings fyrir aðalfund á næsta ári.

Framboð til setu í tilnefningarnefnd, sbr. 4. dagskrárlið, skulu hafa borist skriflega stjórn félagsins skemmst fimm dögum fyrir hluthafafundinn á sérstöku eyðublaði sem stjórnin lætur í té og unnt er að nálgast á vef félagsins (www.tm.is/fjarfestar). Unnt er að senda félagsstjórninni útfyllta og undirritaða framboðstilkynningu fyrir lok framboðsfrests með tölvuskeyti á netfangið stjorn@tm.is. Eigi síðar en tveimur dögum fyrir fundinn verða birtar á vefsíðu félagsins upplýsingar um framboð til nefndarinnar.

Hluthafar hafa heimild til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins skriflegar eða rafrænt á netfangið stjorn@tm.is í síðasta lagi 15. október næstkomandi.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd.

Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð á eyðublaði eða í samræmi við eyðublað sem aðgengilegt er á vef félagsins, tm.is/fjarfestar. Rafrænt umboð skal sent félaginu á netfangið stjorn@tm.is áður en fundur hefst.

Ekki verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Óski hluthafi að taka fyrir fram þátt í atkvæðagreiðslu skriflega og fá sendan atkvæðaseðil skal hann gera skriflega kröfu þar um til félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn. Að auki er unnt að greiða atkvæði á skrifstofu félagsins á venjulegum opnunartíma (kl. 09:00 til 16:00) til og með miðvikudeginum 24. október 2018, en fyrir lokun þann dag skal einnig skila þangað útsendum atkvæðaseðlum. Nánar fer um atkvæðagreiðsluna og gildi atkvæða samkvæmt henni eftir reglum félagsins um atkvæðagreiðslu utan hluthafafundar, settum af stjórn félagsins 18. desember 2013.

Dagskrá hluthafafundarins og tillögur sem fyrir hann verða lagðar, svo og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um fundinn má finna á vef félagsins (www.tm.is/fjarfestar).

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á fundinn á fundarstað hálfri klukkustund áður en hann hefst og fengið fundargögn afhent.

**Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.**

TM, Síðumúla 24, 108 Reykjavík · 515 2000 · tm.is

# Leitar í matreiðsluna til þess að kúpla sig út úr hinu daglegu amstri

## Svipmynd
**Ólafur Örn Nielsen**

Ólafur Örn Nielsen hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Kolibri frá árinu 2015 en fyrirtækið var nýlega verðlaunað á ráðstefnu Viðskiptaráðs og Manino fyrir framsækna stjórnunarhætti. Ólafur segist hafa mikla þörf fyrir að skilja hvernig tækni og samspil hennar við fólk virkar.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Tækni, hjólreiðar og matreiðsla. Ég er mikið nörd og hef alltaf haft mikla þörf fyrir að skilja hvernig tækni og samspil hennar við fólk virkar. Ég get svo ekki sleppt því að minnast á matreiðslu en ástríðu fyrir henni fékk ég sennilega með móðurmjólkinni.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Ég er mikill morgunmaður og yfirleitt vaknaður fyrir klukkan 6. Það er gæðatími sem ég eyði með sjálfum mér og skoða þá fréttir, tölvupóst og skipulegg daginn. Svo líður yfirleitt ekki á löngu þar til 11 mánaða gömul dóttir okkar vill kíkja fram með pabba sínum.

*Hver er bókin sem þú ert að lesa eða last síðast?*

Akkúrat núna er ég að hlusta á bókina Tvísaga sem fjallar um fjölskyldusögu Ásdísar Höllu Bragadóttur. Það er átakanleg saga sem hefur kennt mér að vera þakklátur fyrir það sem maður hefur. Svo er ég að lesa bókina Time Crunched Cyclist um hvernig hægt er að hámarka árangur við hjólreiðaæfingar með lítinn tíma aflögu.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í starfinu?*

Kolibri hefur tvöfaldast að stærð á rúmlega tveimur árum og því hafa fylgt alls kyns áskoranir. Það hefur falið í sér mikla aðlögun á því hvernig við vinnum, eigum samskipti og skipuleggjum okkur.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrarumhverfinu?*

Langflest fyrirtæki eru að bregðast við áskorunum í viðskiptaumhverfinu með því að hugsa meira stafrænt. Þjónusta Kolibri gengur út á að hjálpa fyrirtækjum í gegnum þessar breytingar. Hlutirnir eru að gerast gífurlega hratt og áskoranirnar felast í því að halda okkur ferskum og vera sífellt skrefi á undan.



Ólafur Örn segist fullviss um að þjónusta fyrirtækisins eigi erindi á erlenda markaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Ég er mikill morgunmaður og er yfirleitt vaknaður fyrir klukkan sex. Það er gæðatími sem ég eyði með sjálfum mér.**

*Hvaða breytingar sérðu fyrir þér hjá Kolibri á næstu árum?*

Við munum halda áfram að vaxa inn á nýjar og spennandi brautir. Við ætlum okkur að vera í fararbroddi þegar kemur að þeim breytingum sem fyrirtæki eru að ganga í gegnum. Við trúum því einnig að þjónusta okkar eigi erindi á erlenda markaði og eigum okkur draum um samkeppnishæft Ísland hvað það varðar.

*Ef þú þyrftir velja allt annan starfsframa, hver yrði hann?*

Þá væri ég klárlega kokkur! Ég hef gífurlega ástríðu fyrir matreiðslu og leita alltaf í hana þegar ég þarf að kúpla mig út úr daglegu amstri.

*Hvar sérðu þig eftir tíu ár?*

Það er manni einhvern veginn eðlislægt að hugsa þessa spurningu út frá starfinu sínu en ég sé mig sem hamingjusaman fjölskylduföður í góðu líkamlegu og andlegu formi með reynslu og þekkingu sem ég verð stoltur af.

### Helstu drættir

**Störf:**
- Forritari hjá mbl.is 2006-2009
- Forstöðumaður stafrænna viðskipta Eddu útgáfu 2009-2010
- Sérfræðingur í vefgreiningu hjá mbl.is 2010-2012
- Vefmarkaðsstjóri WOW air 2012-2013
- Framkvæmdastjóri Form5 2013-2014
- Ráðgjöf, sala og markaðssetning hjá Kolibri 2014-2015
- Ráðinn framkvæmdastjóri Kolibri haustið 2015

**Fjölskylduhagir:**
- Giftur Árdísi Ethel Hrafnsdóttur, lögfræðingi hjá Eik fasteignafélagi. Saman eigum við Katrínu Viktoríu og stjúpdóttur mína, Önju Fanneyju.

# Áratugur breytinga: Heimilin og fjárhagsstaðan



**Jóna Karen Sverrisdóttir**
viðskiptastjóri hjá Gallup

Íslensk heimili fóru ekki varhluta af efnahagshruninu en því fylgdi mikil kjaraskerðing fyrir almenning. Með falli krónunnar jókst verðbólga sem aftur rýrði kaupmátt launa. Með aukinni verðbólgu hækkuðu verðtryggðar skuldir og þar með greiðslubyrði heimilanna vegna húsnæðislána. Fjölmörg heimili voru með skuldir í erlendri mynt sem hækkuðu skyndilega vegna falls krónunnar. Atvinnuleysi jókst og vinnustundum fækkaði. Gallup fylgdist grannt með stöðu mála og er áhugavert að rýna í niðurstöður spurninga sem lagðar hafa verið fyrir almenning um fjárhagsstöðu heimila allt frá aðdraganda hrunsins til dagsins í dag.

Á árunum 2005-2008 sagðist u.þ.b. einn af hverjum 10 safna skuldum eða nota sparifé til að ná endum saman á meðan sex af hverjum 10 söfnuðu ýmist svolitlu eða talsverðu sparifé. Frá árinu 2009 fór hins vegar að halla verulega undan fæti og má segja að á árinu 2011 hafi botninum verið náð þegar 11% sögðust safna skuldum, 16% notuðu sparifé til að ná endum saman og 36% náðu endum saman með naumindum. Hins vegar gátu einungis 36% safnað sparifé. Frá 2014 hefur fjárhagur heimila landsins aftur á móti vænkast jafnt og þétt og nú árið 2018 segjast 4% safna skuldum, 6% nota sparifé til að ná endum saman, 27% ná endum saman með naumindum og 63% ná að safna sparifé.

Athyglisvert er að skoða mun á hlutfalli þeirra sem geta safnað sparifé eftir því hvort fólk býr í eigin húsnæði eða í leiguhúsnæði. Fyrir hrun var staða þeirra sem bjuggu í eigin húsnæði töluvert betri en leigjenda en eftir efnahagshrunið dró verulega saman með hópunum og var hlutfall húsnæðiseigenda og leigjenda sem gátu safnað sparifé svipað. Árið 2014 tók leiðir að skilja á ný og í dag er hlutfall leigjenda sem ná að safna sparifé töluvert lægra en þeirra sem búa í eigin húsnæði. Þeir sem hafa meiri menntun og þeir sem hafa hærri fjölskyldutekjur eru líklegri til að geta safnað sparifé en þeir sem hafa minni menntun að baki og þeir sem hafa lægri tekjur.

Annað sjónarhorn á fjárhagsstöðu heimilanna er að bera saman skuldir vegna húsnæðis í samanburði við markaðsverð, meðal þeirra sem búa í eigin húsnæði. Árið 2009 sögðu 16% skuldir heimilisins vegna húsnæðis vera hærri en markaðsverð þess og jafnmargir sögðu skuldir vegna húsnæðisins álíka miklar og markaðsverð þess. Ríflega helmingur sagði skuldir heimilisins lægri en markaðsverð húsnæðis. Í dag er staðan sú að þeim hefur fækkað töluvert sem segja skuldir hærri en markaðsverð og er hlutfall þeirra nú ríflega 3%. Rúm 9% segja skuldir álíka miklar og markaðsverð húsnæðisins en 68% segja að skuldir heimilisins vegna húsnæðis séu lægri en markaðsverð þess. Hlutfall þeirra sem segjast ekki skulda vegna húsnæðis hefur hins vegar lítið breyst frá 2009.

Út frá þessum niðurstöðum er því óhætt að fullyrða að fjárhagsstaða íslenskra heimila hefur á heildina litið batnað frá efnahagshruni. En má greina einhverja breytingu á viðhorfi og hegðun Íslendinga þegar kemur að eigin fjármálum? Íslendingar urðu varkárari með skuldsetningar í kjölfar hrunsins þrátt fyrir að þær hafi verið að aukast lítillega á ný. Jafnframt leggjum við í auknum mæli fé til hliðar til sparnaðar. Til að varpa frekara ljósi á hvort viðhorf okkar í fjármálum hafi breyst má rýna í afstöðu almennings til fullyrðingarinnar „Kaup á verðbréfum eða hlutabréfum eru of áhættusöm fjárfesting fyrir mig“. Á árunum 2005-2007 var tæplega helmingur Íslendinga ósammála fullyrðingunni og hefur þannig metið það sem svo að kaup á verðbréfum og hlutabréfum væru ekki of áhættusöm fjárfesting fyrir sig. Frá 2008 dró hratt úr áhættusækni hvað fjárfestingar varðar en frá 2014 hefur þeim hægt og bítandi fjölgað sem telja kaup á verðbréfum og hlutabréfum ekki vera of áhættusama fjárfestingu. Sumarið 2018 sögðu 28% kaup á verðbréfum og hlutabréfum ekki vera of áhættusama fjárfestingu fyrir sig sem er enn töluvert fjarri stöðunni eins og hún var á árunum 2005-2007.

En hvaða augum lítur almenningur framtíðina þegar kemur að fjármálum heimilisins? Samfélagsmælikvarði Gallup byggir m.a. á spurningu um hvort heildartekjur heimilisins muni aukast, haldast óbreyttar eða minnka á næstu sex mánuðum. Í ágúst 2018 taldi fimmtungur að tekjurnar myndu minnka á næstu 6 mánuðum, tveir af hverjum þremur töldu þær verða óbreyttar en naumlega 14% töldu að þær myndu aukast. Fleiri telja því að heildartekjur heimilisins muni minnka á næstu sex mánuðum en hafa gert um nokkra hríð. Af öllu ofansögðu má því vera ljóst að miklar breytingar hafa átt sér stað á fjárhagsstöðu íslenskra heimila á undanförnum áratug. Það verður forvitnilegt að fylgjast með þróuninni á næstu mánuðum en reynslan hefur sýnt okkur að staðan getur breyst hratt.

### Telur þú að skuldir heimilis þíns vegna húsnæðisins séu hærri eða lægri en markaðsverð þess?







### Kaup á verðbréfum og hlutabréfum eru of áhættusöm fjárfesting fyrir mig






# Andaðu léttar

Nagladekk valda svifriki og slíta akbrautum hundraðfalt meira en önnur dekk. Svifrik er fínasta gerð rykagna sem eiga greiða leið í öndunarfærin og valda margskonar óþægindum. Óþægindin geta verið það alvarleg að fólki með öndunarerfiðleika er bent á að halda sig heima við þegar ástandið er sem verst. Þá kemur það stundum fyrir að börnum er haldið inni á leikskólum, á góðviðrisdögum, vegna mengunar.

Í Toyo harðskeljadekkjum eru notaðar valhnetuskeljar sem hlífa malbikinu og draga úr svifriki en eru jafnframt með frábært grip, góða hemlun, hljóðlát og tryggja öryggi þitt og þinna.

Breiðhöfða 13
110 Reykjavík
590 2080

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110

Grjótháls 10
110 Reykjavík
561 4210

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333

Njarðarnesi 1
603 Akureyri
460 4350

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200

# Skotsilfur

## Jón til AGS



**Jón Þ. Sigurgeirsson,** framkvæmdastjóri alþjóðasamskipta og skrifstofu seðlabankastjóra, mun færa sig um set um áramótin og taka til starfa hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) í Washington D.C. Þar mun hann starfa sem skrifstofustjóri í kjördæmi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna hjá sjóðnum og sitja í framkvæmdastjórn AGS. Jón hefur verið á meðal æðstu stjórnenda Seðlabankans um áralangt skeið auk þess að hafa verið í framkvæmdahópi stjórnvalda um afnám hafta. Þá hefur hann síðustu ár einnig verið í stjórn gríska Fjármálastöðugleikaráðsins.

## Bjartsýnin dugði ekki til



**Andri Már Ingólfsson** ferðafrömuður talaði digurbarkalega á síðum Markaðarins í september. Hann sagði að tekjur Primera Air, sem fór í greiðslustöðvun í gær, myndu að líkindum aukast um 8,3 milljarða króna á milli ára og stefndu í 32 milljarða króna í ár. Hann hélt því fram, sem enginn fótur reyndist fyrir, að félagið væri að ljúka við rúmlega fimm milljarða langtímafjármögnun. Efnahagur Primera Air var hins vegar viðkvæmur og eiginfjárhlutfallið einungis 9 prósent við árslok. Þótt Andri Már hafi átt betri daga á hann enn víðfeðmt ferðaskrifstofuveldi.

## Í sitt hvoru liðinu

Margrét Kristín Blöndal tónlistarkona skaut föstum skotum á störf bróður síns, **Sölva Blönda**l. Hún er nýkjörin formaður Samtaka leigjenda og lét hafa eftir sér: „Hvergi í okkar heimshluta er það látið viðgangast að stór leigufélög geti gert út á húsnæðisvanda almennings eins og hér er látið óáreitt.“



Þekkt er að Sölvi hefur verið einn helsti sérfræðingur GAMMA um húsnæðismarkaðinn og situr í stjórn Almenna leigufélagsins. Vonandi sýna þau stillingu þegar leikar standa sem hæst í fjölskylduboðum og tónlist Quarashi er skrúfuð alla leið í ellefu í græjunum.

# Bankastjórinn hættir þegar í stað




Stjórn Danske Bank rak á mánudag bankastjórann Thomas Borgen umsvifalaust úr starfi eftir að upp komst að bankinn hefði þvegið 200 milljarða dala í útibúi sínu í Eistlandi. Borgen hafði áður sagt starfi sínu lausu en hugðist þó starfa áfram þar til eftirmaður tæki við. „Við erum á þeirri skoðun að sá sem varðar veginn sé einnig hluti af framtíðinni. Það er Thomas Borgen ekki,“ sagði Ole Andersen stjórnarformaður. NORDICPHOTOS/GETTY

# Krísa!



**Friðjón Friðjónsson**
framkvæmdastjóri KOM



**Soffía Sigurgeirsdóttir**
ráðgjafi hjá KOM

Öll fyrirtæki geta orðið fyrir áfalli eða farið í gegnum krísu vegna atvika sem ekki gera boð á undan sér. Með góðum undirbúningi og réttum viðbrögðum er þó hægt að koma í veg fyrir að orðspor fyrirtækisins skaðist til lengri tíma. Það hefur aldrei gefist vel að stinga höfðinu í sandinn og bíða eftir því að áfallið líði hjá. Væntingar til fyrirtækja eru miklar og viðbrögðin hraðari en nokkru sinni fyrr. Fjölmiðlar eru vel vakandi, einstaklingar eru óhræddir við að tjá skoðun sína á samfélagsmiðlum og á skömmum tíma getur lítið atvik orðið að stóru máli ef ekki er rétt brugðist við. Orðspor fyrirtækja er undir og því skiptir öllu máli að bregðast við með réttum hætti.

**Viðbragðsleysi rýrir traust**

Það felast mikil verðmæti í því að byggja upp og viðhalda góðri ímynd. Rannsóknir sýna fram á tengsl á milli ímyndar og velgengni fyrirtækja, óháð því hvort þau eru skráð á markað eða ekki. Greining á mögulegum krísum og orðsporsáhættu er því mikilvægur liður í rekstri fyrirtækja samhliða undirbúningi um það hvernig bregðast skuli við og miðla upplýsingum. Ef fyrirtæki er ekki búið undir það að takast á við verkefnið eru allar líkur á því að skaðinn verði meiri. Oftast eru það viðbrögð stjórnenda sem gera krísuna verri en þurfa þykir. Viðbragðsleysi, sem kemur til af því að fyrirtæki og stjórnendur þeirra eru ekki undirbúin, getur haft sömu áhrif.

Þær eru óteljandi sögurnar af því þegar fyrirtæki hafa brugðist við krísum með vitlausum hætti – eða jafnvel haldið að allt muni líða hjá án þess að bregðast þurfi við. Oft skýrist það af því að fyrirtækin hafa ekki undirbúið sig, hafa ekki búið til samskiptaáætlun og vita ekki hvernig bregðast skuli við þegar á reynir. Þá verða krísur að klúðri og ímynd fyrirtækisins bíður hnekki sem erfitt er að bæta. Bestu fyrirtækin koma þó undirbúin til leiks. Þau hafa nýtt tímann vel með því að greina möguleg áföll og hvernig best er að takast á við aðstæður með skýrum skilaboðum og réttum verkferlum. Fyrir fram mótuð samskiptaáætlun kemur sér vel þegar erfið mál koma upp og lykillinn að árangri er að hafa frumkvæði í innri og ytri samskiptum við hagsmunaaðila.

**Samskipti við fjölmiðla**

Það er hlutverk fjölmiðla að upplýsa almenning um það sem á sér stað í samfélaginu. Það sem fjölmiðlar kjósa að fjalla um verður almenningseign og því hefur umfjöllun fjölmiðla áhrif á það hvernig atvinnulíf, stjórnmál og samfélög bregðast við og þróast. Orðræða almennings og fjölmiðla stigmagnast með tilkomu samfélagsmiðla. Stjórnendur fyrirtækja þurfa að vera meðvitaðir um þetta breytta landslag og tilbúnir að bregðast hratt við þörfum neytenda og hagsmunaaðila sem og spurningum fjölmiðla.

Það er mikilvægt að stjórnendur og talsmenn fyrirtækja séu vel undirbúnir í samskiptum ef bregðast þarf við atburðum sem snúa að starfsemi fyrirtækisins. Þögn undirstrikar óvissu en útúrsnúningur og tilraun til þess að afvegaleiða umræðu skapar vantraust. Þá er mikilvægt að styðjast einungis við staðreyndir, segja rétt og satt frá og segja söguna alla sjálfur en ekki hálfkveðnar vísur. Það sem er ósagt eða ósatt verður oftar en ekki aðalatriðið í umfjöllun sem getur orðið kostnaðarsamt. Nýlegt dæmi af Elon Musk þar sem eitt tíst kostaði hann stjórnarformennsku í Tesla og hann og fyrirtækið samtals 40 milljónir dollara í sektir sýnir að orð geta verið dýr.

Það felst lærdómur í því fyrir fyrirtæki og stjórnendur þeirra að takast á við krísur. Góður undirbúningur er sem fyrr segir lykilatriði og það er mikilvægt að huga að honum áður en til krísunnar kemur. Þannig eru fyrirtæki frekar í stakk búin til að takast á við erfiðleika . Við gerð skilvirkra samskiptaáætlana skapast einnig svigrúm til að koma auga á mögulegar hættur og fyrirbyggja á þann hátt áföll sem geta haft neikvæð áhrif á ímynd fyrirtækja – áður en það verður of seint.

# Úrbótatækifæri stjórna



**Anna Þóra Ísfold**
Msc, meðstjórnandi FKA og viðurkenndur stjórnarmaður

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland gáfu út leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja fyrst árið 2004 og hafa uppfært reglulega. Hugtakið „góðir stjórnarhættir“ heyrði ég fyrst á námskeiði hjá Rannsóknarmiðstöð um góða stjórnarhætti í HÍ. Stofnuð árið 2008 að frumkvæði dr. Eyþórs Ívars Jónssonar, rannsakanda góðra stjórnarhátta, sem árin fyrir hrunið árið 2008 var leiðandi í aukinni þekkingu og vitundarvakningu á þessu sviði. Námið veitti mér viðeigandi þekkingu til stjórnarsetu, ég starfa nú á þriðja ári af fjórum í stjórn FKA, sem einkennist af hugsjón og metnaði í umboði 1.200 kvenleiðtoga og stjórnenda í atvinnulífinu.

Nú þegar raddir um niðursveiflu heyrast víða í samfélaginu, samdráttur og hriktir í stoðum fyrirtækja, þá vil ég halda í þá staðföstu trú að margt hafi breyst frá því árin fyrir hrun árið 2008, að við séum reynslunni ríkari til að takast á við niðursveiflur. En minningar um kreppu á 10 ára fresti frá barnæsku sá efasemdaröddum í huga mér. Vil ég nýta tækifærið til að hvetja stjórnir til að innleiða góða stjórnarhætti, gæta að fjölbreytni og innleiða reglulegt sjálfsmat stjórna. Taka FME til fyrirmyndar sem innleiddi árið 2017 að stjórnir tiltekinna banka, sparisjóða, vátryggingafélaga, lífeyrissjóða og íbúðalánasjóðs myndu innleiða reglulegt sjálfsmat í þeim tilgangi að kortleggja þætti sem nauðsynlegir eru til að stjórn eftirlitsskylda aðilans hafi í heild sinni og komi auga á úrbótatækifæri.

Samkvæmt Hagstofu Íslands í lok árs 2017 voru konur 26,1% stjórnarmanna fyrirtækja sem greiða laun og eru skráð í hlutafélagaskrá en 32,6% hlutfall kvenna í fyrirtækjum með 50 launþega eða fleiri. Þegar ég hugsa til fjölbreytileika og þekkingar félagskvenna í FKA, velti ég fyrir mér hvernig standi á því að lög um kynjakvóta frá árinu 2013 hafi ekki skilað að minnsta kosti þeirri stöðu sem lögin kveða á um, að fyrirtæki með 50+ starfsmenn tryggi að hlutfall hvors kyns í stjórn sé ekki undir 40%. Einnig þykir mér undarlegt að sjá ekki hærra hlutfall kvenna í æðstu stjórnunarstöðum í fyrirtækjum á Íslandi.

Mér er minnisstæð saga frá reynsluríkum formanni stjórnar fyrirtækis á Íslandi, en sagan er rannsóknarefni út af fyrir sig. Konur fremur en karlmenn spyrja oftar krefjandi spurninga við stjórnarborðið, sem leiða m.a. til vandaðri verkefna og úrlausna til langtíma litið, hægðu á hraða sem einkenndi fyrri stjórnunarstíl án þeirra. Þá spyr ég hvort það sé ekki einmitt sú fjölbreytni sem stjórnir þurfa í dag?




# Fallegt skrifstofuhúsnæði í sögulegu húsi

Vandað 217 m² skrifstofuhúsnæði á 3. hæð í lyftuhúsi á horni Aðalstrætis og Vesturgötu er laust til leigu. Rýmið, sem er ris með mikilli lofthæð, hefur verið vandlega endurnýjað af Minjavernd í upprunalegri mynd. Klassískir gluggar eru á göflum og þakgluggar hleypa aukinni birtu inn í miðju rýmisins. Fallegt tréverk, s.s. bitar í loftum og hefðbundin gólfborð gefa rýminu einstakt útlit. Lyftan opnast beint inn í rýmið.

Húsið, sem er fyrrum pakkhús reist árið 1905, ásamt samtengdu húsi Aðalstrætismegin, kallast einu nafni Ingólfsnaust því að á þessum stað herma sagnir að Ingólfur Arnarson, fyrsti landnámsmaður Íslands, hafi dregið skip sín í naust.

**Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á www.reitir.is og hjá Halldóri Jenssyni sölustjóra í 840 2100 eða halldor@reitir.is.**

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR

*Velkomin til starfa*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 3. október 2018

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid


## Stjórnarmaðurinn

# Ójafn leikur

**Bandaríska** stórfyrirtækið Amazon hefur látið undan þrýstingi og hækkað laun lægst settu starfsmanna sinna í Bandaríkjunum og Bretlandi. Sagt er að launahækkunin nái til 250 þúsund starfsmanna í Bandaríkjunum og um 17 þúsund í Bretlandi. Upprunalega var Amazon stofnað til að selja bækur gegnum internetið en þróaðist síðar út í allsherjar markaðstorg á netinu.

**Nú til dags** er félaginu nánast ekkert óviðkomandi, framleiðir eigið sjónvarpsefni og selur allt frá matvöru til einingahúsa, auk þess að skara fram úr í tækni er tengist heimsendingum. Þá má heldur ekki gleyma styrkustu tekjulind Amazon, skýjalausnum til varðveislu rafrænna gagna. Markaðsvirði Amazon er í dag ríflega ein trilljón Bandaríkjadala, og auðæfi stofnandans, Jeff Bezos, metin á um 150 milljarða dala. Fyrirtækjum á borð við Amazon, Google, Apple, Netflix og fleirum er oft hampað fyrir að hafa gert líf nútímamannsins auðveldara. Apple framleiðir tækin sem gera fólki kleift að nálgast hvað sem er nánast hvenær sem er. Í gegnum þessi tæki er hægt að versla á Amazon, leita á Google og horfa á Netflix.

**Allir starfa** þessir tæknirisar þvert á landamæri. Hefðbundnar tískuverslanir eiga undir högg að sækja vegna netverslunar, Apple útrýmdi farsímadeild Nokia með einu náðarhöggi, Google gerði alfræðiorðabókina óþarfa og Netflix gerir kvikmyndahúsum og hefðbundnum sjónvarpsrásum erfitt fyrir. Þá eru skýjalausnir Apple, Google og Amazon á góðri leið með að útrýma skjalaskápnum. Auðvitað er því rétt að þessi fyrirtæki hafa að langmestu bætt og einfaldað líf fólks.

**Skuggahliðin** er sú að fyrirtækin, sem eru alls staðar, virðast samt hvergi eiga heima. Nóg hefur verið rætt og ritað um skattalegan strúktúr bæði Apple og Amazon sérstaklega. Netflix starfar nánast alls staðar en þarf samt ekki að fylgja lögum í einstökum löndum hvað varðar textun og fleira. Það þurfa RÚV og Stöð 2 að gera með tilheyrandi kostnaði.

**Risarnir** njóta því ekki bara stærðarhagkvæmni heldur þurfa þeir ekki að fylgja lögum og reglum í sama mæli og fyrirtæki sem ekki eru jafn alþjóðleg. Auðvitað er óhófleg skattheimta ekki af hinu góða. Aðalmálið er að allir sitji þar við sama borð og eigi rétt á mannsæmandi kjörum. Alveg sama þótt skattaleg heimilisfesta vinnuveitandans sé á eyðieyju. Verkefnið á að vera að koma böndum á að alþjóðlegir risar geti óáreittir siglt undir sjóræningjaflaggi. Innlend fyrirtæki eiga auðvitað enga heimtingu á áframhaldandi tilvist, en þau þurfa samt að geta mætt samkeppni frá risunum á jafnréttisgrundvelli.






# Hlutafé Cintamani aukið um 300 milljónir

Cintamani tapaði tæplega 127 milljónum króna á síðasta ári, samkvæmt nýbirtum ársreikningi fataframleiðandans, borið saman við 13 milljóna króna hagnað árið áður.

Hlutafé félagsins var jafnframt aukið um 300 milljónir króna á þessu ári, að því er fram kemur í ársreikningnum, og þá hefur rekstrarlán félagsins upp á 150 milljónir króna, sem var gjaldfallið í lok síðasta árs, verið framlengt til september á næsta ári.

Rekstrartekjur Cintamani námu 757 milljónum króna á síðasta ári og drógust saman um fimmtung frá fyrra ári þegar þær námu 949 milljónum króna. Þá voru rekstrargjöldin 837 milljónir króna í fyrra og lækkuðu um 2,8 prósent á milli ára.

Kristinn Már Gunnarsson á 70 prósenta hlut í framleiðandanum og Frumtak 30 prósenta hlut.

Eins og Markaðurinn greindi frá var félagið sett í söluferli á fyrri hluta síðasta árs en hætt var við söluna. – kij



**Kristinn Már Gunnarsson, stærsti eigandi Cintamani.**

**2.10.2018**

**Við vorum að vonast til þess að geta bjargað langtímafjármögnun fyrir félagið alveg þangað til á mánudaginn.**

Andri Már Ingólfsson, eigandi Primera Air






LG
Life's Good

HAUSTTILBOÐ!

## FULLKOMIN MYND · FULLKOMIÐ HLJÓÐ

# FULLKOMIN UPPLIFUN!

**50.000**
AFSLÁTTUR




LG OLED TV

## SJÓNVARP OG SOUNDBAR SAMAN Á TILBOÐI!

OLED Ultra HD Premium sjónvarp með Perfect Black, Active HDR myndtækni, Dolby Vision, webOS 4.0 netviðmóti og Magic Remote fjarstýringu með Netflix 4K hnappi ásamt 320w Soundbar með þráðlausum bassahátalara, Spotify Connect, Google Cromecast og Bluetooth tengingu.

OLED55B8 ALPHA 7 + SJ6
**LG 55" OLED OG SOUNDBAR**
~~329.980~~ KR. **TILBOÐ 279.980 KR.**

OLED55C8 ALPHA 9 + SJ6
**LG 55" OLED OG SOUNDBAR**
~~349.980~~ KR. **TILBOÐ 299.980 KR.**

OLED65B8 ALPHA 7 + SJ6
**LG 65" OLED OG SOUNDBAR**
~~499.980~~ KR. **TILBOÐ 449.980 KR.**

**BETRA BORGAR SIG**
Opið virka daga 10 – 18 · Laugardaga 11 – 16

RAFLAND
Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Austan og norðaustan 13-23 m/s með rigningu eða slyddu. Hvessir S-lands seinnipartinn og síðla kvölds á N-landi og Vestfjörðum. Hiti 1 til 9 stig, mildast syðst.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 0° | 1° |
| ↙16 | ↙17 | ↓16 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 4° | 7° | -1° |
| ↙8 | ↘6 | ↓16 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -1° | -1° |
| ↓5 | ↓3 | ↓7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -1° | 3° | -4° |
| ↘9 | ↓4 | ↓5 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | | 2 | | 5 | | 3 |
| | 2 | | 7 | 3 | | | | |
| | | 9 | | | 5 | | | |
| | | 7 | | | | | | |
| 9 | | | | | 3 | 4 | 1 | |
| 5 | | | 1 | 9 | | 6 | 8 | |
| | 5 | | 9 | 8 | 2 | | | |
| 7 | | | 6 | | | 8 | | 2 |
| | | 8 | | 5 | | 1 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 2 | 1 | | | 3 |
| 8 | | | | 9 | | 7 | | 2 |
| | | 5 | | | 4 | 6 | | |
| 5 | | | 3 | | 9 | | | 1 |
| | 6 | | 4 | | | 3 | 7 | |
| 2 | | | | | | | 4 | |
| 3 | | | 9 | | 8 | 1 | | |
| | 7 | 8 | 1 | | | | | |
| 6 | | | | 7 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | | | 5 | 9 | | | |
| | | | 1 | | 3 | | | |
| | | 5 | 6 | | | | | 7 |
| | | 2 | | | 6 | | 1 | |
| 1 | | 9 | | 2 | | | 7 | |
| | | | | | 1 | 8 | | |
| 2 | 9 | | 8 | | | | 3 | |
| | 6 | 8 | | | | | 5 | |
| | | 1 | 9 | | 4 | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. iðja
5. reiðihljóð
6. í röð
8. vín
10. kusk
11. kk nafn
12. hrap
13. málhelti
15. spilasort
17. kvk. nafn

**LÓÐRÉTT**
1. slettast
2. hljómsveit
3. rölt
4. sjávarmáls
7. hvel
9. barlómur
12. hegða
14. tæfa
16. tveir eins




LÁRÉTT: 1. starf, 5. urr, 6. jk, 8. líkjör, 10. ló, 11. ari, 12. hrun, 13. stam, 15. tígull, 17. karla.
LÓÐRÉTT: 1. sullast, 2. tríó, 3. ark, 4. fjöru, 7. kringla, 9. jarmur, 12. haga, 14. tík, 16. ll.

## Skák Gunnar Björnsson

Fabiano Caruana (BNA) hafði hvítt gegn Shakhruyar Mamedyarov (AZE) á 1. borði í uppgjöri toppliðanna á Ólympíumótinu í Batumi í Georgíu.
**62. Hh2+ Kg4 63. Kg2! g5** (63. – Dxg8 64. Hh4#) **64. De8 1-0**
Ekki er hægt að verjast máti á e2 og h5 samtímis.

Báðar viðureignir íslensku liðanna í gær, gegn Eþíópíu í kvennaflokki og Kyrgyzstan í opnum flokki, unnust 3-1.
**Nánari fregnir á skak.is.**

**Hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 4 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 2 | 9 | 6 | 3 | 1 | 7 | 5 | 4 | 8 |
| 1 | 7 | 3 | 5 | 4 | 8 | 6 | 9 | 2 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 5 | 3 | 2 | 9 |
| 5 | 8 | 9 | 6 | 3 | 2 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 2 | 7 | 1 | 9 | 4 | 8 | 5 | 6 |
| 7 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 9 | 6 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 | 4 |
| 4 | 5 | 2 | 8 | 7 | 1 | 9 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 5 | 2 | 3 | 7 |
| 3 | 6 | 5 | 2 | 7 | 4 | 9 | 8 | 1 |
| 1 | 7 | 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 5 |
| 7 | 3 | 1 | 4 | 9 | 8 | 6 | 5 | 2 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 4 | 9 |
| 4 | 5 | 9 | 6 | 2 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 6 | 1 | 3 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 4 |
| 8 | 2 | 4 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 6 |
| 5 | 9 | 7 | 8 | 4 | 6 | 1 | 2 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 7 | 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 5 |
| 3 | 2 | 4 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 8 | 2 |
| 6 | 1 | 5 | 9 | 7 | 8 | 2 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 8 | 2 | 5 | 6 | 1 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 9 | 3 | 1 | 4 | 6 | 5 | 8 |
| 5 | 9 | 1 | 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 6 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 6 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | 6 | 3 | 5 | 4 | 1 | 9 | 2 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








**1.798** kr. pk.

**Grænmetisréttur**
Vegan soyakjöt með rótargrænmeti, byggi og chili-mayjo



**1.959** kr. pk.

**Kjúklingaréttur**
Kjúklingabringur í engifer og lime með fersku grænmeti og ofnbökuðum kartöfluteningum



**1.959** kr. pk.

**Kjúklingaréttur**
Pönnusteiktir kjúklingastrimlar Rub með fersku grænmeti og sætkartöflumús



**1.959** kr. pk.

**Kjúklingaréttur**
Kjúklingabringur í Tikka masala með grænmeti, basmati hrís-grjónum og kryddjurtasósu



**2.198** kr. pk.

**Lambakjötsréttur**
Lambapottréttur í karrý-kókos með fersku grænmeti og basmati hrísgrjónum



**2.198** kr. pk.

**Fiskréttur**
Þorskhnakki Toscana með sætum kartöflum og brokkolí



**2.398** kr. pk.

**Fiskréttur**
Hvítlauksmarineraður Lax með rótargrænmeti, steiktu byggi og chili-mayjo



**2.398** kr. pk.

**Nautakjötsréttur**
Austurlenskur nautapottréttur með grænmeti og kartöflumús



# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **7. október** eða meðan birgðir endast.

# Skemmtiferð með mús og íslenskri tónlist

**Maxímús Músíkús heldur áfram að opna börnum heim klassískrar tónlistar í nýrri sögu. Þar leika tröll og fjöll Íslands og þjóðleg tónlist stórt hlutverk. Sinfó flytur efnið á laugardag í Hörpu með sögumanni og myndum.**


Saga Hallfríðar um músina hefur heillað börn um víða veröld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Maxímús Músíkús fer á fjöll heitir ný saga um músina Maxa. Hún var frumflutt í Walt Disney tónleikahöllinni í Los Angeles á síðasta ári fyrir níu þúsund áheyrendur samanlagt. Söguefnið er Ísland, náttúran, tröllin og lífið í gamla daga. Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari er höfundur sögu og hljóðmyndar og Þórarinn M. Baldursson, víóluleikari og félagi hennar í Sinfóníuhljómsveit Íslands, skreytir bókina myndum sem einnig er varpað á stóran skjá á tónleikum. Nú með hreyfingum að hluta til.

Þetta er fimmta bók þeirra Hallfríðar og Þórarins um hina músíkölsku mús. Allar eru til í tónleikaútgáfum og hafa verið fluttar af sinfóníuhljómsveitum og kammerhljómsveitum víða um heim. Fjögur ár eru frá því síðasta bókin kom út. Hallfríður er spurð hvort eftirspurnin sé stöðug?

„Já, bækurnar hreyfast víst jafnt og þétt en við héldum að við værum hætt. Vorum búin að skrifa um hljómsveitina, tónlistarskólann, um dans og um söng og töldum þetta orðið gott. En þá kom beiðni frá Sinfóníuhljómsveit Íslands og Los Angeles fílharmóníunni um eitthvað nýtt og af því að þetta var fyrir tónlistarhátíðina „Reykjavík“ þar vestra þá var fyrsta hugsun hjá mér að gera Íslandskynningu.“

Nýja bókin kemur út hjá Forlaginu, hljóðbókin, ásamt tónlistinni er að fara í loftið og fjölskyldutónleikar verða hjá Sinfóníunni á laugardag, 6. október, klukkan 14. Þó efnið hafi verið samið með erlend börn í huga segir Hallfríður söguna ekkert síður eiga mikilvægt erindi við íslensk börn, fæst þeirra hafi kynnst jöklum, eldgosum eða íslenskum þjóðlögum að marki. „Við erum að deila menningararfinum til barnanna. Þarna er stórskemmtileg tónlist eftir Jón Ásgeirsson, Jórunni Viðar, Tryggva M. Baldvinsson og Báru Grímsdóttur, þjóðlagasyrpa eftir Gunnstein Ólafsson. Líka stutt brot úr verkum eftir yngri tónskáld, til dæmis úr Hrími eftir Önnu Þorvaldsdóttur sem undirstrikar ískrandi kuldann á jöklinum og úr Storku eftir Hauk Tómasson sem túlkar vellandi hraun. Lokatónar eru eftir Daníel Bjarnason. Ég vel tónlistina með það í huga að hún gefi réttu stemninguna fyrir söguna og stundum kallar tónlistin á að eitthvað gerist í sögunni, til dæmis verður músaball því að í miðju verki eftir Jón Ásgeirsson kemur ljúfur vals og þá dansa mýsnar.“

Hallfríður segir efnið ætlað aldurshópnum frá fjögurra til níu ára, þó geti allir haft af því gaman. Eldri bækurnar eru aðgengilegar og nú er verið að setja hljóðbækurnar með tónlistinni inn á streymi á netinu. „Foreldrar ungra barna eiga margir hverjir ekki geislaspilara lengur svo í fyrsta sinn fylgir þessari bók ekki plastdiskur heldur sækir fólk hljóðbókina á vef Forlagsins. Tákn um nýjustu tækni og vísindi.“

Hallfríður segir fjórar sýningar hafa verið í Los Angeles og efninu vel tekið. „Það var mikið fjör þegar börnin voru að búa til veðurhljóð, þýðan vind, mjúka rigningu, haglél og rok. Í Kaliforníu eru börn auðvitað bara vön sól og blíðu en þau hjálpuðu til að segja söguna með henni Unni Eggertsdóttur, sem var valin úr hópi umsækjenda um það hlutverk. Unnur stóð sig með stakri prýði. Hún býr í Los Angeles en er að koma hingað til að flytja söguna á laugardaginn og Daníel Bjarnason stjórnar hljómsveitinni.“




## Tíu ára ferill músarinnar

**Frá því Maxímús Músíkús kom fyrst fram árið 2008 í tónum, texta og myndum hafa 130 þúsund tónleikar verið haldnir í 32 tónleikasölum fyrir 130 þúsund áheyrendur í þrjátíu þúsund borgum og bæjum.**

**Ríflega 100 þúsund bækur hafa verið prentaðar á ensku, þýsku, portúgölsku í Brasilíu, færeysku, kóresku og kínversku, auk íslenskunnar.**

**Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina hefur fengið hin ýmsu verðlaun, bæði bókin og verkefnið í heild.**

**Vladimir Ashkenazy, píanóleikari og hljómsveitarstjóri, er verndari verkefnisins.**



# Betur má ef duga skal

**TÓNLIST**

**Kammertónleikar**

★★☆☆☆

**Verk eftir Mamikó Dís Ragnarsdóttur, Svetlönu Veschagina, Leu Freire, Högna Egilsson og Benjamin Britten.**

**Íslenskir strengir léku undir stjórn Ólafar Sigursveinsdóttur.**
**Einsöngvari:** Þorsteinn Freyr Sigurðsson.
**Hornleikur:** Joseph Ognibene.
**Salurinn í Kópavogi**
sunnudaginn 30. september

Glöggum tónleikagestum með tóneyrað í lagi kann að hafa fundist Joseph Ognibene vera nokkuð falskur. Hann lék á horn á tónleikum í Salnum í Kópavogi á sunnudagskvöldið. Flutt var serenaða eftir Britten, sem er fyrir tenór, strengi og horn. Nokkrir tónar í innganginum og eftirspilinu, þar sem hornið hljómaði eitt, virkuðu óhreinir. Þetta var þó eðlilegt. Verkið er samansafn af ljóðum sem öll fjalla um nóttina, bæði í jákvæðum og neikvæðum skilningi. Hornið á að vera eins konar veiðihorn sem ómar einmanalega úti í næturkyrrðinni, fyrst nálægt og svo langt í burtu. Britten vildi náttúrutóna hornsins, ekki þessa sem maður heyrir venjulega á sinfóníutónleikum, og þeir eru örlítið öðruvísi.

Söngvarinn í serenöðunni var Þorsteinn Freyr Sigurðsson tenór sem hefur ekki verið mjög áberandi, enda starfar hann aðallega erlendis samkvæmt tónleikaskrá. Vonandi mun það breytast því hann er magnaður söngvari. Söngur hans var tilfinningaþrunginn og blæbrigðaríkur, röddin kröftug og breið, og gædd aðdáunarverðum fókus.

Því miður er ekki hægt að segja það sama um hljómsveitina, Íslenska strengi. Hún samanstóð af sautján strengjaleikurum undir stjórn Ólafar Sigursveinsdóttur. Okta- og heiltónskaladans eftir Mamiko Dís Ragnarsdóttur kom fjarskalega illa út. Tónlistin sjálf var létt og leikandi upp og niður framandi tónstiga; heildarmyndin var forvitnileg og kom á óvart. Kannski var einhver húmor í verkinu, en hann skilaði sér ekki í flutningnum. Svo til hver einasti tónn var óhreinn, samspilið loðið, tónmótunin hrá. Nú er ég ekki að segja að allir sautján hljóðfæraleikararnir hafi spilað illa, en strengjasveit er í eðli sínu viðkvæmt fyrirbæri. Ekki þarf nema örfáa skussa til að skemma heildarmyndina.

Svipað var uppi á teningnum hvað flest annað á tónleikunum varðaði. Svíta eftir Svetlönu Veschagina, einn af sellóleikurum hljómsveitarinnar, var stutt en hnitmiðuð, með úthugsaðri framvindu. Alma eftir Högna Egilsson var líka flott í sjálfu sér, lagræn og nánast rómantísk, en aldrei á neinn ódýran máta. Þvert á móti var tónmálið fullt af innblæstri og fegurð. Hvorugt verkið hljómaði þó vel á tónleikunum af ofangreindum ástæðum. Það stóð varla steinn yfir steini í flutningnum.

Furðulegt nokk þá kom hljóðfæraleikurinn einna skást út í hinu brasilíska Brincando com Theo eftir Leu Freire. Þar var ákafur dansrytmi í forgrunni. Heildarhljóminn skorti að vísu tærleika, en rytminn skilaði sér þolanlega. Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir, sem útsetti herlegheitin fyrir strengi, var einleikari og rödd fiðlunnar hennar var áleitin og markviss.



**Söngur Þorsteins var tilfinningaþrunginn og blæbrigðaríkur.**

Efnisskráin sem slík var spennandi. Verkin eftir Högna og Mamiko voru frumflutt á tónleikunum, og tónsmíð Svetlönu hafði aðeins einu sinni áður verið leikin. Það fylgir því þó mikil ábyrgð að frumflytja. Slæm spilamennska gefur skekkta mynd af tónlistinni og getur jafnvel drepið hana í fæðingu. Vonandi á maður eftir að heyra verkin aftur, og þá í ákjósanlegri búningi.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Glæstur söngur og góð tónlist, en slæmur strengjaleikur.

# Að steypa sér í jökulinn




Haldið verður upp á hálfrar aldar útgáfuafmæli Kristnihalds undir jökli í stofunni á Gljúfrasteini í kvöld, 3. október klukkan 20. Ástráður Eysteinsson, prófessor í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands, ræðir þar um verkið frá sjónarhóli samtímans, hálfri öld síðar. Yfirskriftin er: Að steypa sér í jökulinn. Hugleiðingar um Kristnihald Halldórs Laxness.

Þegar bókin kom út, 3. október 1968, hafði nýrrar skáldsögu frá nóbelsskáldinu verið beðið með eftirvæntingu, því átta ár voru liðin frá útgáfu Paradísarheimtar. **– gun**

Sjóvá

440 2000

## Hluthafafundur í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. 26. október 2018

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. boðar til hluthafafundar í félaginu sem haldinn verður í fundarsal félagsins, Kringlunni 5, 103 Reykjavík, föstudaginn 26. október 2018 og hefst kl. 8:30.

**Dagskrá fundarins er svohljóðandi:**

1. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.
2. Tillaga um starfsreglur tilnefningarnefndar.
3. Tillaga um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
4. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
5. Önnur mál löglega upp borin.

Dagskrárliðir 2, 3 og 4 eru háðir því að breytingar á samþykktum félagsins samkvæmt dagskrárlið 1 hafi áður verið samþykktar.

Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins lýtur að því að tilnefningarnefnd verði komið á í félaginu. Lagðar eru til breytingar á 16. og 18. gr. samþykktanna, auk þess sem lagt er til að ný grein komi inn í samþykktir á eftir 21. gr. og verði 22. gr. Einnig er gerð tillaga um ákvæði til bráðabirgða þannig að hægt sé að ganga frá skipan nefndarinnar svo hún geti strax hafið störf til undirbúnings aðalfundar árið 2019. Nánari upplýsingar um tillögu til breytingar á samþykktum félagsins er að finna á vefsvæði félagsins www.sjova.is/fjarfestar/hluthafafundir.

Framboð til setu í tilnefningarnefnd samkvæmt dagskrárlið 4 skulu hafa borist skriflega til stjórnar félagsins á þar til gerðu eyðublaði skemmst fimm dögum fyrir hluthafafundinn, þ.e. fyrir kl. 8:30 sunnudaginn 21. október 2018. Framboðseyðublöð er hægt að nálgast á vefsvæði félagsins. Hægt er að senda framboðstilkynningar á veffangið stjorn@sjova.is. Upplýsingar um frambjóðendur verða aðgengilegar á vefsvæði félagsins a.m.k. tveimur dögum fyrir fundinn.

Hluthafar eiga rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til stjórnar, sem berast skal skriflega eða rafrænt á netfangið stjorn@sjova.is í síðasta lagi kl. 8:30 þriðjudaginn 16. október 2018. Hafi hluthafar krafist þess að tiltekið mál eða ályktun verði tekin fyrir verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vefsvæði félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir hluthafafundinn. Hluthafar geta einnig lagt fram spurningar er varða auglýsta dagskrárliði á hluthafafundinum sjálfum.

Ekki er gert ráð fyrir að atkvæðagreiðslur á hluthafafundinum verði skriflegar nema einhver fundarmanna krefjist þess eða fundarstjóri úrskurðar um annað. Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Umboð gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess. Rafræn umboð má senda á veffangið stjorn@sjova.is og skulu þeim fylgja upplýsingar til nægjanlegrar sönnunar um að rafræna umboðið stafi frá hluthafa, svo sem mynd vegabréfs eða ökuskírteinis hluthafa eða fyrirsvarsmanns hluthafa.

Dagskrá hluthafafundarins og tillögur sem lagðar verða fyrir fundinn, auk nánari upplýsinga um réttindi hluthafa og annað sem varðar hluthafafundinn, eru birtar á vefsvæði félagsins www.sjova.is/fjarfestar/hluthafafundir.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á hluthafafundinn á fundarstað hálfri klukkustund áður en fundurinn hefst. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

*Reykjavík, 2. október 2018.*
**Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf.**

sjova.is

SJÓVÁ









**The Simpsons Pub quiz fer fram á Húrra í dag. Frítt inn og byrjað kl. 20. Fjórir í liði og sex flokkar.**

## Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

### 3. OKTÓBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** R6013: AxsDnchll/Sdprjct/JhnnBlz+HkkBrks/Hldgrvlr
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Ingólfsstræti 20
Axis Dancehall, Sideproject, Johnny Blaze & Hakki Brakes og Holdgervlar spila.

**Hvað?** Högni
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Meistari Högni tekur lagið í Mengi.

**Hvað?** Styrktartónleikar Gunnars Kvaran og Hauks Guðlaugssonar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Gunnar Kvaran sellóleikari og Haukur Guðlaugsson orgelleikari, hollvinir Hannesarholts, halda styrktartónleika í Hljóðbergi Hannesarholts miðvikudaginn 3. október kl. 20. Þeir félagar gefa vinnu sína og afrakstur miðasölu rennur alfarið til starfsemi Hannesarholts sjálfseignarstofnunar. Báðir eru þeir margverðlaunaðir tónlistarmenn sem hafa helgað líf sitt listagyðjunni. Hannesarholt kann þeim alúðarþakkir fyrir stuðninginn.

**Hvað?** Sacred Concert eftir Duke Ellington
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Víðistaðakirkja
Í dag munu Kammerkór Hafnarfjarðar og Stórsveit Hafnarfjarðar ásamt Rósu Guðrúnu Sveinsdóttur söngkonu flytja Sacred Concert eftir Duke Ellington. Tónleikarnir verða haldnir í Víðistaðakirkju. Stjórnandi á tónleikunum er Stefán Ómar Jakobsson.

### Viðburðir

**Hvað?** Greining Íslenska sjávarklasans í tilefni af degi þorsksins
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Hús sjávarklasans, Grandagarði
Í dag efnir Hús sjávarklasans til Dags þorsksins í fjórða sinn. Hús sjávarklasans verður þá opnað öllum áhugasömum og fjöldi íslenskra fyrirtækja mun kynna þær fjölmörgu afurðir sem framleiddar eru úr þorskinum hér á landi og þá tækni sem þróuð hefur verið til að hámarka nýtingu og gæði afurðanna.

**Hvað?** The Simpsons Pub quiz á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Pub quiz um einn langlífasta sjónvarpsþátt sögunnar: The Simpsons. Frítt inn og byrjað kl. 20. Fjórir í liði og sex flokkar í tveimur umferðum auk myndaumferðar. Allur fróðleikur um Simspsons kemur til greina en mestur fókus verður þó á gullaldarárin. Spurningar koma ýmist beint upp úr þáttunum eða spurt er í út almennan fróðleik sem þættirnir vísa í.

**Hvað?** Höfundakvöld / Forfatteraften med Erik Skyum-Nielsen
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Norræna húsið
Í Norræna húsinu 3. október kl. 19.30 ræðir Gísli Magnússon, dósent í dönsku við Háskóla Íslands, við rithöfundinn og þýðandann Erik Skyum-Nielsen. Umræður fara fram á dönsku. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Improv Ísland – RIFF sérsýning
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Þjóðleikhúskjallarinn
Í tilefni af Alþjóðlegri kvikmyndahátíð mun Improv Ísland setja saman sýningu sem vísar á bráðskemmtilegan hátt í kvikmyndahefðir og klisjur. Þessi sérstaka RIFF-sýning markar upphaf leikársins hjá Improv Ísland.

**Hvað?** RIFF málþing: Fjölbreytni í kvikmyndum og skapandi miðlum
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Norræna húsið
Undanfarin misseri hefur farið fram miki1l umræða um stöðu kvenna í kvikmyndagerð. En hvað nú? Ber kvikmyndagerðarfólk ábyrgð gagnvart neytendum sínum? En framleiðendur og þeir sem úthluta fjármagninu? Skiptir máli hvaðan fjármagnið kemur? Úr einkageiranum eða frá hinu opinbera? Þetta er hluti af því sem rætt verður á málþingi sem RIFF heldur með þátttöku innlendra og erlendra kvikmyndagerðarmanna og áhrifavalda. Málþingið er haldið í samstarfi við WIFT á Íslandi.

**Hvað?** Bleikur bolur fyrir bleikan október
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Akkúrat, Aðalstræti
Göngum saman fagnar samstarfi við Usee studio hönnuði sem hafa hannað fallegan bleikan bol fyrir bleikan október. Frumsýning á bolnum verður í Akkúrat hönnunarbúð í Aðalstræti 2 í dag, miðvikudaginn 3. október, kl. 17. Allur ágóði af bolasölu rennur til grunnrannsókna á brjóstakrabbameini. Göngum saman er eingöngu rekið af sjálfboðaliðum og þeir sem styrkja félagið geta verið vissir um að allt framlag verður nýtt til grunnrannsókna. Rannsóknastyrkir hafa verið um 10 milljónir á ári í þágu vísinda.

### Sýningar

**Hvað?** Tryggvi Ólafsson – grafíkverk á Mokka
**Hvenær?** 08.00
**Hvar?** Mokka-Kaffi, Skólavörðustíg
Tryggvi Ólafsson sýnir grafíkverk á Mokka til 3. október. Þetta er fimmta einkasýning Tryggva á Mokka á einum 40 árum. Verkin sem hann sýnir nú eru offset litógrafíur og öll unnin hér á landi á síðustu fjórum til fimm árum. Sýningin er sölusýning, þeir sem hafa áhuga á að eignast verk geta fengið upplýsingar hjá starfsfólki Mokka eða haft samband með tölvupósti: mokkaart@gmail.com.



**Í dag efnir Hús sjávarklasans til Dags þorsksins í fjórða sinn. Hús sjávarklasans verður þá opnað öllum áhugasömum og fjöldi íslenskra fyrirtækja mun kynna þær fjölmörgu afurðir sem framleiddar eru úr þorskinum hér á landi.**



Við rýmum fyrir vetrarvörum
Útsala
1. til 6. október
Allar vörur á 15-60% afslætti
YUASA
Neyslurafgeymar
25% afsláttur
CARPOINT
Þurrkublöð
60% afsláttur
KS TOOLS
Verkfæri
20-40% afsláttur
THULE SWEDEN
Barnavagnar
20-30% afsláttur
THULE SWEDEN
Ferðavagnavörur
20-30% afsláttur
Wonder Wheels
Bón- og hreinsivörur
30% afsláttur
Gates
Reimar í snjósleða
30% afsláttur
CAR-REP automotive products
Efnavörur
30% afsláttur
CTEK
THE SMARTEST BATTERY CHARGERS IN THE WORLD
Hleðslutæki
20-50% afsláttur
Stilling
Allt fyrir bílinn
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is




EINFALT MEÐ EVU
KL. 20:05
Skemmtilegir og girnilegir matreiðsluþættir úr smiðju Evu Laufeyjar þar sem hún leggur áherslu á einfaldan og hollan mat sem hentar nútíma fjölskyldum í dagsins önn.




**Miðvikudagur í opinni dagskrá**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**




GREY´S ANATOMY
KL. 20:30
**Tvöfaldur fyrsti þáttur** um lífið á Grey-Sloan Memorial spítalanum í Seattle-borg þar sem skurðlæknirinn Meredith Grey og samstarfsfélagar hennar þurfa daglega að taka ákvarðanir uppá líf og dauða.




THE GOOD DOCTOR
KL. 22:00
Önnur sería þessara dramatísku þátta um ungan einhverfan skurðlækni sem er ráðinn á barnadeild á mikilsvirtu sjúkrahúsi. Það mun hugsanlega draga dilk á eftir sér.

ORANGE IS THE NEW BLACK
KL. 22:45
Í opinni dagskrá
Skemmtilegir verðlaunaþættir um Piper Chapman og samfanga hennar í Litchfield-fangelsinu í New York.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr. **stod2.is**

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Lína Langsokkur
**07.45** Strákarnir
**08.15** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.40** The Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.20** Jamie's 15 Minute Meals
**11.50** Deception
**12.35** Nágrannar
**13.00** Masterchef The Professionals Australia
**13.45** The Heart Guy
**14.35** Leitin að upprunanum
**15.10** The Night Shift
**15.55** Léttir sprettir
**16.15** The Bold Type
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Víkingalottó
**19.30** Last Week Tonight with John Oliver Spjallþáttur með John Oliver sem fer yfir atburði vikunnar á sinn einstaka hátt en hann er þekktur fyrir hárbeittan og beinskeyttan húmor eins og glöggir áhorfendur muna úr þáttunum Daily Show en þar sló hann í gegn með regluleg innslög sem urðu til þess að hann fékk sinn eigin spjallþátt.
**20.05** Einfalt með Evu
**20.30** Grey's Anatomy Fimmtánda syrpa þessara vinsælu dramaþátta um lífið á Grey Sloan Memorial spítalanum í Seattleborg þar sem skurðlæknirinn Meredith Grey og samstarfsfélagar hennar þurfa daglega að taka ákvarðanir upp á líf og dauða. Flókið einkalíf læknanna á það svo til að gera starfið ennþá erfiðara.
**21.15** Grey's Anatomy
**22.00** The Good Doctor
**22.45** Orange is the New Black
**23.45** Lethal Weapon
**00.30** Animal Kingdom
**01.15** Ballers
**01.45** StartUp
**02.30** Enter The Warrior's Gate
**04.15** Pure Genius
**05.00** Pure Genius

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Hoffenheim - Manchester City
**08.40** Juventus - Young Boys
**10.20** Premier League Review 2018/2019
**11.15** Bayern - Ajax
**12.55** CSKA Moskva - Real Madrid
**14.35** Manchester United - Valencia
**16.15** Meistaradeildarmörkin
**16.45** PSG - Crvena zvezda
**18.50** Napoli - Liverpool
**21.00** Meistaradeildarmörkin
**21.30** Dortmund - Monaco
**23.20** PSV - Inter

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.10** Meistaradeildarmörkin
**07.40** Manchester United - Valencia
**09.20** Domino's körfuboltakvöld - Upphitun kvenna
**10.55** Messan
**12.00** Pepsi-mörkin - lokaþáttur
**13.45** KR - Tindastóll
**15.25** Haukar - Keflavík
**16.55** Domino's körfuboltakvöld - Upphitun kvenna
**18.30** Meistaradeildarmessan
**21.00** Napoli - Liverpool
**22.50** Tottenham - Barcelona

## STÖÐ 3

**19.10** Great News
**19.35** The Big Bang Theory
**20.00** Seinfeld
**20.45** Friends
**21.10** Two and a Half Men
**21.35** The Newsroom
**22.25** The Hundred
**23.10** The New Girl
**23.35** Boardwalk Empire
**01.00** The Big Bang Theory
**01.20** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.54** Mamma Mu
**08.00** Strumparnir
**08.25** Ævintýraferðin
**08.37** Gulla og grænjaxlarnir
**08.48** Hvellur keppnisbíll
**09.00** Stóri og Litli
**09.13** Tindur
**09.23** Mæja býfluga
**09.35** K3
**09.46** Grettir
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Mamma Mu
**12.00** Strumparnir
**12.25** Ævintýraferðin
**12.37** Gulla og grænjaxlarnir
**12.48** Hvellur keppnisbíll
**13.00** Stóri og Litli
**13.13** Tindur
**13.23** Mæja býfluga
**13.35** K3
**13.46** Grettir
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Mamma Mu
**16.00** Strumparnir
**16.25** Ævintýraferðin
**16.37** Gulla og grænjaxlarnir
**16.48** Hvellur keppnisbíll
**17.00** Stóri og Litli
**17.13** Tindur
**17.23** Mæja býfluga
**17.35** K3
**17.46** Grettir
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Leynilíf gæludýranna



Mörgæsirnar frá Madagaskar, 10.24, 14.24 og 18.24

## GOLFSTÖÐIN

**07.00** Ryder Cup 2018
**11.15** Golfing World 2018
**12.05** Ryder Cup 2018
**19.05** Golfing World 2018
**19.55** Champions Tour Highlights 2018
**20.50** Evian Championship
**23.05** Golfing World 2018

## STÖÐ 2 BÍÓ

**09.45** A Quiet Passion
**11.50** Mr. Turner
**14.15** Hanging Up
**15.50** A Quiet Passion
**17.55** Mr. Turner Vönduð mynd frá 2014 byggð á sönnum atburðum. Eftir dauða föður síns verður landslagsmálarinn J.M.W. Turner kaldlyndur í garð elskandi húsfreyju sinnar og stofnar til sambands við konu við sjávarsíðuna og býr með henni á laun. Samtíða ferðast Turner, málar, hittir fyrirmenni, heimsækir vændishús, gengur í Konunglegu listakademíuna, festir sig við skipsmastur til að mála og er bæði hylltur og hæddur af almúganum jafnt sem fyrirfólki.
**20.25** Hanging Up
**22.00** Keeping Up with the Joneses
**23.45** When the Bough Breaks
**02.55** Keeping Up with the Joneses

## RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2009-2010
**14.00** Úr Gullkistu RÚV: Halldór um...
**14.25** Úr Gullkistu RÚV: Gott kvöld
**15.25** Úr Gullkistu RÚV: Útúrdúr
**16.15** Úr Gullkistu RÚV: Á tali við Hemma Gunn
**17.00** Úr Gullkistu RÚV: Eldsmiðjan
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** Disneystundin
**17.56** Gló magnaða
**18.17** Sígildar teiknimyndir
**18.24** Sögur úr Andabæ
**18.45** Úti í umferðinni
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Vikinglotto
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**21.10** Menningin
**21.20** Kiljan
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Víetnamstríðið
**23.20** Vegir Drottins
**00.20** Kveikur
**00.55** Menningin
**01.05** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.30** The Late Late Show with James Corden
**10.15** Síminn + Spotify
**12.15** Everybody Loves Raymond
**12.35** King of Queens
**12.55** How I Met Your Mother
**13.20** Dr. Phil
**14.05** Ally McBeal
**14.50** Ný sýn
**15.25** Með Loga
**16.25** Everybody Loves Raymond
**16.45** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** The Late Late Show with James Corden
**19.45** Survivor
**21.00** New Amsterdam
**21.50** Elementary
**22.35** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**23.25** The Late Late Show with James Corden
**01.00** Billions
**02.00** The Handmaid's Tale
**03.00** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

HÚSASMIÐJAN Í GRAFARHOLTI, SÉR INNGANGUR Í OUTLET




# OUTLET

## ÚTSÖLUMARKAÐUR

## HÚSASMIÐJUNNAR OG BLÓMAVALS Í GRAFARHOLTI

## *BESTU KAUPIN FARA FYRST*

**Opnum í dag!**

Virkir dagar: 13-18
Laugardagar: 10-15

**100 kr** **300 kr** **500 kr** **700 kr** **1.000 kr**

**1.500 kr** **3.000 kr** **5.000 kr** **7.000 kr** **10.000 kr**

# Fasteignir fyrir týnda útrásarvíkinga

**Lýður Guðmundsson,** kenndur við Bakkavör, keypti rúmlega 250 milljóna króna hús Ingvars Vilhjálmssonar úr Kaupþingi um miðjan september. Fréttablaðið tók saman nokkur önnur glæsihús sem eru til sölu.



## Skólavörðustígur 16

**Verð: 310 milljónir**

16 herbergja gistiheimilið Thor Guesthouse er til sölu. Auðvelt fyrir mann eins og Hannes að breyta því í heimili. Einkalyfta, einstakt útsýni og um 400 fermetrar.



## Hverfisgata 94

**Verð: 145 milljónir**

Það má auðvitað skella sér bara á glænýtt. Penthouseíbúð á Hverfisgötu með 166 fermetra þakgarði til suðurs og 30 fermetra svölum til norðurs. Afhent í desember og því væri auðveldlega hægt að halda upp á jólin þar á bæ.

## Hannes Smárason

Hann vill miðbæjarvillu. Bjó áður á Fjölnisvegi og átti um tíma tvö hús, hlið við hlið. Auðvitað eru peningar engin fyrirstaða og því gæti hann alveg keypt hvaða hús sem er en hér eru nokkur sem eru til sölu.



## Hólmaþing 16

**Verð: 175 milljónir**

Einsök eign með óskertu útsýni út á Elliðavatn. Endalausir fermetrar, þrjár hæðir og íbúð sem er fyrir vandláta. Síðast þegar fréttist var Hreiðar vandlátur maður sem vildi aðeins það besta. Þetta er það hús.



## Hreiðar Már Sigurðsson

Hann þarf stórt hús enda með stóra fjölskyldu. Var svo sem ekki mikið í fréttum fyrir fasteignabrask sitt. Hér myndu þægindi og að allir kæmust fyrir við matarborðið ráða för. Enda Hreiðar skynsamur, úr Stykkishólmi.



## Kaldalind 8

**Verð: 149 milljónir**

Tignarlegt hús og öskrar hreinlega velgengni þegar það er skoðað. Þarna er allt sem hugsast getur. Góður staður, fallegt hús, teiknað af Kjartani Sveinssyni, og tvöfaldur innbyggður bílskúr. Hvað vilja menn meira?



## Robert Tchenguiz

Besti vinur aðal. Er ekki kominn tími til að hann kaupi sér einhverja góða villu hér á landi? Það er nóg til hjá Tchenguiz og verð því ekki vandamál. Trúlega myndi hann kaupa lóð á Arnarnesinu og slá öllum við í íburði og glæsileika.



## Gnitanes 2

**Verð: 155 milljónir**

Eins og hannað fyrir okkar mann. Uppgert 218 fermetra einbýlishús á einni hæð með bílskúr og 189 fm kjallara sem hefur samt mikla lofthæð. Stendur á sjávarlóð með miklu útsýni. Mjög gott skipulag. Harðviðarverönd í kringum húsið. Heitur pottur og útisturta.



## Halldór J. Kristjánsson

Gamli bankastjóri Landsbankans er orðinn tíu árum eldri en í hruninu og því þyrfti húsið að vera á einni hæð. Samt með útsýni sem þrengir leitarhringinn töluvert.



## Auðnukór 9

**Verð: 198 milljónir**

Ef Tchenguiz vill ekki byggja þá er þetta til sölu. Útsýni yfir alla borgina. Aukin lofthæð, stórar og bjartar stofur, fimm svefnherbergi, gólfsíðir gluggar. Eitt af þeim dýrari. Allt í háglans og trúlega svolítið kalt þarna inni yfir vetrarmánuðina. En þá er okkar maður hvort sem er að sóla sig í heitari löndum.



## Lárus Welding

Bankastjóri Glitnis er grár og glæsilegur. Trúlega myndi hann vilja nýtt frekar en gamalt en samt hús sem sýnir velgengnina þegar vinir koma í heimsókn.



Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

DILLON OG GULLBYLGJAN KYNNA

STÓRKOSTLEGIR TÓNLEIKAR MEÐ HINUM UPPRUNALEGA JERSEY BOY

# FRANKIE VALLI

## AND THE FOUR SEASONS



## UPPLIFÐU SUM AF FRÆGUSTU LÖGUM SÍÐUSTU ALDAR!

"Grease" • "Can't Take My Eyes Off You" • "December, 1963 (Oh, What a Night)" • "Sherry" • "Walk Like a Man" • "Big Girls Don't Cry" • "Rag Doll" • "My Eyes Adored You" • "Working My Way Back To You" • "Beggin" • "The Night" • "Swearin' To God" • "Who Loves You" • "Dawn (Go Away)"

# LAUGARDALSHÖLL 8. DESEMBER

## TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á MIÐI.IS

WWW.FRANKIEVALLIFOURSEASONS.COM














**Fyrsta lag af nýju plötunni kemur út um miðjan mánuð og metnaðarfullt myndband með.** MYND/INGA & LILJA BIRGISDÓTTIR

# Hugar skrifa undir hjá Sony í Bandaríkjunum

Þeir **Bergur Þórisson** og **Pétur Jónsson** skipa hljómsveitina Hugar. Þeir gáfu út samnefnda plötu fyrir fjórum árum – þeirra fyrsta, en næsta plata verður gefin út af Sony plöturisanum.

Hljómsveitin Hugar hefur skrifað undir saming við plöturisann Sony í Bandaríkjunum. Hljómsveitina skipa þeir Bergur Þórisson og Pétur Jónsson.

„Við erum búnir að vera að þvælast í þessu í nokkur ár núna. Við gáfum út plötu fyrir fjórum árum sem var ókeypis niðurhal á heimasíðunni okkar – það var þannig lagað gert í djóki. Hún sprakk svo í loft upp á Spotify og hinum og þessum miðlum. Alveg síðan þá höfum við verið að gera okkar aðra plötu. Fyrir kannski svona ári förum við að athuga með það hvort einhver áhugi væri á að gefa hana út – við sendum hana á alls konar fólk úti – það kom í ljós að það var bullandi áhugi. Við fengum alls konar flott tilboð og þetta var það sem við enduðum með,“ segir Bergur og bætir við að þeir séu í góðum fíling yfir þessu öllu.

„Fyrsta lagið kemur út um miðjan október, svo kemur platan í febrúar eða mars á næsta ári. Þessi samningur er upp á nokkrar plötur sem þykir nokkuð flott – en því miður er þessi bransi svolítið breyttur þannig að við erum ekki að fara að kaupa okkur einbýlishús í Garðabæ fyrir peningana. En þetta þýðir aðallega það að við erum með stuðning á bak við okkur til þess að fara að koma músíkinni víðar og til að ferðast um heiminn og spila hana fyrir alls konar fólk,“ segir Bergur spurður að því hvað þessi samningur þýði fyrir þá – „það er draumurinn,“ bætir Pétur við.

> **ÞVÍ MIÐUR ER ÞESSI BRANSI SVOLÍTIÐ BREYTTUR ÞANNIG AÐ VIÐ ERUM EKKI AÐ FARA AÐ KAUPA OKKUR EINBÝLISHÚS Í GARÐABÆ FYRIR PENINGANA. EN ÞETTA ÞÝÐIR AÐALLEGA ÞAÐ AÐ VIÐ ERUM MEÐ STUÐNING Á BAK VIÐ OKKUR TIL ÞESS AÐ FARA AÐ KOMA MÚSÍKINNI VÍÐAR.**

Um þessar mundir eru strákarnir að túra um Evrópu og blaðamaður nær í þá þar sem þeir eru á leiðinni að spila á tónleikum í London.

„Við erum búnir að spila í Þýskalandi og Lúxemborg. Svo erum við að fara út um alla Evrópu í haust og Bandaríkin á næsta ári – hitt og þetta – þetta er eiginlega „Hugar world tour“, og við sjáum ekki fyrir endann á því.“

Á þessu mikla ferðalagi þeirra drengja er Ísland á dagskránni – Iceland Airwaves hátíðin nánar til tekið. Þeir segjast vera með „extra special“ tónleika í vinnslu.

„Við erum orðnir mjög spenntir – við erum búnir að vera að gera mjög metnaðarfullt „live set“ sem hefur verið að virka mjög vel fyrir fólkið í Evrópu. Við erum kannski eins og fleiri sem hafa verið að gera músík í okkar geira: við gleymum Íslandi aðeins því að það er svo brjálað að gera annars staðar. En það er mjög spennandi að koma heim og sýna öllum þetta.“

### Draumaplatan

„Það má segja að þetta sé platan sem okkur langaði alltaf að gera. Við erum búnir að vera í fjögur ár að búa hana til niður í minnstu smáatriði. Það hvernig við skilgreinum tónlistina á henni er kannski aðeins flóknara,“ segir Bergur og Pétur bætir við að þarna komi straumar víðsvegar að.

„Sumir setja þetta í flokk með nútíma klassík, aðrir segja að þetta sé einhvers konar póst-rokk. Sumt mætti flokka sem djass eða popp.“

„Hvað er íslenska orðið yfir „cinematic“?“ spyr Pétur, en það er víst orð sem fær oft að fljúga þegar tónlist Huga er lýst. „Þessi tónlist virkar sum hver sem kvikmyndatónlist – við erum einmitt um þessar mundir að vinna í okkar fyrstu kvikmyndatónlist, við mynd í fullri lengd. Það verður hægt að tala um það bráðlega.“

Það er sem sagt nóg um að vera hjá Hugum – risastór samningur, plata á leiðinni, nýtt lag og því fylgir að sjálfsögðu myndband.

„Þetta er metnaðarfullt myndband – við erum að taka pakkann alla leið. Við erum að gera þetta myndband með Mána Sigfússyni og í samstarfi við Saga Film. Við erum í raun að taka lokaskrefin í því núna.“

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*



20
30
ELDKLÁRT
MATUR
FYRIR TVO
EINFALT AÐ ELDA
ALLT NIÐUR SKORIÐ
ÞÚ ELDAR Á 20-30 MÍN.
FLJÓTLEGT
ENGIN MATARSÓUN
FERSKT
HAGKAUP
BONUS

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR
Jónu Hrannar Bolladóttur



# Tilgangsleysi

Ein af frumþörfum mannsins er að hafa tilgang með lífi sínu. Einn þekktasti maður í Reykjavík á tuttugustu öld var séra Friðrik Friðriksson, stofnandi KFUM/K. Hann þótti allra manna skemmtilegastur og laus við helgislepju, mannþekkjari sem breytti eftir orðum meistarans: Þann, sem til mín kemur, mun ég alls ekki burt reka.

Ég rakst á ævisöguþætti frá árinu 1927 sem Friðrik skrifaði í blaðið Vísi. Þar lýsir hann á opinskáan hátt svo að mörgum hlýtur að hafa brugðið hvernig hann hafi sem ungur maður ekki viljað lifa lengur í ljósi vonbrigða sem hann hafi orðið fyrir. Þá hafi hann tekið upp á því að svalla til að drekkja sorgum sínum. „Ég fór niður á Hótel Ísland og pantaði toddý og drakk hvert glasið á fætur öðru. Mér þótti bragðið hræðilega slæmt, en ætlaði mér að verða fullur, og mér tókst það.“ Honum fannst lífið óbærilegt og þráði dauðann: „Ég fann ráð til að stytta lífið án þess að nokkurn renndi í grun að það væri af eigin völdum.“

Hann lagði af stað í upphafi árs, kvaddi vini og kunningja afar vel og spurður út í ferðalagið ansaði hann: Ég ætla lengra en til Vestmannaeyja og styttra en til Færeyja. En atvik kom upp á skipinu sem olli því að Friðrik hvarf frá áformum sínum er hann kynntist öðrum manni sem var í miklum raunum og Friðrik fann innra með sér þá náðargjöf að vera góður hlustandi og gleðina yfir því að verða öðrum að gagni.

Fullyrða má að Friðrik hafi fundið tilgang lífsins m.a. með fórnfúsri þjónustu við ungt fólk í Reykjavík sem átti eftir að verða mörgum til góðs, sumum til bjargar. Var sr. Friðrik hamingjusamur? Það veit ég ekki, en hann varð gæfumaður, enda gjöf inn í líf margra.









*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró. Tilboðið á aðeins við ef bókað er flug fram og til baka. WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS